Íslandsbanki

Ársreikningur samstæðu 2019

Efnisyfirlit

Helstu atriði 2
Skýrsla stjórnar ..... 3 - 6
Áritun óháðs endurskoðanda ..... 7 - 9
Rekstrarreikningur samstæðunnar 10
Yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar 11
Efnahagsreikningur samstæðunnar 12
Eiginfjáryfirlit samstæðunnar 13
Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar ..... 14 - 15
Skýringar með ársreikningi samstæðunnar ..... 16 - 84

Viðauki - óendurskoðaður
Stjórnarháttayfirlýsing Íslandsbanka hf. 2019 ..... 85 - 91

Helstu atriði

Um okkur

Íslandsbanki er leiðandi fjármálafyrirtæki á Íslandi með heildareignir að fjárhæð 1.199 milljarðar króna, eiginfjárhlutfall sem nam 22,4% og markaðshlutdeild á bilinu 25-40% á innanlandsmarkaði í árslok 2019.

Með hlutverkið „saman erum við hreyfiafl til góðra verka svo að þú náir árangri" og framtíðarsýnina að vera #1 í þjónustu að leiðarljósi vinna þrjú viðskiptasvið þétt saman til þess að tryggja góð sambönd við viðskiptavini bankans.

Til að koma enn betur til móts við síbreytilegar þarfir viðskiptavina hefur Íslandsbanki þróað margvíslegar stafrænar lausnir svo sem app Íslandsbanka og Kass. Á sama tíma rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið með 14 útibú staðsett á lykilstöðum um land allt.

Lánshæfismat Íslandsbanka er BBB+/A-2 frá S&P Global Ratings.

Bankinn okkar

14 útibú

749 Heildarfjöldi stöðugilda Íslandsbanka í lok árs

Nýtt sameinað app

Markaðshlutdeild*

32% einstaklingar

35% lítil og meðalstór fyrirtæki

34% stór fyrirtæki og fjárfestar

Lánshæfismat

S&P Global Ratings **BBB+/A-2** Negative outlook

Arðsemi af reglulegri starfsemi**
(m.v. 16% eiginfjárhlutfall þáttar 1 (CET1))



Hagnaður eftir skatta
(m.kr.)



Kostnaðarhlutfall



Heildareignir
(ma.kr.)



Útlán til viðskiptavina
(eftir atvinnugreinum 31.12.19)



Fjöldi starfsfólks í Íslandsbanka
(án árstíðabundinna starfsmanna)



Útlán til viðskiptavina
(ma.kr.)



Vogunarhlutfall



Eiginfjárhlutfall



Upplýsingarnar hér að ofan hafa ekki verið endurskoðaðar af endurskoðendum bankans.
*Byggt á Gallup könnun um aðalviðskiptabanka.
**Hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af CET1 16% eigin fé, leiðréttur fyrir áhættulausum vöxtum umfram eigið fé.

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur samstæðu Íslandsbanka hf. fyrir árið 2019 samanstendur af ársreikningi Íslandsbanka hf. („bankanum“ eða „Íslandsbanka“) og dótturfélaga hans, saman er vísað til þeirra sem „samstæðunnar“.

Starfsemin á árinu 2019

Samstæðan veitir alhliða fjármálaþjónustu fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanafjárfesta á Íslandi. Samstæðan er eitt af stærstu fyrirtækjum á Íslandi á sviði banka- og fjármálaþjónustu og er með sterka markaðshlutdeild innanlands. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera #1 í þjónustu.

Hagnaður af starfsemi samstæðunnar fyrir árið 2019 nam 8.454 milljónum króna, sem samsvarar 4,8% arðsemi eigin fjár. Stjórn bankans leggur til að 4,2 milljarðar króna verði greiddir í arð til hluthafa, sem er í samræmi við stefnu bankans um að greiða 40-50% af hagnaði ársins í arð. Stjórn bankans getur boðað til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára kann að vera lögð fram. Á árinu 2019 greiddi bankinn 5,3 milljarða króna í arð til hluthafa bankans, sem var 50% af hagnaði bankans árið 2018. Í árslok voru 984 starfsmenn hjá samstæðunni í fullu starfi, þar af 749 í bankanum sjálfum. Af starfsmönnum eru 60% konur og 40% karlar.

Hreinar vaxtatekjur jukust um 5,4% milli ára sem er svipaður vöxtur og er í lánabókinni. Hreinar þóknanatekjur hækkuðu um 9,3% þar sem vöxtur hjá bankanum var studdur af miklum vexti hjá þremur helstu dótturfyrirtækjum bankans. Aðrar hreinar rekstrartekjur námu 1,5 milljörðum króna sem skýrist af einskiptistekjum, annars vegar af samkomulagi um kröfu bankans sem tilkomin var vegna yfirtöku á Byr sparisjóði árið 2011 og hins vegar með bakfærslu á framlagi til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta vegna breytinga á lögum um innstæðutryggingar. Hrein fjármagnsgjöld koma til lækkunar á öðrum hreinum rekstrartekjum. Stjórnunarkostnaður hækkaði um 1,7% milli ára. Launakostnaður hækkaði um 5,0% vegna almennra kjarasamningshækkana og umtalsverðra starfslokagreiðslna, en mótvægi við því var fækkun stöðugilda hjá bankanum þar sem starfsfólki fækkaði um 10,2% milli ára. Hrein virðisbreyting fjáreigna var neikvæð um 3,7 milljarða króna og fór virðisrýrnunin úr tekjufærslu að upphæð 1,6 milljarðar króna árið 2018 í gjaldfærslu á árinu 2019, sem stafar af aukinni áhættu samkvæmt þjóðhagsspá og viðbótarniðurfærslu nokkurra stórra aðila.

Efnahagsreikningur samstæðunnar óx um 6,1% milli ára í kjölfar 6,3% aukningar á útlánum til viðskiptavina þar sem aukningin var mest hjá einstaklingssviði. Útlánavöxtur var mikill á fyrri hluta ársins en lækkaði á seinni hluta ársins og mest á fjórða ársfjórðungi. Hlutfall útlána í vanskilum hækkaði úr 1,7% í 3,0% á árinu vegna óhagstæðara efnahagsumhverfis þar sem hagvöxtur var lítill sem enginn vegna samdráttar í ferðaþjónustunni.

Innlán viðskiptavina jukust um 6,8% á árinu og má rekja aukninguna til innlána frá einstaklingum og fagfjárfestum. Bankinn gaf út fyrsta óveðtryggða skuldabréfið á innlendum markaði á árinu og var útgáfunni vel tekið af fjárfestum á Íslandi og mun verða gott viðmið varðandi verð og skilmála fyrir aðra banka og útgefendur. Bankanum gekk vel á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og voru útgáfur heilt yfir í takt við fjármögnunaráætlun bankans. Á öðrum ársfjórðungi gaf bankinn út víkjandi skuldabréf á norrænum markaði og nýtur því góðs trausts fjárfesta á þeim markaði. Í janúar ákvað bankinn að endurnýja ekki samning við Fitch Ratings um lánshæfismat og var ákvörðunin aðallega tekin út frá hagkvæmissjónarmiðum. Lánshæfismat bankans var staðfest af S&P (BBB+) en horfum fyrir alla íslensku bankana var breytt í neikvæðar. Skýrist það af minni arðsemi bankanna og samkeppni frá lífeyrissjóðum á húsnæðislánamarkaði.

Eigið fé samstæðunnar nam 180,1 milljarði króna og heildareignir námu 1.199,5 milljörðum króna í árslok. Heildareiginfjárhlutfall samstæðunnar var 22,4%. Í lok september fékk samstæðan niðurstöðu úr árlegu könnunar- og matsferli (e. SREP) Fjármálaeftirlitsins þar sem heildarkrafa um eiginfjárgrunn samstæðunnar var uppfærð. Heildarkrafa um eiginfjárgrunn er núna 18,8% og breyttist ekkert frá síðustu niðurstöðu. Hinsvegar breyttist samsetningin á heildarkröfunni þar sem 50 punkta hækkun á sveiflujöfnunaraukanum jafnast út á móti lækkun á eiginfjárkröfu undir annarri stoð (e. Pillar 2). Sveiflujöfnunaraukinn hækkar um 25 punkta í viðbót í febrúar 2020, frá 1,75% í 2,00%, og verður þá heildarkrafan um eiginfjárgrunn 19,0%. Uppfært markmið bankans gerir ráð fyrir 0,5-2,0% stjórnendaauka ofan á heildareiginfjárkröfuna og frá og með febrúar 2020 verður markmið bankans um heildareiginfjárhlutfall því 19,5-21,0%. Lausafjárstaða bankans er sterk og vel yfir lögbundnu lágmarki.

Alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið BCG Nordics aðstoðaði bankann á árinu 2019 við að setja fram nýja stefnu og var niðurstaða þeirrar vinnu kynnt starfsfólki bankans á stefnufundi í lok mars. Stefnuvinnan byggðist á viðamikilli rannsóknarvinnu þar sem lögð var áhersla á að fá innsýn í atvinnugreinina og hvaða viðmið væru í gangi ásamt því að skilgreina samkeppnisstöðuna og hvar bankinn vilji staðsetja sig í síbreytilegu umhverfi. Niðurstaða vinnunnar var birtingarmynd á tilgangi bankans, gildum hans og framtíðarsýn ásamt stefnuáherslum sem innleiddar verða á næstu fimm árum. Áform bankans um að vera hreyfiafl til góðra verka var skilgreint á vinnustofum þar sem allir starfsmenn bankans tóku þátt. Með þessu vill bankinn vera virkari í samfélaginu, sem er sífellt að þróast og mótast. Þetta markmið er stutt af gildum bankans sem leiðbeina starfsfólki í þeirra starfi: eldmóður, fagmennska og samvinna.

Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer #1 í þjónustu og að viðskiptavinurinn sé ætíð í fyrirrúmi. Þá verður sérstök áhersla sett á tæknimál til að greiða fyrir nýsköpun og þróun á einföldum og árangursríkum lausnum fyrir viðskiptavini. Samfélagsleg ábyrgð er bankanum mikilvæg og mun bankinn efla vinnu sína á því sviði með því að tvinna afstöðu til félagslegra og umhverfislegra áhrifa inn í stefnumótun og rekstur bankans. Samfélagsleg ábyrgð bankans mun hverfast um fjögur af 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna: #4 menntun fyrir alla, #5 jafnrétti kynjanna, #9 nýsköpun og uppbyggingu og #13 aðgerðir í loftslagsmálum. Í kjölfar vinnunnar með BCG Nordics mun bankinn einnig einbeita sér að bættu verðlagningarlíkani og auka hagkvæmni í rekstri, til dæmis með innleiðingu róbóta.

Skýrsla stjórnar

Framtíðarhorfur

Eftir mikinn og langvarandi vöxt þá mætti íslenskt efnahagslíf mótvindi árið 2019 þegar stórt flugfélag varð gjaldþrota og ferðamönnum sem komu til landsins fækkaði um 14% á milli ára. Ferðaþjónustan og atvinnulífið virðast þó ætla að standast þetta bakslag fremur vel og skiptir þar miklu máli að síðastliðinn áratug hafa bæði einkaaðilar og hið opinbera minnkað skuldsetningu. Er það stór þáttur í auknum efnahagslegum sveigjanleika gagnvart þeim óhagstæðu aðstæðum sem hafa verið á Íslandi undanfarið.

Aðalhagfræðingur bankans býst við að vöxtur vergrar landsframleiðslu taki aftur við sér árið 2020 í kjölfar svo til óbreyttrar vergrar landsframleiðslu árið 2019, verði 1,4% á þessu ári og hækki upp í 2,3% árið 2021. Horfur eru á að fjárfesting taki við sér að nýju á þessu ári, eftir ár af samdrætti, þegar væntingar í atvinnulífinu glæðast aftur og hið opinbera eykur framlög til innviðafjárfestingar. Þess er vænst að einkaneysla heimila haldi áfram að vaxa í ljósi góðrar fjárhagslegrar stöðu og áframhaldandi aukningar á kaupmætti, en þó hægar en hefur verið undanfarin ár. Verðbólga hefur lækkað niður í verðbólgumarkmið Seðlabankans eftir skammvinna hækkun og horfur eru á hóflegri verðbólgu á næstu ársfjórðungum sem mun auka svigrúm til sveiflujafnandi hagstjórnar. Gengi íslensku krónunnar hefur verið frekar stöðugt í kjölfar 10% lækkunar á seinni hluta ársins 2018 og mörg teikn eru á lofti um að núverandi gengi muni stuðla að áframhaldandi hagstæðum viðskiptajöfnuði, og framlengja enn frekar sögulega langt tímabil viðskiptaafgangs.

Bankinn hefur sett sér markmið um að ná 8-10% arðsemi á eigið fé. Til að ná því markmiði mun bankinn leitast við að auka tekjur í takt við hagvöxt á meðan kostnaði verður haldið niðri með kostnaðaraðhaldi og hagkvæmni í rekstri og kostnaðarhlutfallið lækki því niður fyrir markmið bankans sem er 55%. Eiginfjárhlutfall bankans er stöðugt og vel yfir lögbundnu lágmarki sem styður við stefnuna um 40-50% arðgreiðsluhlutfall.

Áhættustýring

Starfsemi Íslandsbanka felur í sér margs konar áhættu og stýring þeirrar áhættu er óaðskiljanlegur hluti af starfsemi bankans og hefur bankinn markvisst byggt upp ábyrga innri áhættumenningu meðal starfsfólks. Stjórn bankans ber endanlega ábyrgð á því að umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits í bankanum sé fullnægjandi. Sú umgjörð er skilgreind og henni miðlað í stefnuskjölum um áhættustýringu og innra eftirlit sem eru samþykkt af stjórn og felur stjórn bankastjóra að tryggja innleiðingu og eftirfylgni stefnunnar.

Stjórn bankans lýsir hér með yfir að áhættustýring Íslandsbanka sé fullnægjandi er viðkemur starfsemi bankans og stefnu.

Fjallað er um umgjörð áhættustýringar innan bankans í skýringum 45-63 og í óendurskoðaðri áhættuskýrslu bankans.

Eignarhald

Bankinn er að fullu í eigu íslenska ríkisins og voru engar breytingar á eignarhaldinu á árinu 2019. Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkisins í samræmi við lög um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009.

Íslenska ríkið gaf út í júlí 2017 eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki sem nær til þeirra fjármálafyrirtækja sem Bankasýsla ríkisins hefur umsjón með. Í samræmi við grein 2.3 í eigendastefnunni þá skrifaði bankinn undir samkomulag við Bankasýslu ríkisins um sérstök og almenn markmið um rekstur bankans í desember 2018.

Stjórnarhættir Íslandsbanka

Eitt af meginmarkmiðum stjórnar Íslandsbanka er stöðug þróun og styrking stjórnarhátta bankans og hefur stjórnin einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum á fjármálamarkaði á hverjum tíma.

Íslandsbanka var fyrst veitt viðurkenning á árinu 2014 sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum“ af Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands en hún var veitt í kjölfar ítarlegrar skoðunar á starfsháttum stjórnar, undirnefnda og framkvæmdastjórnar. Viðurkenning bankans hefur verið endurnýjuð árlega frá því að hún var fyrst veitt.

Í stjórn bankans sitja sjö einstaklingar og tveir til vara. Stjórn bankans fer með málefni bankans og er ábyrg fyrir stefnumörkun hans en felur bankastjóra nánari útfærslu og framkvæmd stefnunnar. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé ávallt í samræmi við lög, reglur og góða viðskiptahætti. Stjórn bankans fylgist jafnframt með framkvæmd á stefnu bankans, hefur eftirlit með bókhaldi og fjárreiðum og tryggir stöðuga virkni innri endurskoðunar, regluvörslu, áhættustýringar og innra eftirlits.

Umsækjendur um kjör til setu í stjórn bankans eru tilnefndir af sérstakri valnefnd skv. 7. gr. laga um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009. Á aðalfundi bankans í mars var kosið í stjórn bankans. Samþykktir bankans kveða á um að hlutfall hvors kyns í stjórn skuli ekki vera lægra en 40% og samanstendur núverandi stjórn af þremur konum og fjórum körlum. Stjórn hefur samþykkt stefnu um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna sem kveður m.a. á um að samsetning stjórnar skuli á hverjum tíma vera fjölbreytt m.t.t. menntunar, starfsreynslu, kyns og aldurs stjórnarmanna.

Undirnefndir stjórnar eru þrjár, allar skipaðar stjórnarmönnum, og starfa þær samkvæmt erindisbréfi frá stjórn og starfsreglum stjórnar.

Skýrsla stjórnar

Erindisbréf undirnefnda stjórnar má finna á vefsíðu bankans.

Bankastjóri er ábyrgur fyrir daglegum rekstri bankans og tryggir að starfsemi bankans sé á hverjum tíma í samræmi við samþykktir hans, reglur stjórnar og viðeigandi lög. Bankastjóri skipar regluvörð, framkvæmdastjórn bankans og aðrar ráðgefandi nefndir bankastjóra.

Í framkvæmdastjórn bankans eru sjö einstaklingar, þar á meðal bankastjóri, og samanstendur hún af þremur konum og fjórum körlum. Hlutverk framkvæmdastjórnar er að hafa yfirsýn og samhæfa lykilþætti í starfsemi bankans. Bankastjóri sér til þess að stjórn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál, þróun og rekstur bankans.

Fjármálasvið bankans gerir reikningsskil fyrir samstæðuna í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Áður en árs- og árshlutareikningar samstæðunnar eru lagðir fyrir stjórn til samþykktar gefur endurskoðunarnefnd stjórnar álit sitt á þeim. Stjórnendauppgjör eru lögð fyrir stjórn að jafnaði 10 sinnum á ári. Ytri endurskoðendur kanna hálfsársuppgjör og endurskoða ársuppgjör samstæðunnar.

Íslandsbanki starfar samkvæmt gildandi löggjöf um aðila sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, Seðlabanka Íslands og Nasdaq Iceland. Meðal þeirra laga sem um starfsemi bankans gilda eru lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007, lög um hlutafélög nr. 2/1995 og samkeppnislög nr. 44/2005, sem má finna á vefsíðu Alþingis (www.althingi.is).

Stjórn bankans fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (5. útg.) sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins (hér eftir leiðbeiningarnar), sem eru aðgengilegar á www.corporategovernance.is. Stjórnarhættir bankans samræmast ákvæðum leiðbeininganna að grein 1.5 undanskilinni.

Í grein 1.5 í leiðbeiningunum er gert ráð fyrir að hluthafafundur skuli skipa tilnefningarnefnd eða ákveða hvernig hún skuli skipuð. Hluthafar bankans, sem og stjórn hans, telja ekki ástæðu til að skipa slíka nefnd á þessum tíma vegna þess hvernig eignarhaldi bankans er hagað. Fulltrúar til stjórnarsetu eru tilnefndir af eiganda bankans, íslenska ríkinu, og skipar Bankasýsla ríkisins sérstaka valnefnd til verksins í samræmi við 7. gr. laga um Bankasýslu ríkisins.

Nánari lýsing á stjórnarháttum Íslandsbanka er í stjórnarháttayfirlýsingu bankans sem má finna í óendurskoðuðum viðauka við ársreikninginn og á heimasíðu bankans, www.islandsbanki.is.

Sjálfbærni

Sjálfbærnistefna Íslandsbanka var samþykkt af stjórn bankans í lok árs 2019. Stefnan miðar að því að rekstur bankans verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi útfrá alþjóðlegum viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS). Þessi viðmið eruð notuð af fjárfestum til að meta fjárfestingar út frá aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga og nefnast ESG á ensku.

Íslandsbanki stefnir á að vera leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar og hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu. Þannig ætlar bankinn að eiga frumkvæði að víðtæku samstarfi um ábyrga viðskiptahætti sem stuðla að sjálfbærri þróun íslensks efnahagslífs og styðja við aðgerðaráætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum og um leið heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Samhliða framtíðarsýn bankans um að vera í fararbroddi í þjónustu gagnvart viðskiptavinum sínum mun bankinn leggja áherslu á samþættingu sjálfbærnisjónarmiða í starfsemi sinni til viðbótar við arðsemismarkmið hans. Bankinn mun horfa til UFS-viðmiða við áhættustýringu og skoða möguleika á nýtingu grænna fjármögnunarkosta. Bankinn vill auka þekkingu og áhuga almennings á fjármálum og býður í því skyni upp á áhugaverða fræðslu um fjármál og efnahagsmál.

Sjálfbærnistefna Íslandsbanka myndar ramma um starfsemi og stefnu bankans varðandi umhverfismál, virðingu fyrir mannréttindum, ábyrgar lánveitingar, fjárfestingar, innkaup og styrki auk þess að falla að og styðja við aðrar stefnur bankans. Íslandsbanki setur sér mælanleg markmið með tilliti til UFS-þátta í rekstri sínum og birtir árangur sinn hvað þau varðar í þar til gerðri skýrslu samhliða árlegu uppgjöri bankans.

Sem aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact) hefur Íslandsbanki skuldbundið sig til að stefna og starfshættir bankans séu í samræmi við 10 grundvallarþætti Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu. Til þess að stuðla að trúverðugleika í viðskiptum bankans og koma í veg fyrir að draga megi hlutleysi starfsmanna í efa við meðferð og afgreiðslu einstakra mála, hefur bankinn auk þess sett sér siðareglur og stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

Nánari upplýsingar um stefnu bankans um samfélagslega ábyrgð má finna í óendurskoðaðri árs- og sjálfbærniskýrslu bankans.

Skýrsla stjórnar

Yfirlýsing stjórnar og bankastjóra

Endurskoðaður ársreikningur samstæðu Íslandsbanka hf. fyrir árið 2019 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu; lög um ársreikninga nr. 3/2006; lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002; og reglur um reikningsskil lánastofnana, þar sem við á, að svo miklu leyti sem þær ganga ekki í berhögg við kröfur alþjóðlegra reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Það er álit okkar að ársreikningur samstæðunnar gefi glögga mynd af rekstrarafkomu og sjóðstreymi á árinu 2019 og fjárhagsstöðu samstæðunnar þann 31. desember 2019. Það er einnig álit okkar að ársreikningur samstæðunnar gefi glögga mynd af þróun í rekstri samstæðunnar og fjárhagsstöðu hennar í lok tímabilsins, ásamt því að lýsa helstu áhættu- og óvissuþáttum sem samstæðan stendur frammi fyrir.

Stjórn og bankastjóri hafa í dag fjallað um ársreikning samstæðu Íslandsbanka fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 12. febrúar 2020

Stjórn:

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður
Tómas Már Sigurðsson, varaformaður
Anna Þórðardóttir
Auður Finnbogadóttir
Árni Stefánsson
Hallgrímur Snorrason
Heiðrún Jónsdóttir

Bankastjóri:

Birna Einarsdóttir

Building a better working world

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Íslandsbanka hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Íslandsbanka hf. og dótturfélaga bankans (samstæðan) fyrir árið 2019. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning samstæðunnar, yfirlit yfir heildarafkomu samstæðunnar, efnahagsreikning samstæðunnar þann 31. desember 2019, yfirlit um sjóðstreymi samstæðunnar, eiginfjáryfirlit samstæðunnar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir samstæðunnar og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2019, efnahag hennar 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé samstæðunnar á árinu 2019, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga, lögum um fjármálafyrirtæki og reglum um reikningsskil lánastofnanna þar sem við á.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um „ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins“. Við erum óháð Íslandsbanka hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi bankans fyrir árið 2019. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á samstæðuársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi áliti á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Við höfum uppfyllt skyldur okkar eins og þær eru tilgreindar i kaflanum „ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins" hér að neðan, sem og í tengslum við lykilatriði í endurskoðun. Endurskoðunin fól í sér hönnun og framkvæmd á endurskoðunaraðgerðum til að bregðast við mati okkar á verulegri áhættu í samstæðuársreikningum. Niðurstaða endurskoðunaraðgerða okkar, þar á meðal þær aðgerðir sem útlistaðar eru hér að neðan, mynda grunn okkar að áritun á ársreikning samstæðunnar.

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Viðbrögð endurskoðanda
Virðisrýrnun útlána	
Eins og fram kemur í skýringum nr. 2 og 66.3 er virðisrýrnun útlána ákvörðuð í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal nr. 9, Fjármálagerningar (IFRS 9). Virðisrýrnun útlána er háð mati og túlkun stjórnenda. Útlán til viðskiptavina voru alls 899.632 milljónir kr. eða 75% af heildareignum þann 31. desember 2019. Á móti þeim er færð virðisrýrnun að fjárhæð 10.298 milljónir kr. Lykilatriði sem kröfðust mats eru: ▸ Túlkun á ákvæðum staðalsins er varða mat á virðisrýrnun. Túlkanir bankans koma fram í virðisrýrnunarlíkaninu; ▸ Að bera kennsl á lán þar sem veruleg aukning hefur orðið á útlánaáhættu; ▸ Forsendur sem notaðar eru í líkaninu, svo sem fjárhagsstaða viðskiptavinar, áætlað framtíðarsjóðsflæði og spár um efnahagsforsendur eins og skýrt er frá í skýringum nr. 2 og 66.3. Ákvörðun um mat á fjárhæð virðisrýrnunar útlána byggir á forsendum sem margar hverjar eru háðar mati stjórnenda. Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og einnig vegna þess hve útlán eru stór hluti efnahagsreiknings bankans teljum við mat á virðisrýrnun útlána vera lykilatriði við endurskoðun okkar.	Lögð var áhersla á m.a. eftirfarandi aðgerðir til að bregðast við þess lykilatriði: ▸ Mat á líkani bankans til að meta vænt útlánatap, með sérstaka áherslu á eftirfarandi: ▸ Samræmi á milli líkansins til að meta vænt útlánatap og undirliggjandi aðferðarfræði við þær kröfur sem gerðar eru í IFRS 9. ▸ Aðferðafræði við spá um efnahagsforsendur. ▸ Prófanir á viðeigandi eftirlitsaðgerðum, m.a. er varða: ▸ Gögn sem notuð eru við að ákvarða vænt útlánatap, þar á meðal gögn við lánveitingu og viðvarandi mat á áhættuflokkun. ▸ Virðisrýrnunarlíkan til að meta vænt útlánatap, þar á meðal hönnun, samþykki, eftirlit / kvörðun og nákvæmni útreikninga. ▸ Skráningu og mat á tryggingum sem notaðar eru við útreikning á væntu útlánatapi. ▸ Skoðun á úrtaki útlána og aðgerðir til að meta m.a.: ▸ Tímanlega auðkenningu útlána þar sem veruleg aukning hefur orðið á útlánaáhættu. ▸ Útreikninga á væntu útlánatapi með endurútreikningi og mati á forsendum. Til viðbótar voru viðeigandi skýringar í ársreikningnum rýndar.

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Viðbrögð endurskoðanda
Áreiðanleiki gagna frá upplýsingakerfum	
Bankinn er mjög háður upplýsingakerfum vegna þess fjölda færslna sem eiga sér stað daglega og einnig vegna þess hve flókin hin ýmsu kerfi eru. Við gerð ársreikningsins eru nýttar upplýsingar frá mörgum upplýsingakerfum og ferlið því háð nákvæmni og heild gagna sem koma frá umræddum kerfum. Vegna ofangreinds er það mat okkar að áreiðanleiki gagna frá upplýsingakerfum sé lykilatriði í endurskoðuninni.	Til að bregðast við þessu lykilatriði framkvæmdum við m.a. eftirfarandi: Við völdum þau kerfi sem eru mikilvægust varðandi gerð ársreikningsins og framkvæmdum m.a. eftirfarandi aðgerðir vegna þeirra: ▸ Skoðun á hvort aðgangur starfsmanna að þeim væri viðeigandi. ▸ Endurreikning vaxtatekna og vaxtagjalda í kerfum fyrir valdar dagsetningar. ▸ Samanburð á upplýsingum úr kerfum við utanaðkomandi gögn, svo sem gengi gjaldmiðla og vísitölu neysluverðs. ▸ Samanburð á samræmi upplýsinga frá mismunandi kerfum innan bankans. ▸ Endurreikning skýrslna úr upplýsingakerfum. ▸ Prófun á virkni eftirlitsaðgerða í upplýsingakerfum Stuðst var við ISAE 3402 skýrslu frá veitanda þjónustunnar vegna grunnkerfis fyrir innlán og greiðslumiðlun sem er útvistað.

Aðrar upplýsingar

Í þessu skjali eru aðrar upplýsingar en samstæðuársreikningurinn og áritun okkar á hann. Aðrar upplýsingar eru: Óendurskoðuð helstu atriði, skýrsla stjórnar, óendurskoðað ársfjórðungsyfirlit í skýringu 9 og óendurskoðuð stjórnarháttaryfirlýsing Íslandsbanka í viðauka. Stjórn og stjórnendur eru ábyrg fyrir þessum öðrum upplýsingum.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til þessara annarra upplýsinga og við látum ekki í ljós álit af nokkru tagi á þeim ef frá er talin staðfestingu er varðar skýrslu stjórnar sem kemur fram hér að neðan

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa yfir þessar upplýsingar og íhuga hvort þær stangast verulega á við samstæðuársreikninginn eða aðra vitneskju sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast á einhvern annan hátt vera verulega rangfærðar. Ef við, á grundvelli þeirrar vinnu sem við höfum framkvæmt í tengslum við þessar upplýsingar, komumst að þeirri niðurstöðu að það séu verulegar rangfærslur í þessum öðrum upplýsingum, ber okkur að upplýsa um það. Við höfum ekkert að upplýsa í þessu sambandi.

Ábyrgð stjórnar og bankastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og bankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga, lögum um fjármálafyrirtæki og reglum um reikningsskil lánastofnanna þar sem við á. Stjórn og bankastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og bankastjóra að meta rekstrarhæfi Íslandsbanka hf. og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp bankann eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Við greinum og metum hætturnar á verulegum skekkjum í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

- Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samstæðunnar.

- Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging samstæðuársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

- Við öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi samstæðunnar. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um öll tengsl eða önnur atriði sem raunhæft er að ætla að gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og eftir því sem við á, til hvaða varúðarráðstafana við höfum gripið til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í einstaka tilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf eru taldar vega þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 12. febrúar 2020

Margrét Pétursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Rekstrarreikningur samstæðunnar

	Skýringar	2019	2018
Vaxtatekjur*		62.846	61.675
Vaxtagjöld		(29.170)	(29.738)
Hreinar vaxtatekjur	10	33.676	31.937
Þóknanatekjur		21.026	19.853
Þóknanagjöld		(7.667)	(7.626)
Hreinar þóknanatekjur	11	13.359	12.227
Hrein fjármagnsgjöld	12	(817)	(962)
Hreinn gengismunur	13	143	1
Aðrar rekstrartekjur	14	2.134	1.784
Aðrar hreinar rekstrartekjur		1.460	823
Rekstrartekjur samtals		48.495	44.987
Laun og launatengd gjöld	15	(16.279)	(15.500)
Annar rekstrarkostnaður	16	(11.828)	(12.150)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta		(936)	(1.173)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	66.22	(3.528)	(3.281)
Rekstrargjöld samtals		(32.571)	(32.104)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu fjáreigna		15.924	12.883
Hrein virðisbreyting fjáreigna	18	(3.663)	1.584
Hagnaður fyrir skatta		12.261	14.467
Tekjuskattur	19	(3.682)	(4.734)
Hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi		8.579	9.733
Aflögð starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	20	(125)	912
Hagnaður ársins		8.454	10.645

*Þar af námu vaxtatekjur reiknaðar með aðferð virkra vaxta 60.123 milljónum króna (2018: 59.741 milljón króna).

Hagnaður ársins tilheyrir:			
Hluthöfum Íslandsbanka hf.		8.809	11.036
Hluthöfum minnihluta		(355)	(391)
Hagnaður ársins		8.454	10.645
Hagnaður á hlut af áframhaldandi starfsemi			
Hagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut sem tilheyrir hluthöfum Íslandsbanka hf.	21	0,89	1,01

Skýringar á blaðsíðum 16 til 84 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Yfirlit um heildarafkomu samstæðunnar

	2019	2018
Hagnaður ársins	8.454	10.645
Liðir sem verða ekki endurflokkaðir í rekstrarreikning		
Hrein gangvirðisbreyting fjáreigna, eftir skatta	1.272	610
Hrein gangvirðisbreyting fjárskulda, eftir skatta	(677)	1.120
Önnur heildarafkoma ársins, eftir skatta	595	1.730
Heildarafkoma ársins	9.049	12.375
Heildarafkoma ársins tilheyrir:		
Hluthafar Íslandsbanka hf.	8.939	12.542
Hluthafar minnihluta	110	(167)
Heildarafkoma ársins	9.049	12.375

Skýringar á blaðsíðum 16 til 84 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Efnahagsreikningur samstæðunnar

	Skýringar	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	22	146.638	135.056
Útlán til lánastofnana	23	54.376	41.577
Skuldabréf og skuldagerningar	5	52.870	69.415
Afleiðusamningar	24	5.621	4.550
Útlán til viðskiptavina	25	899.632	846.599
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	5	18.426	13.074
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	27	746	682
Rekstrarfjármunir	29	9.168	5.271
Óefnislegar eignir	30	4.330	5.002
Aðrar eignir	31	7.683	9.177
Eignir samtals		1.199.490	1.130.403
Skuldir			
Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum	32	30.925	15.619
Innlán viðskiptavina	33	618.313	578.959
Afleiðusamningar og skortstöður	24	6.219	5.521
Lántaka	35	306.381	300.976
Víkjandi lán	36	22.674	16.216
Skattskuldir	38	7.853	7.150
Aðrar skuldir	39	27.063	29.649
Skuldir samtals		1.019.428	954.090
Eigið fé			
Hlutafé		10.000	10.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár		55.000	55.000
Varasjóðir		7.065	6.499
Óráðstafað eigið fé		105.569	102.496
Eigið fé hluthafa Íslandsbanka hf.		177.634	173.995
Hlutdeild minnihluta		2.428	2.318
Eigið fé samtals		180.062	176.313
Skuldir og eigið fé samtals		1.199.490	1.130.403

Skýringar á blaðsíðum 16 til 84 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Eiginfjáryfirlit samstæðunnar

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur hlutafjár	Lögbundinn vara-sjóður	Bundnir vara-sjóðir	Gangvirðis-vara-sjóður	Varasjóður útlána-áhættu fjárskulda	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa Íslandsbanka	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Eigið fé 1. janúar 2019	10.000	55.000	2.500	3.750	625	(376)	102.496	173.995	2.318	176.313
Hagnaður (tap) ársins							8.809	8.809	(355)	8.454
Greiddur arður							(5.300)	(5.300)		(5.300)
Hrein gangvirðisbreyting af fjáreignum					807			807	465	1.272
Hrein gangvirðisbreyting af fjárskuldum						(16)	(661)	(677)		(677)
Bundið vegna eignfærðs þróunarkostnaðar				(551)			551	-		-
Bundið vegna gangvirðisbreytinga				308			(308)	-		-
Bundið vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga				18			(18)	-		-
Eigið fé 31. desember 2019	10.000	55.000	2.500	3.525	1.432	(392)	105.569	177.634	2.428	180.062
Eigið fé 1. janúar 2018	10.000	55.000	2.500	3.440	239	(1.486)	104.760	174.453	2.485	176.938
Hagnaður (tap) ársins							11.036	11.036	(391)	10.645
Greiddur arður							(13.000)	(13.000)		(13.000)
Hrein gangvirðisbreyting af fjáreignum					386			386	224	610
Hrein gangvirðisbreyting af fjárskuldum						1.110	10	1.120		1.120
Bundið vegna eignfærðs þróunarkostnaðar				458			(458)	-		-
Bundið vegna gangvirðisbreytinga				123			(123)	-		-
Bundið vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga				(271)			271	-		-
Eigið fé 31. desember 2018	10.000	55.000	2.500	3.750	625	(376)	102.496	173.995	2.318	176.313

Bankanum er heimilt að gefa út að hámarki 10.000 milljón almennra hluta þar sem hver hlutur er jafnvirði einnar krónu. Þann 31.12.2019 nam innborgað hlutafé 65.000 milljónum króna sem er útgefið heildarhlutafé bankans. Bankinn er með einn flokk almenns hlutafjár sem ber engin réttindi til fastra tekna. Aðalfundur Íslandsbanka vegna rekstrarársins 2018 var haldinn 21. mars 2019. Á aðalfundinum samþykktu hluthafar tillögu stjórnar bankans um að greiða hluthöfum arð að fjárhæð 5.300 milljónir króna sem jafngildir 0,53 krónu á hlut (2018: 1,30 króna á hlut). Arðgreiðslan var greidd 27. mars 2019.

Skýringar á blaðsíðum 16 til 84 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar

	Skýringar	2019	2018
Hagnaður ársins		8.454	10.645
Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé*		24.324	16.061
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum*		(7.998)	(120.407)
Móttekinn arður		46	55
Greiddur tekjuskattur og sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki		(6.493)	(7.873)
Handbært fé frá (til) rekstrar		18.333	(101.519)
Hreinar fjárfestingar í dóttur- og hlutdeildarfélögum		-	4.764
Seldir rekstrarfjármunir		21	15
Keyptir rekstrarfjármunir		(327)	(611)
Eignfærðar óefnislegar eignir		(246)	(877)
Fjárfestingarhreyfingar		(552)	3.291
Útgefin skuldabréf		112.105	115.661
Afborganir og uppgreiðslur skuldabréfa		(114.708)	(48.475)
Afborganir leiguskulda		(378)	-
Greiddur arður		(5.300)	(13.000)
Fjármögnunarhreyfingar		(8.281)	54.186
Hækkun (lækkun) á handbæru fé og ígildi þess		9.500	(44.042)
Áhrif gengisbreytinga		(222)	(193)
Handbært fé og ígildi þess í ársbyrjun		143.203	187.438
Handbært fé og ígildi þess í árslok		152.481	143.203
Sundurliðun handbærs fjár og ígildis þess			
Handbært fé	22	4.403	3.095
Innstæður hjá Seðlabanka Íslands	22	142.235	131.961
Bankareikningar	23	21.122	25.259
Bindiskylda og innstæður háðar sérstökum takmörkunum hjá Seðlabanka Íslands	22	(15.279)	(17.112)
Handbært fé og ígildi handbærs fjár í árslok		152.481	143.203

*Frekari sundurliðun má sjá á næstu síðu.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar er gert samkvæmt óbeinni aðferð. Yfirlitið byggir á hreinum hagnaði eftir skatta fyrir árið og sýnir sjóðstreymi frá rekstrarhreyfingum, fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum og breytingar á handbæru fé og ígildi þess.

Innborgaðar vaxtatekjur árið 2019 námu 60.624 milljónum króna (2018: 58.354 milljónum króna) og greiddir vextir námu 22.736 milljónum króna (2018: 24.386 milljónum króna). Vextir teljast greiddir þegar þeir hafa verið lagðir inn á reikning viðskiptavinar og eru til ráðstöfunar.

Skýringar á blaðsíðum 16 til 84 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar

	2019	2018
Afskriftir og niðurfærslur	1.960	1.312
Hagnaður vegna hlutdeildarfélaga	(64)	(29)
Áfallnir vextir og gangvirðisbreytingar vegna lántöku og víkjandi láns	11.450	10.436
Hrein virðisbreyting fjáreigna	3.568	(1.634)
Gengismunur	(143)	(1)
Sölutap (söluhagnaður) dótturfélaga og rekstrarfjármuna	17	(1.557)
Óinnleyst tap vegna gangvirðisbreytinga fært í rekstrarreikning	192	406
Aflögð starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	125	(912)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	3.528	3.281
Tekjuskattur	3.682	4.734
Aðrar breytingar	9	25
Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé	24.324	16.061

Bindiskylda og innstæður háðar sérstökum takmörkunum hjá Seðlabanka Íslands	1.833	454
Útlán til lánastofnana	(15.268)	767
Skuldabréf og skuldagerningar	17.254	(38.740)
Útlán til viðskiptavina	(52.638)	(82.808)
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	(3.953)	(2.411)
Aðrar eignir	1.653	3.455
Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum	15.232	4.116
Innlán viðskiptavina	37.678	4.307
Afleiðusamningar og skortstöður	(2.944)	(2.761)
Aðrar skuldir	(6.845)	(6.786)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(7.998)	(120.407)

Hreyfingar sem ekki höfðu áhrif á sjóðstreymi árið 2019
Bankinn keypti eigin skuldabréf að fjárhæð 4.319 milljónir króna með útgáfu nýrra skuldabréfa á árinu.

Samstæðan skráði nýtingarrétt eigna að fjárhæð 4.505 milljónir króna og sömu fjárhæð sem leiguskuld við gildistöku IFRS 16 - Leigusamningar, sjá skýringu 3.

Hreyfingar sem ekki höfðu áhrif á sjóðstreymi árið 2018
Bankinn keypti eigin skuldabréf að fjárhæð 184 milljónir króna með útgáfu skuldabréfa á árinu.

Skýringar á blaðsíðum 16 til 84 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Skýringar		Blaðsíða
Almennt		
1	Upplýsingar um félagið	17
2	Grundvöllur reikningsskila	17
3	Breytingar á reikningsskilaaðferðum	18
4	Starfsþættir	19
Skýringar með rekstrarreikningi samstæðunnar		
9	Ársfjórðungsyfirlit (óendurskoðað)	28
10	Hreinar vaxtatekjur	29
11	Hreinar þóknanatekjur	29
12	Hrein fjármagnsgjöld	29
13	Hreinn gengismunur	30
14	Aðrar rekstrartekjur	30
15	Starfsmenn og laun	31
16	Annar rekstrarkostnaður	32
17	Þóknun til endurskoðenda	32
18	Hrein virðisbreyting fjáreigna	32
19	Tekjuskattur	32
20	Aflögð starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	33
21	Hagnaður á hlut	33
Skýringar með efnahagsreikningi samstæðunnar		
5	Flokkun fjáreigna og fjárskulda	23
6-7	Upplýsingar um gangvirði fjármálagerninga	24
8	Jöfnun fjáreigna og fjárskulda	27
22	Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	33
23	Útlán til lánastofnana	34
24	Afleiðusamningar og skortstöður	34
25	Útlán til viðskiptavina	35
26	Vænt útlánatap	36
27	Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	37
28	Fjárfestingar í dótturfélögum	37

Skýringar		Blaðsíða
29	Rekstrarfjármunir	38
30	Óefnislegar eignir	39
31	Aðrar eignir	39
32	Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	40
33	Innlán viðskiptavina	40
34	Veðsettar eignir	40
35	Lántaka	41
36	Víkjandi lán	42
37	Breytingar á skuldum vegna fjármögnunar	42
38	Skatteignir og skattskuldir	43
39	Aðrar skuldir	44
Aðrar skýringar		
40	Eignir í vörslu	45
41	Leigusamningar	45
42	Upplýsingar um tengda aðila	46
43	Óvissuþættir	47
44	Atburðir eftir reikningsskiladag	47
Áhættustýring		
45	Áhættustýring	47
46-52	Útlánaáhætta	48
53-55	Lausafjáráhætta	57
56-61	Markaðsáhætta	62
62	Eiginfjárstýring	67
63	Rekstraráhætta	68
Reikningsskilareglur		
64	Grundvöllur ársreiknings	69
65	Breytingar á framsetningu	69
66	Helstu reikningsskilaaðferðir	69

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

1. Upplýsingar um félagið

Íslandsbanki hf., var stofnaður 8. október 2008 og er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar bankans eru að Hagasmára 3, 201 Kópavogi.

Ársreikningur samstæðu Íslandsbanka hf. fyrir árið 2019 samanstendur af ársreikningi Íslandsbanka hf. („bankanum“ eða „Íslandsbanka“) og dótturfélaga hans, saman er vísað til þeirra sem „samstæðunnar“.

Í lok árs 2019 var bankinn í eigu íslenska ríkisins. Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkisins í samræmi við lög um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009.

Samstæðan veitir alhliða fjármálaþjónustu svo sem viðskiptabankaþjónustu, fyrirtækjaþjónustu, fjárfestingarþjónustu, verðbréfaþjónustu og eignafjármögnun. Starfsemi samstæðunnar fer aðallega fram á Íslandi.

Ársreikningur samstæðunnar var saminn á ensku og samþykktur af stjórn og bankastjóra Íslandsbanka hf. þann 12. febrúar 2020. Sé munur á enskri útgáfu og íslenskri þýðingu þá gildir enska útgáfan.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðu Íslandsbanka hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla („IFRS“) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu auk viðeigandi krafna í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum um reikningsskil lánastofnana.

Ársreikningur samstæðunnar er í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill Íslandsbanka hf. Allar fjárhæðir í íslenskum krónum hafa verið jafnaðar að næstu milljón, nema annað sé tekið fram. Í árslok 2019 var gengi íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar 121,10 og 135,83 gagnvart evru (árslok 2018: USD 116,33 og EUR 133,23).

Stjórnendur samstæðunnar hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi hennar og niðurstaða þeirra er að samstæðan hafi það sem til þarf til áframhaldandi reksturs í fyrirsjáanlegri framtíð. Reikningsskilin byggja því á þeirri forsendu að ekki leiki vafi um áframhaldandi rekstrarhæfi.

Verulegt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Gerð reikningsskilanna krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir sem byggja á mati og gefnum forsendum sem áhrif hafa á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda sem fram koma í samstæðureikningsskilunum. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Stjórnendur yfirfara reglulega mat og forsendur þess og breyta eftir því sem ástæða þykir til. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað.

Virðisrýrnun fjáreigna

Meginforsendur í útreikningi á væntu útlánatapi eru háðar mati og forsendum sem byggja meðal annars á:

• Líkum á vanefndum (PD), tapi að gefnum vanefndum (LGD) og áhættustöðu við vanefnd (EAD)

• Efnahagslegum þáttum sem taka tillit til margvíslegra sviðsmynda sem byggja á fyrirliggjandi upplýsingum

• Mati á verulegri aukningu á útlánaáhættu

Vænt tap er reiknað út frá líkönum samstæðunnar um vanefndaatburð (PD), fjárhæð við vanefndir (EAD) og tapshlutfall (LGD) til að meta útlánaáhættu, sem er nátengt við útlánaáhættu í viðeigandi safni. Þetta felur í sér efnahagslegar breytur, landfræðilegar breytur sem eru tengdar greiðslusögu og fleiri breytum. Þessar breytur byggja bæði á innri og ytri gögnum. Forsendur og ákvarðanir sem þarf að taka til að meta vænt útlánatap innifela eftirtalin atriði:

- Skilgreina hvað telst vera veruleg aukning á útlánaáhættu
- Ákveða framtíðarsviðsmyndir og hlutfallslegt vægi þeirra
- Velja viðeigandi líkön og skölunarstuðla fyrir vænt útlánatap

Fjallað er nánar um virðisrýrnun fjáreigna í skýringum 25-26, í skýringum 48-50 um áhættustýringu og í skýringu 66.3.

Gangvirði fjármálagerninga

Gangvirði fjármálagerninga þar sem ekki er til staðar virkur markaður eða þar sem skráð verð eru ekki tiltæk, er ákvarðað með matsaðferðum. Fjármálagerningar færðir á gangvirði eru flokkaðir í þrep sem endurspegla hvaða gögn voru notuð við mat á virði þeirra. Fjáreignir í þriðja þrepi eru metnar á gangvirði sem byggir á forsendum sem ekki teljast auðrekjanlegar. Mat á þriðja þreps fjáreignum er oft á tíðum háð óvissu þar sem forsendur sem matið byggir á eru ekki auðrekjanlegar og háðar mati stjórnenda að miklu leyti.Fjallað er um verðmatsaðferðir í skýringum 6-7 og í skýringu 66.3.

2. (framhald)

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir, að undanskilinni viðskiptavild, eru niðurfærðar á nýtingartíma þeirra sem er áætlaður fjögur til tíu ár. Á hverjum reikningsskiladegi eru óefnislegar eignir yfirfarnar til að athuga hvort einhverjar vísbendingar séu um virðisrýrnun. Til að ákveða virði óefnislegra eigna er miðað við notkunarvirði þeirra. Farið er yfir eftirtalin skilyrði til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun:

- Lækkun á markaðsvirði eignarinnar
- Áætlun um að endurskipuleggja eða hætta notkun eignarinnar
- Eignin skilar minni tekjum en gert var ráð fyrir

Fjallað er nánar um óefnislegar eignir í skýringu 30 og í skýringu 66.9.

3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Samstæðan innleiddi nýjan reikningsskilastaðal, IFRS 16 – Leigusamningar, 1. janúar 2019 sem tók við af IAS 17, IFRIC 4, SIC 15 og SIC 27. Í staðlinum eru settar fram reikningsskilareglur fyrir færslu, mat, framsetningu og skýringar vegna leigusamninga. Jafnframt ber leigutökum að færa flesta leigusamninga á efnahag með samræmdum hætti samkvæmt staðlinum. Þar af leiðandi hefur samstæðan breytt reikningsskilaaðferðum sínum fyrir leigusamninga (sjá skýringu 66.10).

Fjöldi breytinga á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum tóku gildi frá og með 1. janúar 2019 en höfðu ekki veruleg áhrif á ársreikning samstæðunnar.

Áhrif af innleiðingu IFRS 16

Samstæðan innleiddi IFRS 16 með aðlagaðri aðferð og þar af leiðandi hefur samanburðarfjárhæðum ekki verið breytt.

Leiguskuldir og nýtingarréttur eigna samstæðunnar við innleiðingu voru í flestum tilvikum vegna leiguskuldbindinga, fyrir skrifstofuhúsnæði, útibú og geymslupláss, sem eru vísitölutengdar en lítill hluti er vegna leiguskuldbindinga vegna lands. Við innleiðingu færði samstæðan 4.505 milljónir króna sem leiguskuldir og sömu fjárhæð sem nýtingarrétt eigna. Leiguskuldir voru metnar á núvirði útistandandi leigugreiðslna, afvaxtaðar með væntu vaxtastigi einingarinnar þann 1. janúar 2019. Vegið meðaltal vaxtastuðla sem samstæðan beitti var 2,14% fyrir vísitölutengda leigusamninga.

Við innleiðingu IFRS 16 ákvað samstæðan að beita undanþáguheimild staðalsins og beita staðlinum eingöngu á samninga sem samstæðan flokkaði sem leigusamninga samkvæmt IAS 17. Að auki beitti samstæðan eftirfarandi undanþáguheimildum: að færa ekki nýtingarrétt eigna og leiguskuldir fyrir leigusamninga með styttri líftíma en 12 mánuði, að færa ekki nýtingarrétt eigna og leiguskuldir vegna leigusamninga á eignum með lágt virði, að undanskilja upphafskostnað við mat á nýtingarrétti eigna við gildistöku og að horfa til sögunnar við ákvörðun á leigutímabili á samningum með framlengingarákvæðum eða lúkningarkostum.

Yfirlit yfir leiguskuldbindingar samkvæmt IAS 17 og leiguskuldir samkvæmt IFRS 16 þann 1. janúar 2019

Rekstrarleiguskuldbindingar 31. desember 2018 samkvæmt ársreikningi samstæðu	5.143
Áhrif afvöxtunar á rekstrarleiguskuldbindingar með því að nota vænt vaxtastig	(593)
Færsla undanþágu vegna skammtímaleigusamninga og samninga með lágt virði	(61)
Viðbót leiguskuldbindinga vegna lands	16
Leiguskuld 1. janúar 2019	4.505

Reikningsskil leigusala samkvæmt IFRS 16 eru að mestu óbreytt frá IAS 17. Leigusalar halda áfram að flokka leigusamninga sem annaðhvort rekstrar- eða fjármögnunarleigusamninga með því að nota svipaðar reglur og voru í IAS 17. Því hefur IFRS 16 ekki áhrif á leigusamninga þar sem samstæðan er leigusali.

Breytingar á reikningsskilastöðlum sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi á reikningsskiladegi

Nýr alþjóðlegur reikningsskilastaðall og nokkrar breytingar á reikningsskilastöðlum hafa verið gefnar út en hafa ekki enn tekið gildi. Samstæðan hefur ekki innleitt neinn þeirra fyrir gildistíma og hyggst ekki gera það fyrr en þeir taka gildi. Breytingum sem er líklegt að hafi áhrif á reikningsskil samstæðunnar í framtíðinni er lýst hér fyrir neðan, ekki er gert ráð fyrir að breytingarnar hafi veruleg áhrif.

Endurbætur á viðmiðunarvöxtum

Samstæðan innleiddi breytingar á IFRS 9 – Fjármálagerningar, IAS 39 – Fjármálagerningar: skráning og mat, og IFRS 7 – Fjármálagerningar: framsetning, frá og með 1. janúar 2020. Þessar breytingar hafa áhrif á ákveðnar kröfur áhættuvarnarreikningsskila, í tengslum við aðferðina sem notuð er til að meta skilvirkni áhættuvarnarsambands, og eru gerðar til að létta á mögulegum áhrifum vegna óvissu sem endurbæturnar á viðmiðunarvöxtunum gætu valdið, áður en innleiðingin á sér stað.

Breytingin mun ekki hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

3. (framhald)

Bankinn hefur sett á fót vinnuhóp til að bera ábyrgð á og hafa umsjón með innleiðingunni á viðmiðunarvöxtum (e. Alternative Interest Rates - ARR). Lögfræðideild bankans hefur farið ítarlega yfir eldri samningssniðmát bankans og ný sniðmát eru tilbúin fyrir innleiðinguna. Vinna við kerfi og ferla ásamt fræðslu og tilkynningum til hagsmunaðila er hafin og mun sú vinna halda áfram. Þess er vænst að fjárhagsleg áhrif innleiðingarinnar muni hafa lágmarks áhrif á bankann. Bankinn fylgist náið með þróun mála og mun aðlaga innleiðinguna til samræmis, ef þörf reynist á.

4. Starfsþættir

Starfsþáttyfirlit er sett fram í samræmi við stjórnskipulag samstæðunnar og innri upplýsingagjöf. Bankinn samanstendur af þremur meginstarfsþáttum; Einstaklingum, Viðskiptabanka, og Fyrirtækjum og fjárfestum. Starfsþættir greiða og móttaka vexti til og frá fjárstýringu til að endurspegla ráðstöfun fjármagns, fjármögnunarkostnað og viðeigandi áhættuálag. Reikningsskilaaðferðir aðgreindra starfsþátta eru í samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar. Starfsemi samstæðunnar fer aðallega fram á Íslandi.

Viðskiptaeiningar fá úthlutað eigin fé sem samsvarar 16% af áhættuvegnum eignum sem endurspeglar markmið bankans um hlutfall almenns eiginfjárþáttar 1 sem sett er fram í yfirlýsingu bankans um áhættuvilja. Tekjuskatti er dreift niður á starfsþætti miðað við gildandi skatthlutfall. Bankaskattur og framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta eru sýnd sérstaklega niður á hvern starfsþátt. Skipting bankaskatts niður á starfsþætti byggir á væntu langtímahlutfalli, sem sett er fram í lögum, eða 0,145%.

Samstæðan samanstendur af eftirfarandi starfsþáttum:

Einstaklingar

Einstaklingssvið býður heildstæða fjármálaþjónustu til einstaklinga eins og útlán, sparnað og greiðslulausnir. Viðskiptavinir Íslandsbanka nota í auknum mæli rafrænar lausnir í daglegum bankaviðskiptum t.d. appið, netbankann og öruggt netspjall. Viðskiptavinir geta einnig heimsótt útibúin fyrir heildarráðgjöf.

Viðskiptabanki

Viðskiptabanki veitir alhliða fjármálaþjónustu til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Skipulag Viðskiptabanka snýst um útibúin þar sem þjónusta við viðskiptavini er nálægt staðsetningu fyrirtækjanna. Einnig tilheyrir Ergo, fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka, Viðskiptabanka.

Fyrirtæki og fjárfestar

Fyrirtæki og fjárfestar býður upp á alhliða fjármála- og fjárfestingarbankaþjónustu til stærri fyrirtækja, lífeyrissjóða, sveitarfélaga, verðbréfasjóða, fjárfesta og efnameiri einstaklinga. Svið býður uppá verðbréfa- og gjaldeyrisviðskipti, fjárfestingarráðgjöf, fyrirtækjaráðgjöf og lánveitingar og býr starfsfólk þess yfir sérþekkingu á öllum helstu geirum atvinnulífsins. Íslandsbanki hefur mótað skýra stefnu varðandi lánveitingar utan Íslands og heyrir hún undir Fyrirtæki og fjárfesta. Einna helst er horft til lánveitinga í sjávarútvegi til landa við Norður-Atlantshaf.

Fjárstýring og eigin viðskipti

Hlutverk fjárstýringar er að fjármagna starfsemi bankans og ákvarða innri vexti. Jafnframt ber fjárstýring ábyrgð á stýringu á efnahagsreikningi bankans ásamt því að vera tengiliður bankans við fjárfesta, fjármálastofnanir, kauphallir og lánshæfismatsfyrirtæki. Eigið fé sem ekki hefur verið úthlutað til viðskiptaeininganna tilheyrir fjárstýringu. Innan eigin viðskipta eru viðskipti með hlutabréf og skuldabréf í veltubók og fjárfestingarbók.

Stoðeiningar

Stoðeiningar samstæðunnar eru skrifstofa bankastjóra (mannauður, markaðs- og samskiptasvið, stefnumótun og lögfræðisvið), fjármál fyrir utan fjárstýringu og eigin viðskipti, upplýsingatækni, áhættustýring og regluvarsla. Innri endurskoðun er hluti af stoðeiningum en er sjálfstæð eining sem heyrir undir stjórn bankans.

Dótturfélög, jöfnunarfærslur og breytingar

Dótturfélög bankans eru Borgun hf., Íslandssjóðir hf., Allianz Ísland hf. ásamt smærri félögum innan samstæðunnar (sjá skýringu 28).

Eftirfarandi er yfirlit um rekstur og efnahag samstæðunnar með sundurliðun eftir starfsþáttum. Breyting frá fyrri tímabilum felur í sér að nær allri rekstrarniðurstöðu stoðeininga er nú dreift á starfsþætti innan bankans. Samanburðarfjárhæðum hefur ekki verið breytt.

4. (framhald)

2019	Einstaklingar	Viðskipta-banki	Fyrirtæki og fjár-festar	Fjárstýring og eigin viðskipti	Stoð-einingar	Íslandsbanki samtals	Dótturfélög, jöfnunar-færslur og breytingar	Samstæðan samtals
Hreinar vaxtatekjur (gjöld)	10.578	10.812	8.397	3.169	(251)	32.705	971	33.676
Hreinar þóknanatekjur (gjöld)	4.504	1.716	3.530	(236)	7	9.521	3.838	13.359
Aðrar hreinar rekstrartekjur (gjöld)	77	25	564	(848)	2.197	2.015	(555)	1.460
Rekstrartekjur samtals	15.159	12.553	12.491	2.085	1.953	44.241	4.254	48.495
Laun og launatengd gjöld	(2.791)	(1.993)	(1.720)	(253)	(6.516)	(13.273)	(3.006)	(16.279)
Annar rekstrarkostnaður	(2.131)	(1.184)	(660)	(257)	(5.725)	(9.957)	(1.871)	(11.828)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(530)	(314)	(89)	(3)	-	(936)	-	(936)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(483)	(339)	(486)	(2.205)	(15)	(3.528)	-	(3.528)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	(547)	(1.098)	(1.043)	(791)	-	(3.479)	(184)	(3.663)
Kostnaðardreifing	(5.606)	(3.381)	(3.421)	278	12.130	-	-	-
Hagnaður (tap) fyrir skatta	3.071	4.244	5.072	(1.146)	1.827	13.068	(807)	12.261
Tekjuskattur	(924)	(1.192)	(1.445)	318	(478)	(3.721)	39	(3.682)
Hagnaður (tap) ársins af áframhaldandi starfsemi	2.147	3.052	3.627	(828)	1.349	9.347	(768)	8.579
Rekstrartekjur (gjöld) frá ytri viðskiptavinum	18.137	14.492	19.191	(9.708)	2.129	44.241	4.254	48.495
Rekstrartekjur (gjöld) frá öðrum starfsþáttum	(2.978)	(1.939)	(6.700)	11.793	(176)	-	-	-
Þóknanatekjur	6.224	1.724	3.574	124	8	11.654	9.372	21.026
Afskriftir og niðurfærslur	(215)	(112)	(21)	-	(1.367)	(1.715)	(245)	(1.960)
31. desember 2019								
Útlán til viðskiptavina	329.265	230.842	334.788	2	-	894.897	4.735	899.632
Aðrar eignir	3.553	3.085	347	267.384	10.648	285.017	14.841	299.858
Eignir starfsþáttar samtals	332.818	233.927	335.135	267.386	10.648	1.179.914	19.576	1.199.490
Innlán viðskiptavina	290.894	167.623	113.455	49.517	-	621.489	(3.176)	618.313
Aðrar skuldir	1.497	1.822	2.553	374.459	6.209	386.540	14.575	401.115
Skuldir starfsþáttar samtals	292.391	169.445	116.008	423.976	6.209	1.008.029	11.399	1.019.428
Úthlutað eigið fé	29.981	38.924	58.953	42.882	1.145	171.885	8.177	180.062
Áhættugrunnur	194.601	247.565	367.456	48.063	6.968	864.653	19.897	884.550

Efnahagsliðir starfsþátta eru við utanaðkomandi viðskiptavini og innihalda ekki innri viðskipti sem útskýrir mismuninn í heildareignum, heildarskuldum og eigin fé.

4. (framhald)

2018	Einstaklingar	Viðskipta-banki	Fyrirtæki og fjár-festar	Fjárstýring og eigin viðskipti	Stoð-einingar	Íslandsbanki samtals	Dótturfélög, jöfnunar-færslur og breytingar	Samstæðan samtals
Hreinar vaxtatekjur (gjöld)	9.946	9.788	7.676	3.649	(218)	30.841	1.096	31.937
Hreinar þóknanatekjur (gjöld)	4.564	1.477	3.321	(109)	12	9.265	2.962	12.227
Aðrar hreinar rekstrartekjur (gjöld)	1	41	353	1.070	282	1.747	(924)	823
Rekstrartekjur samtals	14.511	11.306	11.350	4.610	76	41.853	3.134	44.987
Laun og launatengd gjöld	(2.585)	(2.069)	(1.641)	(258)	(6.185)	(12.738)	(2.762)	(15.500)
Annar rekstrarkostnaður	(2.466)	(1.062)	(680)	(494)	(5.646)	(10.348)	(1.802)	(12.150)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(669)	(395)	(109)	-	-	(1.173)	-	(1.173)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(434)	(327)	(470)	(2.041)	(9)	(3.281)	-	(3.281)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	579	955	164	(37)	-	1.661	(77)	1.584
Kostnaðardreifing	(5.134)	(2.813)	(2.660)	423	10.184	-	-	-
Hagnaður (tap) fyrir skatta	3.802	5.595	5.954	2.203	(1.580)	15.974	(1.507)	14.467
Tekjuskattur	(989)	(1.455)	(1.548)	(1.280)	411	(4.861)	127	(4.734)
Hagnaður (tap) ársins af áframhaldandi starfsemi	2.813	4.140	4.406	923	(1.169)	11.113	(1.380)	9.733
Rekstrartekjur (gjöld) frá ytri viðskiptavinum	14.958	14.996	17.337	(5.733)	295	41.853	3.134	44.987
Rekstrartekjur (gjöld) frá öðrum starfsþáttum	(447)	(3.690)	(5.987)	10.343	(219)	-	-	-
Þóknanatekjur	5.990	1.612	3.420	133	12	11.167	8.686	19.853
Afskriftir og niðurfærslur	(275)	(142)	(26)	(38)	(688)	(1.169)	(143)	(1.312)
31. desember 2018								
Útlán til viðskiptavina	299.429	219.608	322.974	904	-	842.915	3.684	846.599
Aðrar eignir	1.332	3.151	316	252.085	8.056	264.940	18.864	283.804
Eignir starfsþáttar samtals	300.761	222.759	323.290	252.989	8.056	1.107.855	22.548	1.130.403
Innlán viðskiptavina	275.265	164.738	101.417	42.566	-	583.986	(5.027)	578.959
Aðrar skuldir	1.453	2.811	3.199	345.375	2.317	355.155	19.976	375.131
Skuldir starfsþáttar samtals	276.718	167.549	104.616	387.941	2.317	939.141	14.949	954.090
Úthlutað eigið fé	24.582	37.304	57.200	48.982	646	168.714	7.599	176.313
Áhættugrunnur	164.795	239.073	360.923	61.986	3.316	830.093	15.856	845.949

4. (framhald)

Dótturfélög, jöfnunarfærslur og breytingar 2019	Borgun hf.*	Íslands-sjóðir hf.	Allianz Ísland hf.	Önnur dótturfélög	Jöfnunar-færslur og breytingar	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	872	28	26	36	9	971
Hreinar þóknanatekjur (gjöld)	1.716	1.089	1.069	(30)	(6)	3.838
Aðrar hreinar rekstrartekjur (gjöld)	15	156	(1)	(5)	(720)	(555)
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	2.603	1.273	1.094	1	(717)	4.254
Laun og launatengd gjöld	(2.260)	(558)	(188)	-	-	(3.006)
Annar rekstrarkostnaður	(1.359)	(181)	(471)	(2)	142	(1.871)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	(184)	-	-	-	-	(184)
(Tap) hagnaður fyrir skatta	(1.200)	534	435	(1)	(575)	(807)
Tekjuskattur	228	(107)	(87)	-	5	39
(Tap) hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi	(972)	427	348	(1)	(570)	(768)
Rekstrartekjur (gjöld) frá ytri viðskiptavinum	3.329	1.475	1.080	(16)	(1.614)	4.254
Rekstrartekjur (gjöld) frá öðrum starfsþáttum	(726)	(202)	14	17	897	-
Þóknanatekjur	9.889	1.520	1.069	-	(3.106)	9.372
Afskriftir og niðurfærslur	(235)	-	(3)	-	(7)	(245)
31. desember 2019						
Eignir samtals	22.362	2.726	1.201	6.467	(13.180)	19.576
Skuldir samtals	15.753	302	412	2	(5.070)	11.399
Eigið fé samtals	6.609	2.424	789	6.465	(8.110)	8.177

*Eignarhlutur bankans í Borgun hefur verið í söluferli frá því í janúar 2019. Viðræður eru hafnar við hugsanlega kaupendur en enn er það háð töluverðri óvissu hvort af sölu verði og því hefur bankinn ekki endurflokkað eignarhlutinn sem eignir til sölu.

2018	Borgun hf.	Íslands-sjóðir hf.	Allianz Ísland hf.	Önnur dótturfélög	Jöfnunar-færslur og breytingar	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	1.021	28	19	15	13	1.096
Hreinar þóknanatekjur (gjöld)	1.104	1.028	950	(31)	(89)	2.962
Aðrar hreinar rekstrartekjur (gjöld)	3	21	13	519	(1.480)	(924)
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	2.128	1.077	983	503	(1.556)	3.134
Laun og launatengd gjöld	(2.072)	(529)	(157)	-	(4)	(2.762)
Annar rekstrarkostnaður	(1.323)	(200)	(432)	(3)	156	(1.802)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	(76)	-	-	-	(1)	(77)
(Tap) hagnaður fyrir skatta	(1.343)	348	394	499	(1.405)	(1.507)
Tekjuskattur	274	(74)	(79)	(1)	7	127
(Tap) hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi	(1.069)	274	315	498	(1.398)	(1.380)
Rekstrartekjur (gjöld) frá ytri viðskiptavinum	2.813	1.217	939	1.125	(2.960)	3.134
Rekstrartekjur (gjöld) frá öðrum starfsþáttum	(685)	(140)	44	(622)	1.403	-
Þóknanatekjur	9.331	1.421	950	-	(3.016)	8.686
Afskriftir og niðurfærslur	(141)	-	(3)	-	1	(143)
31. desember 2018						
Eignir samtals	28.498	2.466	1.043	9.352	(18.811)	22.548
Skuldir samtals	22.154	196	231	1.860	(9.492)	14.949
Eigið fé samtals	6.344	2.270	812	7.492	(9.319)	7.599

5. Flokkun fjáreigna og fjárskulda

31. desember 2019	Tilskildar á gangvirði í gegnum rekstur	Veltufjár-eignir og -skuldir í áhættuvörn	Tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstur	Gangvirði í gegnum aðra heildar-afkomu	Afskrifað kostnaðar-verð	Bókfært virði
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	-	-	-	-	146.638	146.638
Útlán til lánastofnana	-	-	-	-	54.376	54.376
Skráð skuldabréf og skuldagerningar	33.302	-	-	-	-	33.302
Skráð skuldabréf og skuldagerningar, rekstrarleg áhættuvörn	18.220	-	-	-	-	18.220
Óskráð skuldabréf og skuldagerningar	1.348	-	-	-	-	1.348
Afleiðusamningar	4.700	921	-	-	-	5.621
Útlán til viðskiptavina	-	-	-	-	899.632	899.632
Skráð hlutabréf og eiginfjárgerningar	3.779	-	-	-	-	3.779
Skráð hlutabréf og eiginfjárgerningar, rekstrarleg áhættuvörn	8.681	-	-	-	-	8.681
Óskráð hlutabréf og eiginfjárgerningar	2.851	-	-	3.115	-	5.966
Aðrar fjáreignir	-	-	-	-	5.757	5.757
Fjáreignir samtals	72.881	921	-	3.115	1.106.403	1.183.320
Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum	-	-	-	-	30.925	30.925
Innlán viðskiptavina	-	-	-	-	618.313	618.313
Afleiðusamningar og skortstöður	6.219	-	-	-	-	6.219
Lántaka	-	41.816	49.352	-	215.213	306.381
Víkjandi lán	-	-	-	-	22.674	22.674
Aðrar fjárskuldir	-	-	-	-	24.772	24.772
Fjárskuldir samtals	6.219	41.816	49.352	-	911.897	1.009.284

31. desember 2018	Tilskildar á gangvirði í gegnum rekstur	Veltufjár-eignir og -skuldir í áhættuvörn	Tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstur	Gangvirði í gegnum aðra heildar-afkomu	Afskrifað kostnaðar-verð	Bókfært virði
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	-	-	-	-	135.056	135.056
Útlán til lánastofnana	-	-	-	-	41.577	41.577
Skráð skuldabréf og skuldagerningar	45.496	-	-	-	-	45.496
Skráð skuldabréf og skuldagerningar, rekstrarleg áhættuvörn	22.405	-	-	-	-	22.405
Óskráð skuldabréf og skuldagerningar	1.514	-	-	-	-	1.514
Afleiðusamningar	3.923	627	-	-	-	4.550
Útlán til viðskiptavina	-	-	-	-	846.599	846.599
Skráð hlutabréf og eiginfjárgerningar	2.928	-	-	-	-	2.928
Skráð hlutabréf og eiginfjárgerningar, rekstrarleg áhættuvörn	5.458	-	-	-	-	5.458
Óskráð hlutabréf og eiginfjárgerningar	2.846	-	-	1.842	-	4.688
Aðrar fjáreignir	-	-	-	-	7.511	7.511
Fjáreignir samtals	84.570	627	-	1.842	1.030.743	1.117.782
Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum	-	-	-	-	15.619	15.619
Innlán viðskiptavina	-	-	-	-	578.959	578.959
Afleiðusamningar og skortstöður	5.521	-	-	-	-	5.521
Lántaka	-	40.714	68.154	-	192.108	300.976
Víkjandi lán	-	-	-	-	16.216	16.216
Aðrar fjárskuldir	-	-	-	-	27.186	27.186
Fjárskuldir samtals	5.521	40.714	68.154	-	830.088	944.477

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

6. Upplýsingar um gangvirði fjármálagerninga

Fjármálagerningar á gangvirði

Gangvirði fjármálagernings er það viðskiptaverð sem væri greitt við kaup eða móttekið við sölu á viðkomandi fjármálagerningi í frjálsum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. Þegar markaðsverð liggur ekki fyrir beitir samstæðan verðmatsaðferðum sem byggjast á ályktunum og forsendum sem eru í samræmi við þær sem markaðsaðilar myndu miða við í verðlagningu fjármálagerningsins.

Í töflunum hér að neðan eru fjármálagerningar sem færðir eru á gangvirði flokkaðir í þrep sem endurspegla hvaða gögn voru notuð við mat á virði þeirra þann 31. desember 2019. Mismunandi þrep hafa verið skilgreind með eftirfarandi hætti:

1. þrep: Viðskiptaverð, sem er aðgengilegt á matsdegi og skráð á virkum markaði, fyrir samskonar eignir og skuldir.

2. þrep: Matsverð sem byggist á greinanlegu skráðu verði öðru en því, sem tilgreint er í 1. þrepi, annaðhvort beint (t.d. sem verð) eða óbeint (t.d. afleitt af verði).

3. þrep: Matsverð eigna og skulda sem byggist ekki á greinanlegum markaðsupplýsingum, heldur t.d. á innra mati.

31. desember 2019	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Skuldabréf og skuldagerningar	51.522	-	1.348	52.870
Afleiðusamningar	-	5.621	-	5.621
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	12.383	27	6.016	18.426
Fjáreignir samtals	63.905	5.648	7.364	76.917
Skortstöður	814	-	-	814
Afleiðusamningar	-	5.405	-	5.405
Lántaka tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	49.352	-	-	49.352
Fjárskuldir samtals	50.166	5.405	-	55.571

31. desember 2018	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Skuldabréf og skuldagerningar	67.901	-	1.514	69.415
Afleiðusamningar	-	4.550	-	4.550
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	8.344	42	4.688	13.074
Fjáreignir samtals	76.245	4.592	6.202	87.039
Afleiðusamningar	-	5.521	-	5.521
Lántaka tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	68.154	-	-	68.154
Fjárskuldir samtals	68.154	5.521	-	73.675

Breytingar á fjármálagerningum í 3. þrepi	Skuldabréf og skulda-gerningar	Hlutabréf og eiginfjár-gerningar
Bókfært virði 1. janúar 2019	1.514	4.688
Kaup	7	338
Sala og afborganir	(537)	(52)
Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum fært í rekstrarreikning	306	(118)
Hreinn hagnaður af fjáreignum færður í aðra heildarafkomu	-	1.272
Aðrar breytingar	58	(112)
Bókfært virði 31. desember 2019	1.348	6.016

6. (framhald)

	Skuldabréf og skulda-gerningar	Hlutabréf og eiginfjár-gerningar
Bókfært virði 1. janúar 2018	1.828	3.373
Kaup	8	790
Hreint tap af fjáreignum fært í rekstrarreikning	(249)	(135)
Hreinn hagnaður af fjáreignum færður í aðra heildarafkomu	-	610
Færslur úr 1. eða 2. þrepi	-	50
Aðrar breytingar	(73)	-
Bókfært virði 31. desember 2018	1.514	4.688

Samstæðan metur í lok hvers uppgjörstímabils hvort eignir og skuldir sem metnar eru á gangvirði hafi færst á milli þrepa með því að yfirfara flokkunina. Er þá byggt á uppruna þeirra breyta sem hafa mikil áhrif á gangvirðismat eignanna og er það lægst flokkaða veigamikla breytan sem ræður flokkuninni. Engin færsla milli þrepa átti sér stað á árinu 2019.

Verðmatsferillinn

Hver viðskiptaeining ber ábyrgð á mati á gangvirði eigin fjármálagerninga. Viðskiptaeiningunum ber að yfirfara verðmat fjármálagerninganna ársfjórðungslega og leggja skýrslu þess efnis fyrir fjárfestingarráð til samþykktar. Verðmatsskýrslan og forsendur hennar er rýnd af áhættustýringu.

Verðmatsaðferðir

Sé það mögulegt er gangvirði ákvarðað út frá skráðu verði á virkum markaði fyrir sömu eða sambærilegar fjáreignir og fjárskuldir. Sé ekki um virkan markað að ræða er gangvirðið metið með núvirðis- og fjárstreymislíkönum, samanburði við sambærilega fjármálagerninga með greinanlegar upplýsingar, hreint eignavirði fyrir hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóðum eða væntar endurheimtur fyrir skuldabréf útgefenda í vanda. Þessar verðmatsaðferðir byggjast á mati á ýmsum stærðum, s.s. áhættulausum vöxtum, væntum tekjuvexti og skuldara- og seljanleikaálagi á ávöxtunarkröfu. Í vissum tilfellum, ef erfitt er að nálgast óháð mat fyrir inntaksbreytur í líkönum, er stuðst við mat sérfræðinga samstæðunnar.

1. þrep: Gangvirði ákvarðað út frá markaðsverði.

Eignir í þessu þrepi eru fjáreignir og fjárskuldir sem skráðar eru á markað hér á landi eða erlendis.

2. þrep: Gangvirði ákvarðað með matsaðferðum á grundvelli markaðsupplýsinga.

Eignir í þessu þrepi eru innlend skuldabréf, hlutabréf og afleiður. Samstæðan flokkar vaxtaafleiður, eins og vaxtaskiptasamninga og gjaldeyrisvaxtaskiptasamninga, í 2. þrep og reiknar núvirði af væntu framtíðargreiðsluflæði þeirra með vaxtaferlum sem metnir eru út frá t.a.m. kjörum í vaxtaskiptasamningum og framvirkum vöxtum. Framvirkir gjaldeyrissamningar og gjaldeyrisskiptasamningar eru flokkaðir í 2. þrepi og verðlagðir með því að nota stundargengi, sem búið er að leiðrétta með framvirku álagi í punktum (hundraðshlutum úr einu prósentustigi) en upplýsingar um þá má fá af markaði. Framvirkir skuldabréfa- og hlutabréfasamningar eru einnig flokkaðir í 2. þrepi og verðlagðir með hefðbundnum líkönum sem byggjast m.a. á hlutabréfaverði, væntu arðgreiðsluhlutfalli og fjármögnunarkostnaði útgefendanna.

3. þrep: Gangvirði ákvarðað með matsaðferðum sem byggja á miklu leiti á upplýsingum sem ekki er hægt að staðfesta á markaði.

Eignir í þessu þrepi eru óskráð illseljanleg hlutabréf og skuldabréf. Óskráð hlutabréf og skuldabréf eru upphaflega skráð á kostnaðarverði en í lok hvers ársfjórðungs, að teknu tilliti til verðmatsaðferða sem er lýst hér að ofan, eru þau endurmetin.

Þann 31. desember 2019 nam verðmæti hlutabréfa í 3. þrepi 6.016 milljónir króna:

-Á meðal hlutabréfa eru sjö sérhæfðir fjárfestingarsjóðir og fjárfestingarfyrirtæki sem fjárfesta í óskráðum hlutabréfum og sérhæfðum fjárfestingum á Íslandi samtals að fjárhæð 1.722 milljónir króna. Samstæðan fær upplýsingar um verðmat frá sjóðsstjórum sem nota verðmatslíkön til að ákvarða virði.

-Samstæðan á seríu C forgangshlutabréf í Visa Inc. að fjárhæð 3.115 milljónir króna sem eru bundin sölukvöðum upp að 9 árum sem undir ákveðnum skilyrðum gæti þurft að afturkalla. Gangvirði forgangshlutabréfanna ákvarðast af markaðsvirði Visa Inc. eins og það er skráð í kauphöllinni í New York (NYSE), fært niður um 24% vegna óvissu um endanlegan fjölda hlutabréfa sem samstæðan mun fá og óvissu um seljanleika.

-Önnur 3. þreps hlutabréf eru að fjárhæð 1.179 milljónir króna.

Þann 31. desember 2019 nam verðmæti skuldabréfa í 3. þrepi 1.348 milljónir króna:

-Fjárhæð skuldabréfa í 3. þrepi er að mestu leyti ákvörðuð með núvirðingu á greiðsluflæði þar sem ávöxtunarkrafan samanstendur af grunnvöxtum í samningsmynt auk álags sem sérfræðingar ákvarða með tilliti til verkefnaáhættu og fjármögnunarkostnaðar.

Næmisgreining á eignum í 3. þrepi

Matsaðferðir fyrir eignir í 3. þrepi eru almennt séð háðar ýmsum þáttum og óvissa ríkir um þær. Hægt er að líta á hagstæðu og óhagstæðu sviðsmyndirnar sem líklegar hreyfingar á virði innan árs. Mjög hagstæðu og mjög óhagstæðu sviðsmyndirnar eru taldar minna líklegar en ekki ómögulegar og eru ekki verstu hugsanlegu sviðsmyndirnar fyrir sumar eignirnar.

6. (framhald)

Taflan hér fyrir neðan sýnir áhrif sem mögulegar breytingar á einni eða fleiri forsendum við mat á gangvirði eigna í 3. þrepi hefði á hagnað (tap) og aðra heildarafkomu fyrir skatta.

Áhrif á hagnað eða (tap):	Bókfært virði	Mjög hagstæð	Hagstæð	Óhagstæð	Mjög óhagstæð
3. þreps skuldabréf og skuldagerningar	1.348	330	257	(296)	(1.348)
3. þreps hlutabréf og eiginfjárgerningar	2.901	2.399	645	(762)	(1.614)
Áhrif á aðra heildarafkomu:					
3. þreps hlutabréf í Visa Inc.	3.115	1.246	623	(623)	(1.246)

7. Fjármálagerningar sem ekki eru metnir á gangvirði

Eignir

Gangvirði útlána til viðskiptavina kann að vera annað en bókfært virði þeirra vegna þess að vextirnir sem þau bera endurspegla ef til vill ekki þá vexti sem sams konar ný lán myndu bera. Gangvirði þessara lána er metið með því að bæta við eða draga frá bókfærðu virði lánanna núvirtum vaxtamun reiknuðum frá uppgjörsdegi til næstu vaxtaendurskoðunarákvörðunar lánsins eða lokagjalddaga þess, hvor sem á undan kemur. Þar sem lánshæfi er metið með innri líkönum flokkast þessar eignir í 3. þrepi.

Gangvirði handbærs fjár og innstæðna hjá Seðlabanka Íslands, lána til fjármálastofnana og annarra fjáreigna er talið vera metið með fullnægjandi hætti með bókfærðu virði þar sem þeir gerningar eru til skamms tíma. Þessar eignir flokkast því í 2. þrepi.

Skuldir

Gangvirði skulda sem eru innkallanlegar, til að mynda innlána sem eru ávallt laus til úttektar (óbundin), er ekki lægra en sú fjárhæð sem er laus til innköllunar núvirt frá fyrsta mögulega innköllunardegi. Flestar innstæður eru lausar til úttektar (óbundnar) eða bera breytilega vexti og því er bókfært virði þeirra álitið fullnægjandi sem mat á gangvirði þeirra. Gangvirði bundinna innlána á föstum vöxtum er reiknað með binditímaaðferð þar sem vextir hvers innláns eru bornir saman við þá vexti sem í boði væru fyrir sambærilegt innlán í dag. Öll innlán flokkast í 2. þrepi þar sem innlánakjör byggja á samanburði við markaðsvexti og það endurspeglast því við mat á gangvirði.

Skráð markaðsvirði er notað við mat á gangvirði fyrir skuldir í flokknum „Lántaka“ þar sem það er mögulegt. Útgefnir víxlar og skuldabréf með skráð markaðsverð flokkast í 1. þrepi. Ef ekki er til skráð markaðsverð er gangvirði skulda metið á sama hátt og fyrir fastvaxtainnlán ef skuldin ber fasta vexti. Ef vaxtagrunnurinn er fljótandi þá er gangvirðið metið með því að bera vaxtaálag skuldarinnar saman við núverandi mat á fjármögnunarálagi samstæðunnar fyrir sambærilega skuld. Þessar skuldbindingar flokkast í 2. þrepi. Fjármögnunarálagið er metið út frá markaðskjörum á skráðum útgáfum samstæðunnar, þ.e. víxlum, sértryggðum útgáfum og útgáfum í erlendum myntum.

Aðrar fjárskuldir samanstanda aðallega af óuppgerðum viðskiptum, leiguskuldum og skuldum við smásala vegna greiðslukorta og flokkast í 2. þrepi þar sem virði þeirra er ekki byggt á skráðu markaðsvirði. Þar sem þessar skuldir eru til skamms tíma er bókfært virði álitið góð nálgun á gangvirði þeirra.

Taflan hér fyrir neðan sýnir þrepaskiptingu og mat á gangvirði fjáreigna og fjárskulda, sem ekki eru færðar á gangvirði í efnahagsreikningi. Þrepaskiptingin er skilgreind á sama hátt og áður (sjá skýringu 6).

31. desember 2019	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Gangvirði	Bókfært virði
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	-	146.638	-	146.638	146.638
Útlán til lánastofnana	-	54.376	-	54.376	54.376
Útlán til viðskiptavina	-	-	902.053	902.053	899.632
Aðrar fjáreignir	-	5.757	-	5.757	5.757
Fjáreignir samtals	-	206.771	902.053	1.108.824	1.106.403
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	-	31.027	-	31.027	30.925
Innlán viðskiptavina	-	618.592	-	618.592	618.313
Lántaka	165.044	100.334	-	265.378	257.029
Víkjandi lán	22.626	-	-	22.626	22.674
Aðrar fjárskuldir	-	24.772	-	24.772	24.772
Fjárskuldir samtals	187.670	774.725	-	962.395	953.713

7. (framhald)

31. desember 2018	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Gangvirði	Bókfært virði
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	-	135.056	-	135.056	135.056
Útlán til lánastofnana	-	41.577	-	41.577	41.577
Útlán til viðskiptavina	-	-	848.751	848.751	846.599
Aðrar fjáreignir	-	7.511	-	7.511	7.511
Fjáreignir samtals	-	184.144	848.751	1.032.895	1.030.743
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	-	15.633	-	15.633	15.619
Innlán viðskiptavina	-	579.232	-	579.232	578.959
Lántaka	151.767	84.476	-	236.243	232.822
Víkjandi lán	16.167	-	-	16.167	16.216
Aðrar fjárskuldir	-	27.186	-	27.186	27.186
Fjárskuldir samtals	167.934	706.527	-	874.461	870.802

8. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Töflurnar hér fyrir neðan innihalda yfirlit yfir fjáreignir og fjárskuldir sem falla undir jöfnunarsamninga eða sambærilega samninga sem beita má án skilyrða.

	Fjáreignir sem falla undir jöfnunarsamninga			Ójafnaðar fjárhæðir sem falla undir jöfnunarsamninga og aðra áþekka samninga					
31. desember 2019	Fjáreign fyrir jöfnun	Fjárskuldir jafnaðar á móti	Hreinar fjáreignir	Fjárskuldir	Reiðufé, mótteknar veðtryggingar	Fjármálagern-ingar, mótteknar veðtryggingar	Nettó fjárhæðir m.t.t. áhrifa jöfnunarsamn.	Fjáreignir sem uppfylla ekki skilyrði um skuldajöfnun	Heildar-fjáreignir í efnahag
Öfug endurhverf viðskipti	1.114	-	1.114	-	-	-	1.114	-	1.114
Afleiður	5.621	-	5.621	(1.374)	(3.146)	(88)	1.013	-	5.621
Samtals eignir	6.735	-	6.735	(1.374)	(3.146)	(88)	2.127	-	6.735
31. desember 2018									
Öfug endurhverf viðskipti	153	-	153	-	-	-	153	-	153
Afleiður	4.550	-	4.550	(1.655)	(1.383)	(698)	814	-	4.550
Samtals eignir	4.703	-	4.703	(1.655)	(1.383)	(698)	967	-	4.703

	Fjárskuldir sem falla undir jöfnunarsamninga			Ójafnaðar fjárhæðir sem falla undir jöfnunarsamninga og aðra áþekka samninga					
31. desember 2019	Fjárskuld fyrir jöfnun	Fjáreignir jafnaðar á móti	Hreinar fjárskuldir	Fjáreignir	Reiðufé, afhentar veðtryggingar	Fjármálagern-ingar, afhentar veðtryggingar	Nettó fjárhæðir m.t.t. áhrifa jöfnunar-samninga	Fjárskuldir sem uppfylla ekki skilyrði um skuldajöfnun	Heildar-fjárskuldir í efnahag
Afleiðusamningar og skortstöður	6.219	-	6.219	(1.374)	(1.139)	-	3.706	-	6.219
31. desember 2018									
Afleiðusamningar og skortstöður	5.521	-	5.521	(1.655)	(85)	-	3.781	-	5.521

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

9. Ársfjórðungsyfirlit (óendurskoðað)

2019	Fjórði árs-fjórðungur	Þriðji árs-fjórðungur	Annar árs-fjórðungur	Fyrsti árs-fjórðungur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	8.486	8.412	8.626	8.152	33.676
Hreinar þóknanatekjur	3.646	3.090	3.406	3.217	13.359
Hrein (fjármagnsgjöld) fjármunatekjur	(840)	(598)	173	448	(817)
Hreinn gengismunur	97	147	(71)	(30)	143
Aðrar rekstrartekjur	917	44	29	1.144	2.134
Laun og launatengd gjöld	(4.196)	(3.720)	(4.312)	(4.051)	(16.279)
Annar rekstrarkostnaður	(3.130)	(2.698)	(2.961)	(3.039)	(11.828)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(216)	(210)	(198)	(312)	(936)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(814)	(900)	(934)	(880)	(3.528)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	(1.585)	(230)	(929)	(919)	(3.663)
Hagnaður fyrir skatta	2.365	3.337	2.829	3.730	12.261
Tekjuskattur	(611)	(1.292)	(626)	(1.153)	(3.682)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	1.754	2.045	2.203	2.577	8.579
Aflögð starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	(95)	41	(83)	12	(125)
Hagnaður tímabilsins	1.659	2.086	2.120	2.589	8.454

2018	Fjórði árs-fjórðungur	Þriðji árs-fjórðungur	Annar árs-fjórðungur	Fyrsti árs-fjórðungur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	8.294	8.301	7.602	7.740	31.937
Hreinar þóknanatekjur	3.478	2.939	3.032	2.778	12.227
Hrein (fjármagnsgjöld) fjármunatekjur	(637)	(420)	378	(283)	(962)
Hreinn gengismunur	76	(8)	(57)	(10)	1
Aðrar rekstrartekjur	120	64	1.587	13	1.784
Laun og launatengd gjöld	(4.047)	(3.501)	(4.026)	(3.926)	(15.500)
Annar rekstrarkostnaður	(3.418)	(2.962)	(2.846)	(2.924)	(12.150)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(299)	(295)	(287)	(292)	(1.173)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(740)	(944)	(812)	(785)	(3.281)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	(297)	(53)	1.846	88	1.584
Hagnaður fyrir skatta	2.530	3.121	6.417	2.399	14.467
Tekjuskattur	(1.118)	(1.136)	(1.465)	(1.015)	(4.734)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	1.412	1.985	4.952	1.384	9.733
Aflögð starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	(8)	126	81	713	912
Hagnaður tímabilsins	1.404	2.111	5.033	2.097	10.645

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

10. Hreinar vaxtatekjur

	2019	2018
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	4.755	7.279
Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði	55.368	52.462
Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	2.630	1.825
Aðrar eignir	93	109
Vaxtatekjur samtals	62.846	61.675
Innlán frá Seðlabanka Íslands og lánastofnunum	(625)	(409)
Innlán viðskiptavina	(15.241)	(16.539)
Lántaka tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	(734)	(963)
Lántaka á afskrifuðu kostnaðarverði	(9.823)	(9.035)
Víkjandi lán	(501)	(198)
Önnur vaxtagjöld*	(2.246)	(2.594)
Vaxtagjöld samtals	(29.170)	(29.738)
Hreinar vaxtatekjur	33.676	31.937

*Þar af eru vaxtagjöld af leiguskuldum að fjárhæð 94 milljónir króna.
Vaxtamunur sem hlutfall hreinna vaxtatekna af meðaleignum er 2,8 % (2018: 2,9%).

11. Hreinar þóknanatekjur

	2019	2018
Eignastýring	2.225	2.116
Fjárfestingarbanki og verðbréfaviðskipti	2.430	2.303
Greiðslumiðlun	12.783	12.065
Útlán og ábyrgðir	1.510	1.467
Aðrar þóknanatekjur	2.078	1.902
Þóknanatekjur samtals	21.026	19.853
Verðbréfaviðskipti	(337)	(300)
Uppgjör viðskipta	(7.293)	(7.302)
Önnur þóknanagjöld	(37)	(24)
Þóknanagjöld samtals	(7.667)	(7.626)
Hreinar þóknanatekjur	13.359	12.227

Þóknanatekjur eru sundurliðaðar eftir starfsþáttum í skýringu 4.

12. Hrein fjármagnsgjöld

	2019	2018
Hreint tap af fjáreignum og fjárskuldum tilskildum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	(419)	(720)
Hreint tap af fjárskuldum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	(399)	(240)
Hreinn hagnaður (tap) af gangvirðisvörn	1	(2)
Hrein fjármagnsgjöld	(817)	(962)

12. (framhald)

	2019	2018
Hlutabréf og tengdar afleiður	(572)	(576)
Arðstekjur	32	38
Skuldabréf og tengdar afleiður	144	(197)
Aðrir afleiðusamningar	(23)	15
Hreint tap af fjáreignum og fjárskuldum tilskildum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	(419)	(720)
Lántaka tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	(399)	(240)
Hreint tap af fjárskuldum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	(399)	(240)
Hrein gangvirðisbreyting vaxtaskiptasamninga sem skilgreindir eru sem áhættuvarnargerningar	285	486
Gangvirðisbreytingar útgefinna skuldabréfa sem rekja má til vaxtaáhættu	(284)	(488)
Hreinn hagnaður (tap) af gangvirðisvörn	1	(2)

13. Hreinn gengismunur

	2019	2018
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	(222)	(193)
Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	(1.781)	2.281
Útlán á afskrifuðu kostnaðarverði	5.686	17.120
Aðrar eignir	138	305
Hreinn gengismunur vegna eigna	3.821	19.513
Innlán	(1.749)	(7.938)
Lántaka tilgreind á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	(1.667)	(3.868)
Lántaka á afskrifuðu kostnaðarverði	(384)	(6.567)
Víkjandi lán	233	(884)
Aðrar skuldir	(111)	(255)
Hreinn gengismunur vegna skulda	(3.678)	(19.512)
Hreinn gengismunur	143	1

14. Aðrar rekstrartekjur

	2019	2018
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga, eftir skatta	64	29
Hreint (tap) hagnaður vegna dótturfélaga	(16)	1.526
Samkomulag vegna dómsmáls*	1.103	-
Lögfræðiþjónusta	93	83
Leigutekjur	38	37
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta bakfært framlag**	847	-
Aðrar rekstrartekjur	5	109
Aðrar rekstrartekjur	2.134	1.784

*Í febrúar 2019 gerðu Íslandsbanki og Gamli Byr samkomulag um að ljúka dómsmáli vegna yfirtökunnar á Byr sparisjóði árið 2011.

**Bankinn gjaldfærði skuldbindingu að fjárhæð 847 milljónir króna vegna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) vegna ársins 2010 í samræmi við lög sem þá voru í gildi um TIF. Nýtt lagafrumvarp vegna TIF hefur verið til umræðu á Alþingi en hefur ekki verið fest í lög. Breyting á lögum um framlög til TIF var gerð árið 2011 og hafa íslenskir bankar síðan greitt ársfjórðungslega til sérstakrar deildar innan TIF. Bankinn telur að hann sé ekki skyldugur til að greiða skuldbindinguna frá 2010 og hefur því bakfært áður gjaldfært framlag.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

15. Starfsmenn og laun

	2019	2018
Laun	12.565	11.923
Mótframlag í lífeyrissjóð	1.849	1.767
Tryggingagjald og fjársýsluskattur*	1.711	1.723
Önnur launatengd gjöld	154	95
Eignfærð innri vinna við þróun hugbúnaðar	-	(8)
Laun og launatengd gjöld	16.279	15.500

*Fjársýsluskattur reiknaður á laun var 5,5% (2018: 5,5%).

	2019		2018	
	Íslandsbanki	Samstæðan	Íslandsbanki	Samstæðan
Meðalfjöldi starfsmanna	842	1.079	873	1.076
Stöðugildi í árslok	749	984	834	1.075

Laun stjórnar, bankastjóra og framkvæmdastjóra sundurliðast þannig:

	2019	2018
Friðrik Sophusson, stjórnarformaður	11,3	11,3
Tómas Már Sigurðsson, varaformaður	6,6	-
Anna Þórðardóttir, stjórnarmaður	7,9	7,8
Auður Finnbogadóttir, stjórnarmaður	7,6	7,5
Árni Stefánsson, stjórnarmaður	7,8	7,5
Hallgrímur Snorrason, stjórnarmaður	7,6	7,5
Heiðrún Jónsdóttir, stjórnarmaður	7,9	7,7
Helga Valfells, fyrrverandi varaformaður	2,3	9,0
Varamenn í stjórn	1,3	0,4
Laun samtals	60,3	58,7

Mótframlag greitt í lífeyrissjóði vegna stjórnar bankans nam á árinu 2019 7,1 milljón króna (2018: 7,2 milljónum króna).

	2019		2018	
	Laun samtals	Mótframlag í lífeyrissjóð	Laun samtals	Mótframlag í lífeyrissjóð
Birna Einarsdóttir, bankastjóri	50,9	11,9	63,5	14,0
Ásmundur Tryggvason, framkvæmdastjóri fyrirtækja og fjárfesta	39,5	5,6	-	-
Guðmundur Kristinn Birgisson, framkvæmdastjóri áhættustýringar	36,1	5,1	8,0	1,1
Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármála	41,5	6,1	41,0	6,0
Riaan Dreyer, framkvæmdastjóri upplýsingatækni	13,6	2,0	-	-
Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs	37,8	5,3	36,0	5,0
Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabanka	42,6	6,1	41,9	6,0
Sigríður Olgeirsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri upplýsingatækni	22,8	3,3	41,5	5,9
Sverrir Örn Þorvaldsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri áhættustýringar	-	-	39,8	6,0
Vilhelm Þorsteinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækja og fjárfesta	3,3	0,5	42,1	6,0
Samtals	288,1	45,9	313,8	50,0

Fjárhæðir í töflunni hér fyrir ofan eru vegna starfa viðkomandi aðila sem framkvæmdastjórar. Innifalið í launum samtals eru óþeningaleg hlunnindi eins og afnot bifreiða í eigu samstæðunnar.

Frá og með 1. janúar 2017 hefur ekki verið virkt kaupaukakerfi í Íslandsbanka samkvæmt starfskjarastefnu bankans. Á árinu 2019 voru greiddar eftirstöðvar af kaupauka sem ávannst árið 2015 og eru þær innifaldar í launum samtals. Hjá bankastjóra námu slíkar greiðslur 4,1 milljón króna (2018: 3,9 milljónum króna) og hjá framkvæmdastjórum samtals 10,7 milljónum króna (2018: 12,5 milljónum króna). Í apríl 2020 verður ógreiddur kaupauki vegna ársins 2016 gerður upp og er það lokagreiðsla vegna kaupaukakerfis.

Engir kaupréttarsamningar voru gerðir árin 2019 og 2018.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

16. Annar rekstrarkostnaður

	2019	2018
Sérfræðiþjónusta	2.051	2.385
Hugbúnaður og upplýsingatækni	4.616	4.568
Fasteignir og skrifstofubúnaður	1.188	1.796
Afskriftir og niðurfærslur	1.960	1.312
Annar rekstrarkostnaður	2.013	2.089
Annar rekstrarkostnaður	11.828	12.150

17. Þóknun til endurskoðenda

	2019	2018
Endurskoðun ársreiknings	125	117
Könnun árshlutareiknings	23	24
Önnur þjónusta	5	15
Þóknun til endurskoðenda	153	156

18. Hrein virðisbreyting fjáreigna

	2019	2018
Vænt útlánatap fjáreigna á efnahag*	(3.524)	529
Vænt útlánatap fjáreigna utan efnahags	(52)	38
Breyting á skuldbindingu vegna dómsúrskurða	(87)	1.017
Hrein virðisbreyting fjáreigna	(3.663)	1.584

*Helstu ástæður fyrir aukinni virðisbreytingu eru: aukin virðisrýrnun hjá tilteknum viðskiptavinum (1.178 milljónir króna), versnandi efnahagshorfur (992 milljónir króna) og óhagstæð niðurstaða í dómsmáli (787 milljónir króna).

19. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður samkvæmt gildandi skattalögum. Tekjuskattshlutfall lögaðila á árinu 2019 var 20% (2018: 20%). Sérstakur fjársýsluskattur reiknast 6% af skattskyldum hagnaði yfir 1 milljarð króna samkvæmt lögum nr. 165/2011 um fjársýsluskatt. Virkur tekjuskattur samstæðunnar árið 2019 er 30,1% (2018: 32,7%).

	2019	2018
Tekjuskattur til greiðslu án aflagðrar starfsemi	2.610	3.205
Sérstakur fjársýsluskattur	642	860
Mismunur á álögðum og reiknuðum tekjuskatti fyrra árs	(6)	196
Breyting á skatteign og tekjuskattsskuldbindingu	436	473
Reiknaður tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	3.682	4.734
Tekjuskattur færður í aðra heildarafkomu	(233)	(884)

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

19. (framhald)

	2019		2018	
Hagnaður fyrir skatta	12.261		14.467	
Reiknaður 20% tekjuskattur af hagnaði ársins	2.452	20,0%	2.893	20,0%
Sérstakur fjársýsluskattur	642	5,2%	860	5,9%
(Tekjur) gjöld undanþegin sköttum	(140)	(1,1%)	217	1,5%
Ófrádráttarbær kostnaður	708	5,8%	657	4,5%
Aðrir liðir	20	0,2%	107	0,8%
Virkur tekjuskattur	3.682	30,1%	4.734	32,7%

Bankinn er samskattaður með dótturfélagi sínu Íslandssjóðum hf.

20. Aflögð starfsemi, að frádregnum tekjuskatti

	2019	2018
(Tap) hagnaður vegna fullnustueigna	(199)	58
Hagnaður vegna aflagðrar starfsemi	74	854
Aflögð starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	(125)	912

21. Hagnaður á hlut

	Aflögð starfsemi			
	Undanskilin		Meðtalin	
	2019	2018	2019	2018
Hagnaður sem tilheyrir hluthöfum Íslandsbanka hf.	8.934	10.124	8.809	11.036
Vegið meðaltal útistandandi hluta	10.000	10.000	10.000	10.000
Hagnaður á hlut	0,89	1,01	0,88	1,10

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður samstæðunnar á hlut er sá sami þar sem samstæðan hefur ekki gefið út valréttarsamninga, tryggða kauprétti, breytanleg skuldabréf eða aðra fjármálagerninga sem þynna hagnað á hlut (2018: engir).

22. Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands

	31.12.2019	31.12.2018
Handbært fé	4.403	3.095
Innstæður hjá Seðlabanka Íslands	126.956	114.849
Innstæður hjá Seðlabanka Íslands háðar sérstökum takmörkunum*	1.679	3.049
Handbært fé og bundnar innstæður	133.038	120.993
Bindiskylda við Seðlabanka Íslands	13.600	14.063
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	146.638	135.056

*Innstæður samanber lög nr. 37/2016 um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum og reglur nr. 490/2016 um bindingu reiðufjár vegna nýs innstreymis erlends gjaldeyris.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

23. Útlán til lánastofnana

	31.12.2019	31.12.2018
Peningamarkaðslán	33.254	16.314
Bankareikningar	21.122	25.259
Önnur útlán	-	4
Útlán til lánastofnana	54.376	41.577

24. Afleiðusamningar og skortstöður

31. desember 2019	Eignir	Nafnverð tengt eignum	Skuldir	Nafnverð tengt skuldum
Vaxtaskiptasamningar	1.254	114.393	3.575	96.212
Gjaldmiðlavaxtaskiptasamningar	3.015	91.950	880	13.073
Framvirkir hlutabréfasamningar	141	4.664	298	4.001
Framvirkir gjaldeyrissamningar	212	5.460	321	10.217
Gjaldeyrisskiptasamningar	867	30.990	298	24.928
Framvirkir skuldabréfasamningar	132	12.756	33	6.219
Afleiðusamningar	5.621	260.213	5.405	154.650
Skortstöður í skráðum skuldabréfum	-	-	814	734
Samtals	5.621	260.213	6.219	155.384

31. desember 2018				
Vaxtaskiptasamningar	1.037	102.429	3.422	134.010
Gjaldmiðlavaxtaskiptasamningar	1.821	69.691	1.184	28.309
Framvirkir hlutabréfasamningar	419	4.596	78	1.195
Framvirkir gjaldeyrissamningar	359	9.242	196	3.869
Gjaldeyrisskiptasamningar	875	35.726	440	13.373
Framvirkir skuldabréfasamningar	39	3.511	201	19.993
Afleiðusamningar	4.550	225.195	5.521	200.749

Samstæðan notar afleiðusamninga til að verja sig gegn gjaldeyrisáhættu, vaxtaáhættu og verðbólguáhættu. Samstæðan ber tiltölulega litla óbeina áhættu vegna skuldsettra viðskipta viðskiptavina þar sem hún hefur tekið veð vegna hugsanlegs taps. Aðrir afleiðusamningar samstæðunnar vegna tilfallandi viðskipta nema óverulegum fjárhæðum.

Skortstöður eru í skráðum ríkisskuldabréfum og skuldabréfum útgefnum af stofnunum með ríkisábyrgð. Samstæðan hefur aðgang að lánaheimildum, sem aðalmiðlari í tengslum við verðbréf, sem veittar eru af Seðlabanka Íslands og Íbúðalánasjóði. Flestar skortstöður gjaldfalla innan árs og er hægt að gera þær upp með peningum á gjalddaga.

Samstæðan beitir áhættuvarnarreikningsskilum gagnvart ákveðnum vaxtaskiptasamningum í evrum, þar sem samstæðan greiðir fljótandi vexti og fær greidda fasta vexti. Vaxtaskiptasamningarnir eru notaðir til þess að verja áhættu gagnvart gangvirðisbreytingum á ákveðnum skuldabréfum í evrum sem stafa af breytingum á vaxtastigi en skuldabréfin bera fasta vexti, sjá skýringu 35. Samstæðan beitir gangvirðisvörn í áhættuvarnarreikningsskilum gagnvart áhættuvarnarsambandinu. Gangvirði vaxtaskiptasamninganna í lok árs 2019 var jákvætt um 921 milljón króna (2018: 627 milljónir króna) og höfuðstóll þeirra var 40.749 milljónir króna (2018: 39.696 milljónir króna).

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

25. Útlán til viðskiptavina

31. desember 2019	Brúttó bókfært virði			Vænt útlánatap			Bókfært
	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Stig 1	Stig 2	Stig 3	virði
Einstaklingar	338.335	4.119	9.362	(1.319)	(168)	(1.148)	349.181
Áhættuflokkur 9	1.095	186	-	1.281
Áhættuflokkur 10	-	-	1.233	1.233
Óflokkað	8	5	-	13
	133.035	2.226	1.233	136.494
Vænt útlánatap	(403)	(55)	(231)	(689)
Bókfært virði	132.632	2.171	1.002	135.805

49. (framhald)

31. desember 2019	Áhættu-flokkur 1-4	Áhættu-flokkur 5-6	Áhættu-flokkur 7-8	Áhættu-flokkur 9	Áhættu-flokkur 10	Óflokkuð lán	Vænt útlánatap	Samtals
Útlán og lánsloforð til viðskiptavina:								
Einstaklingar	76.119	151.224	115.042	29.537	9.517	4.530	(2.824)	383.145
Verslun og þjónusta	29.718	81.536	31.572	3.968	6.810	383	(2.894)	151.093
Byggingariðnaður	3.354	33.345	17.924	1.120	5.468	-	(756)	60.455
Orkuiðnaður	5.045	3.846	2.004	-	-	-	(34)	10.861
Fjármálastarfsemi	8.848	30	17	-	-	6	(7)	8.894
Iðnaður og flutningar	26.474	59.108	11.775	2.363	3.526	-	(2.093)	101.153
Fjárfestingarfélög	2.803	9.198	11.090	1.367	268	1	(589)	24.138
Opinberir aðilar og félagasamtök	12.761	2.733	268	11	15	15	(30)	15.773
Fasteignafélög	52.934	64.623	42.304	3.631	2.400	-	(1.297)	164.595
Sjávarútvegur	66.932	43.202	4.561	708	389	1	(463)	115.330
Samtals	284.988	448.845	236.557	42.705	28.393	4.936	(10.987)	1.035.437

31. desember 2018

Útlán til viðskiptavina:	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Áhættuflokkur 1-4	213.012	104	-	213.116
Áhættuflokkur 5-6	367.843	1.055	-	368.898
Áhættuflokkur 7-8	184.807	15.339	-	200.146
Áhættuflokkur 9	38.633	12.363	-	50.996
Áhættuflokkur 10	-	-	17.215	17.215
Óflokkað	4.137	41	95	4.273
	808.432	28.902	17.310	854.644
Vænt útlánatap	(3.277)	(1.079)	(3.689)	(8.045)
Bókfært virði	805.155	27.823	13.621	846.599

Lánsloforð og fjárhagslegar ábyrgðir utan efnahags:	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Áhættuflokkur 1-4	68.712	30	-	68.742
Áhættuflokkur 5-6	55.112	194	-	55.306
Áhættuflokkur 7-8	16.913	1.899	-	18.812
Áhættuflokkur 9	1.517	1.460	-	2.977
Áhættuflokkur 10	-	-	623	623
Óflokkað	130	3	-	133
	142.384	3.586	623	146.593
Vænt útlánatap	(410)	(142)	(84)	(636)
Bókfært virði	141.974	3.444	539	145.957

31. desember 2018	Áhættu-flokkur 1-4	Áhættu-flokkur 5-6	Áhættu-flokkur 7-8	Áhættu-flokkur 9	Áhættu-flokkur 10	Óflokkuð lán	Vænt útlánatap	Samtals
Útlán og lánsloforð til viðskiptavina:								
Einstaklingar	74.325	135.721	101.859	33.354	6.955	3.499	(2.395)	353.318
Verslun og þjónusta	33.700	84.690	23.538	5.455	3.718	585	(2.771)	148.915
Byggingariðnaður	3.387	21.930	21.711	1.024	336	53	(643)	47.798
Orkuiðnaður	11.472	544	965	-	-	-	(32)	12.949
Fjármálastarfsemi	9.450	419	8	-	-	4	(17)	9.864
Iðnaður og flutningar	34.253	41.922	8.331	4.930	3.705	69	(973)	92.237
Fjárfestingarfélög	5.709	6.976	10.751	4.241	414	-	(475)	27.616
Opinberir aðilar og félagasamtök	13.150	3.119	240	-	52	66	(23)	16.604
Fasteignafélög	41.768	73.484	44.312	2.909	2.172	36	(946)	163.735
Sjávarútvegur	54.644	55.399	7.243	2.060	486	94	(406)	119.520
Samtals	281.858	424.204	218.958	53.973	17.838	4.406	(8.681)	992.556

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

50. Greiðsluúrræði og endanlegar afskriftir

Fyrir viðskiptavini sem eiga í greiðsluerfiðleikum, hvort heldur sem er tímabundið eða varanlega, getur samstæðan að vissum skilyrðum uppfylltum gripið til vægari úrræða en innheimtuaðgerða. Dæmi um slík úrræði væri frysting greiðslna, lánalenging, vanskil færð á höfuðstól láns eða að fallið er frá kvöðum í lánasamningi. Talað er um að slík lán hafi hlotið umlíðun.

Nánar er fjallað um samband umlíðunar og flokkunar í stig í skýringu 66.3.

Hafi fjáreign hlotið umlíðun, flokkast hún sem slík í a.m.k. 24 mánuði. Fjáreign er flokkuð með umlíðun, nema viðskiptavinur uppfylli öll neðangreind skilyrði:
- Ekkert lán viðskiptavinar telst vera með verulega aukningu á útlánaáhættu; og
- Öll lán viðskiptavinar eru í undir 30 daga vanskilum; og
- A.m.k. tvö ár eru liðin frá því að umlíðunaratburður átti sér stað; og
- Reglulegar greiðslur af umtalsverðri fjárhæð höfuðstóls eða vaxta hafa verið greiddar a.m.k. á hálfu tímabilinu

Eftirfarandi tafla veitir yfirlit yfir fjáreignir samstæðunnar sem falla undir umlíðun.

31. desember 2019	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Einstaklingar	1.615	1.102	1.372	4.089
Fyrirtæki	13.212	8.469	8.289	29.970
Brúttó bókfært virði	14.827	9.571	9.661	34.059

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Einstaklingar	(12)	(41)	(182)	(235)
Fyrirtæki	(77)	(249)	(2.167)	(2.493)
Vænt útlánatap	(89)	(290)	(2.349)	(2.728)

31. desember 2018	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Einstaklingar	1.741	2.020	1.238	4.999
Fyrirtæki	14.377	2.016	4.588	20.981
Brúttó bókfært virði	16.118	4.036	5.826	25.980

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Einstaklingar	(13)	(92)	(198)	(303)
Fyrirtæki	(139)	(49)	(1.160)	(1.348)
Vænt útlánatap	(152)	(141)	(1.358)	(1.651)

Brúttó bókfært virði krafna sem hafa verið afskrifaðar en kröfuréttindum er ekki lokið	2019	2018
Einstaklingar	578	1.514
Fyrirtæki	1.253	3.756
Samtals	1.831	5.270

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

51. Fullnustueignir

Upplýsingar um ófjárhagslegar eignir sem samstæðan eignaðist á árinu með því að leysa til sín veð sem sett voru til tryggingar lánum.

	31.12.2019	31.12.2018
Fasteignir og land	378	1.072
Iðnaðartæki og bifreiðar	81	41
Samtals	459	1.113

Samstæðan innleysir veðin samkvæmt settum reglum. Samstæðan notar almennt ekki fullnustueignir í eigin rekstri. Starfsfólki samstæðunnar er ekki heimilt að kaupa fullnustueignir.

52. Stórar áhættuskuldbindingar

Þegar heildaráhættuskuldbindingar hóps tengdra viðskiptavina gagnvart samstæðunni nema 10% eða meira af eiginfjárgrunni samstæðunnar er um stóra áhættuskuldbindingu að ræða. Eins og reglugerð nr. 233/2017 kveða á um eru allir fjármálagerningar, bæði þeir sem fram koma á efnahagsreikningi og liðir utan efnahags taldir með þegar fjárhæðir stórra áhættuskuldbindinga eru metnar. Samstæðan notar eigin aðferð til að skilgreina tengsl milli viðskiptavina. Aðferðin endurspeglar túlkun samstæðunnar á a-lið 1. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem hópar tengdra viðskiptavina eru skilgreindir.

Stærð áhættuskuldbindinga er mæld bæði fyrir og eftir frádráttarliði. Eftir frádráttarliði eru á uppgjörsdegi engar stórar áhættuskuldbindingar, sem er fækkun um fjórar frá síðasta ársuppgjöri. Engin stór áhættuskuldbinding er því umfram 25% af eiginfjárgrunni sem er það hámark sem kveðið er á um í lögunum.

Taflan hér á eftir sýnir stórar áhættuskuldbindingar sem hlutfall af eiginfjárgrunni samstæðunnar, með og án leyfilegs frádrags.

31. desember 2019

Hópar tengdra viðskiptamanna:	Fyrir	Eftir
Áhættuskuldbinding 1	75%	-

31. desember 2018

Hópar tengdra viðskiptamanna:	Fyrir	Eftir
Áhættuskuldbinding 1	73%	-
Áhættuskuldbinding 2	12%	12%
Áhættuskuldbinding 3	12%	11%
Áhættuskuldbinding 4	11%	11%
Áhættuskuldbinding 5	13%	11%

53. Lausafjáráhætta

Samstæðan skilgreinir lausafjáráhættu sem áhættuna af því að geta ekki fjármagnað fjárhagslegar skuldbindingar sínar eða fyrirhugaðan vöxt, eða geta einungis gert það á kjörum sem eru umtalsvert lakari en ríkjandi markaðskjör á hverjum tíma.

Samstæðan er að stærstum hluta fjármögnuð með innlánum viðskiptavina. Fjárstýring Íslandsbanka ber ábyrgð á fjármögnun bankans og lausafjárstýringu í samræmi við innri og ytri mörk og stefnur. Dagleg umsýsla lausafjár er í höndum fjárstýringar. Áhættustýring, sem önnur varnarlína, ber ábyrgð á skýrslugjöf er varðar lausafjáráhættu til innri og ytri hagsmunaaðila og hefur heildstæða yfirsýn yfir lausafjáráhættu á samstæðugrunni.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

54. Lausafjárþekjuhlutfall og fjármögnunarhlutfall

Lykilmælikvarðar við mat á lausafjáráhættu eru lausafjárþekjuhlutfall (LCR) og fjármögnunarhlutfall (NSFR). Seðlabanki Íslands sem setur reglur og hefur eftirlit með lausafjárstöðu íslenskra banka hefur fellt LCR og NSFR mælikvarðana inn í reglur um lausafjárhlutfall og reglur um fjármögnunarhlutfall í erlendum gjaldmiðlum. Samstæðan fylgir leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2010, um bestu framkvæmd lausafjárstýringar hjá fjármálafyrirtækjum og reglum nr. 266/2017 um lausafjárþekjuhlutfallið.

Taflan hér á eftir sýnir NSFR og LCR fyrir samstæðuna við árslok 2019 og 2018.

Fjármögnunarhlutfall	31.12.2019	31.12.2018
Allir gjaldmiðlar	119%	114%
Erlendir gjaldmiðlar	156%	149%

Lausafjárþekjuhlutfall	31.12.2019	31.12.2018
Allir gjaldmiðlar	155%	172%
Erlendir gjaldmiðlar	325%	544%

31. desember 2019	Allir gjaldmiðlar		Erlendir gjaldmiðlar	
	Óvigtað	Vigtað	Óvigtað	Vigtað
Lausafjáreignir 1. stigs*	157.080	157.080	31.858	31.858
Lausafjáreignir 2. stigs	11.942	6.271	3.727	520
Samtals lausafjáreignir	169.022	163.351	35.585	32.378
Innlán	482.322	139.354	78.089	33.961
Lántaka	1.361	1.361	650	650
Annað útflæði	81.493	30.997	18.012	5.248
Samtals útflæði	565.176	171.712	96.751	39.859
Skammtímalán til lánastofnana**	54.203	52.335	51.343	50.261
Annað innflæði	33.984	14.213	6.287	3.558
Takmarkanir á innflæði	-	-	-	(23.925)
Samtals innflæði	88.187	66.548	57.630	29.894
Lausafjárþekjuhlutfall		155%		325%

31. desember 2018	Allir gjaldmiðlar		Erlendir gjaldmiðlar	
	Óvigtað	Vigtað	Óvigtað	Vigtað
Lausafjáreignir 1. stigs*	169.217	169.217	42.608	42.608
Lausafjáreignir 2. stigs	2.754	775	2.754	775
Samtals lausafjáreignir	171.971	169.992	45.362	43.383
Innlán	455.883	127.018	67.513	25.191
Lántaka	875	875	875	875
Annað útflæði	72.598	32.095	15.277	5.849
Samtals útflæði	529.356	159.988	83.665	31.915
Skammtímalán til lánastofnana**	39.718	39.718	39.716	39.716
Annað innflæði	42.739	21.443	9.702	7.950
Takmarkanir á innflæði	-	-	-	(23.730)
Samtals innflæði	82.457	61.161	49.418	23.936
Lausafjárþekjuhlutfall		172%		544%

*1. stigs lausafjáreignir samanstanda af sjóði og innstæðum hjá Seðlabanka Íslands, innlendum skuldabréfum sem eru veðhæf í viðskiptum við SÍ og erlendum ríkisskuldabréfum í samræmi við reglur nr. 266/2017 um lausafjárþekjuhlutfallið.

**Skammtímalán til lánastofnana með gjalddaga innan við 30 daga.

54. (framhald)

Innlán flokkuð samkvæmt reglum um lausafjárþekjuhlutfall

Taflan hér á eftir sýnir niðurbrot innlána samstæðunnar eftir mótaðilum samkvæmt grunnflokkum lausafjárþekjuhlutfallsins (LCR). Innstæðurnar eru aðgreindar á milli stöðugra og minna stöðugra innlána sem byggist annars vegar á því hvernig viðskiptasambandi milli samstæðunnar og viðkomandi innlánseiganda er háttað og hins vegar á heildarfjárhæð innlána hvers viðskiptavinar miðað við hámarks tryggingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta.

	Innlán laus innan 30 daga					
31. desember 2019	Minna stöðug	Vægi (%)	Stöðug	Vægi (%)	Bundin innlán	Samtals innlán
Smásöluaðilar	228.447	12%	83.773	5%	78.870	391.090
Fyrirtæki í rekstrarsambandi	2.446	25%	-	5%	-	2.446
Fyrirtæki	73.739	40%	337	20%	24.589	98.665
Ríki, sveitarfélög, seðlabankar og opinber fyrirtæki	6.813	40%	253	20%	620	7.686
Lífeyrissjóðir	35.405	100%	-	-	24.869	60.274
Innlend fjármálafyrirtæki	28.494	100%	-	-	46.371	74.865
Erlend fjármálafyrirtæki	8.038	100%	-	-	6.174	14.212
Samtals	383.382		84.363		181.493	649.238

	Innlán laus innan 30 daga					
31. desember 2018	Minna stöðug	Vægi (%)	Stöðug	Vægi (%)	Bundin innlán	Samtals innlán
Smásöluaðilar	216.428	12%	80.804	5%	78.476	375.708
Fyrirtæki í rekstrarsambandi	2.572	25%	-	5%	-	2.572
Fyrirtæki	63.887	40%	341	20%	22.809	87.037
Ríki, sveitarfélög, seðlabankar og opinber fyrirtæki	7.613	40%	246	20%	591	8.450
Lífeyrissjóðir	30.686	100%	-	-	26.987	57.673
Innlend fjármálafyrirtæki	27.467	100%	-	-	24.622	52.089
Erlend fjármálafyrirtæki	3.242	100%	-	-	7.807	11.049
Samtals	351.895		81.391		161.292	594.578

55. Tímagreining eigna og skulda

Töflurnar hér á eftir sýna samningsbundnar vaxta- og höfuðstólsgreiðslur vegna fjárhagslegra skuldbindinga samstæðunnar. Samtölur fyrir hverja tegund skuldbindinga eru því hærri en samsvarandi tölur á efnahagsreikningi samstæðunnar. Greiðsluflæði skuldbindinga, sem ekki er fyrirfram ákveðið, t.d. vegna breytilegra vaxta, verðtryggingar eða gengistryggingar, er áætlað út frá spá um þróun undirliggjandi þátta.

Fyrir samningsbundnar skuldbindingar eru fjárhæðir brotnar niður á tímabil eftir því hvenær samningsbundnar höfuðstólsgreiðslur og áætlaðar greiðslur á vöxtum falla til. Óbundnar innstæður og aðrar skuldbindingar, sem ekki hafa samningsbundna gjalddaga, eru flokkaðar miðað við að viðskiptavinur krefji samstæðuna um greiðslu við fyrsta tækifæri.

Tímagreining samningsbundinna gjalddaga 31. desember 2019

Fjárskuldir	Bókfært virði	Laust til útgr.	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Innlán SÍ og lánastofnana	30.925	1.992	16.363	8.468	4.580	-	-	31.403
Innlán viðskiptavina	618.313	453.959	78.232	54.994	16.612	62.222	-	666.019
Lántaka	306.381	-	6.991	24.861	267.776	90.610	-	390.238
Víkjandi lán	22.674	-	158	463	2.865	26.482	-	29.968
Aðrar fjárskuldir:	24.772	17.581	2.124	1.276	1.759	2.448	-	25.188
Leiguskuldir	4.256	-	116	349	1.759	2.448	-	4.672
Aðrar skuldir	20.516	17.581	2.008	927	-	-	-	20.516
Samtals	1.003.065	473.532	103.868	90.062	293.592	181.762	-	1.142.816

55. (framhald)

Skuldbindingar utan efnahags sýna samningsbundnar skuldbindingar samstæðunnar gagnvart viðskiptavinum, annað hvort vegna loforða um lánveitingar eða vegna ábyrgða sem veittar hafa verið þriðja aðila. Fjárhæðirnar eru hámarksfjárhæðir og er ekki tekið tillit til þess að samstæðan gæti lækkað yfirdráttar- og greiðslukortaheimildir áður en þær verða fullnýttar. Þessar skuldbindingar tilheyra fyrsta gjalddagatímabilinu þar sem samstæðan gæti í hverju tilfelli fyrir sig verið krafin um að mæta þeim samningsbundnu skuldbindingum strax.

Liðir utan efnahags	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Fjárhagslegar ábyrgðir	18.861	-	-	-	-	-	18.861
Óádregnar lánalínur	35.443	-	-	-	-	-	35.443
Ónýttar yfirdráttarheimildir	51.338	-	-	-	-	-	51.338
Ónýttar greiðslukortaheimildir	30.163	-	-	-	-	-	30.163
Samtals	135.805	-	-	-	-	-	135.805
Heildarskuldbindingar aðrar en afleiður og liðir utan efnahags	609.337	103.868	90.062	293.592	181.762	-	1.278.621

Taflan hér á eftir sýnir greiðsluflæði þeirra afleiðuskuldbindinga samstæðunnar sem hafa neikvætt og jákvætt markaðsvirði á uppgjörsdegi. Fyrir afleiður sem gerðar eru upp án nettunar er greiðsluflæði fyrir báða leggina sýnt þar sem ekki er hægt að beita skuldajöfnun við uppgjör.

Afleiður - skuldir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Afleiður gerðar upp brúttó							
Innstreymi	-	57.542	36.133	43.218	-	-	136.893
Útstreymi	-	(59.615)	(37.222)	(44.915)	-	-	(141.752)
Samtals	-	(2.073)	(1.089)	(1.697)	-	-	(4.859)
Afleiður gerðar upp nettó	-	(323)	-	-	-	-	(323)
Samtals	-	(2.396)	(1.089)	(1.697)	-	-	(5.182)

Flokkun eigna eftir gjalddaga byggir á samningsbundnum gjalddaga. Fyrir skuldabréf og skuldabréfagerninga í fjárfestingarbók er flokkun eftir gjalddögum byggð á samningsbundnum gjalddögum en þegar um skuldabréf og skuldagerninga í veltubók er að ræða er byggt á þeim tíma sem áætlað er að þurfi til að selja eignina.

Fjáreignir	Bókfært virði	Laust til útgr.	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá SÍ	146.638	28.978	115.981	-	-	1.679	-	146.638
Útlán til lánastofnana	54.376	20.719	33.656	-	-	-	-	54.375
Skuldabréf og skuldagerningar	52.870	7.768	23.998	10.120	10.983	-	-	52.869
Útlán til viðskiptavina	899.632	2.972	88.446	87.462	303.668	417.083	-	899.631
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	18.426	-	-	-	-	-	18.426	18.426
Aðrar fjáreignir	5.757	1.889	525	118	17	-	3.259	5.808
Samtals	1.177.699	62.326	262.606	97.700	314.668	418.762	21.685	1.177.747

Afleiður - eignir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Afleiður gerðar upp brúttó							
Innstreymi	-	92.680	28.583	74.731	-	-	195.994
Útstreymi	-	(82.832)	(27.964)	(73.544)	-	-	(184.340)
Samtals	-	9.848	619	1.187	-	-	11.654
Afleiður gerðar upp nettó	-	273	-	-	-	-	273
Samtals	-	10.121	619	1.187	-	-	11.927

55. (framhald)

Töflurnar hér að neðan sýna samanburðartölur fyrir eignir og skuldir miðað við árslok 2018.

Tímagreining samningsbundinna gjalddaga 31. desember 2018

Fjárskuldir	Bókfært virði	Laust til útgr.	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Innlán SÍ og lánastofnana	15.619	4.594	3.229	4.992	3.249	-	-	16.064
Innlán viðskiptavina	578.959	420.242	81.178	37.952	26.976	38.070	-	604.418
Lántaka	300.976	404	24.214	21.178	154.315	141.098	-	341.209
Víkjandi lán	16.216	-	90	307	2.242	20.417	-	23.056
Aðrar fjárskuldir	27.186	24.431	1.729	1.026	-	-	-	27.186
Samtals	938.956	449.671	110.440	65.455	186.782	199.585	-	1.011.933

Liðir utan efnahags	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Fjárhagslegar ábyrgðir	18.021	-	-	-	-	-	18.021
Óádregnar lánalínur	49.054	-	-	-	-	-	49.054
Ónýttar yfirdráttarheimildir	49.833	-	-	-	-	-	49.833
Ónýttar greiðslukortaheimildir	29.049	-	-	-	-	-	29.049
Samtals	145.957	-	-	-	-	-	145.957

Heildarskuldbindingar aðrar en afleiður og liðir utan efnahags	595.628	110.440	65.455	186.782	199.585	-	1.157.890

Afleiður - skuldir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Afleiður gerðar upp brúttó							
Innstreymi	-	20.124	23.147	49.380	1.771	-	94.422
Útstreymi	-	(20.638)	(24.189)	(51.654)	(1.943)	-	(98.424)
Samtals	-	(514)	(1.042)	(2.274)	(172)	-	(4.002)
Afleiður gerðar upp nettó	-	(280)	-	-	-	-	(280)
Samtals	-	(794)	(1.042)	(2.274)	(172)	-	(4.282)

Fjáreignir	Bókfært virði	Laust til útgr.	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Handbært fé og innstæður hjá SÍ	135.056	47.746	87.310	-	-	-	-	135.056
Útlán til lánastofnana	41.577	24.152	17.425	-	-	-	-	41.577
Skuldabréf og skuldagerningar	69.415	-	18.946	24.189	14.409	11.604	267	69.415
Útlán til viðskiptavina	846.599	2.054	90.269	74.716	282.624	396.936	-	846.599
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	13.074	-	-	-	-	-	13.074	13.074
Aðrar fjáreignir	7.511	1.888	475	71	9	-	5.068	7.511
Samtals	1.113.232	75.840	214.425	98.976	297.042	408.540	18.409	1.113.232

Afleiður - eignir	Laust til útgreiðslu	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Meira en 5 ár	Enginn gjalddagi	Samtals
Afleiður gerðar upp brúttó							
Innstreymi	-	57.050	22.267	77.126	327	-	156.770
Útstreymi	-	(56.077)	(21.929)	(74.072)	(343)	-	(152.421)
Samtals	-	973	338	3.054	(16)	-	4.349
Afleiður gerðar upp nettó	-	869	-	-	-	-	869
Samtals	-	1.842	338	3.054	(16)	-	5.218

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

56. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er sú áhætta að verðbreytingar á mörkuðum, svo sem breytingar á vöxtum, gengi gjaldmiðla, hlutabréfaverði, verðtryggingu og hrávöruverði, hafi óhagstæð áhrif á fjármálagerninga samstæðunnar og þar með á afkomu hennar og eigið fé. Markaðsáhætta er tilkomin vegna misvægis í efnahagsreikningi samstæðunnar og stöðutöku í skuldabréfum, gjaldeyri og hlutabréfum, auk þess sem áhætta skapast af stöðum í afleiðusamningum.

Markaðsáhætta er flokkuð í veltubók og fjárfestingarbók. Markaðsáhætta í veltubók tengist viðskiptum samstæðunnar til skamms eða meðallangs tíma í verðbréfum, erlendum gjaldmiðlum, öðrum fjármálagerningum og afleiðum. Allar fjárhagslegar eignir og skuldbindingar í veltubók eru bókfærðar á gangvirði og allar gangvirðisbreytingar endurspeglast strax í rekstrarreikningi. Stöður sem mynda markaðsáhættu í fjárfestingarbók tengjast verðbréfum sem fjárfest er í til lengri tíma, óskráðum verðbréfum eða stöðum í dóttur- og hlutdeildarfélögum. Stór hluti markaðsáhættu í fjárfestingarbók kemur til vegna misvægis í samsetningu eigna og skuldbindinga, til dæmis með tilliti til erlendra gjaldmiðla, vaxta, verðtryggingar eða annarra þátta sem geta haft áhrif á afkomu eða flökt í afkomu samstæðunnar. Skýr mörk eru sett varðandi slíkt misvægi og eru stjórnendur og stjórn reglulega upplýst um þá áhættu sem í því felst.

57. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er skilgreind sem þau áhrif sem óhagstæðar hreyfingar á vöxtum geta haft á eigið fé eða afkomu samstæðunnar. Næmismælingum eins og punktvirði (e. basis-point-value) er beitt til þess að mæla og stýra vaxtaáhættu. Punktvirði segir til um hvernig gangvirði undirliggjandi stöðu breytist ef vaxtaferlar hliðrast upp um 0,01 prósentustig (einn punkt).

Vaxtaáhætta í veltubók

Fjárfestingar í veltubók skuldabréfa eru aðallega í ríkisskuldabréfum, skuldabréfum sveitarfélaga, sértryggðum skuldabréfum útgefnum af íslenskum bönkum og íbúðabréfum með ríkisábyrgð. Skuldabréf og víxlar í lausafjársafni samstæðunnar teljast einnig til veltubókar. Hafa ber í huga að heildarvirði gnótt- og skortstaðna í töflunni hér að neðan þarf ekki nauðsynlega að vera það sama og í skýringu 5 þar sem hér er um að ræða samtölu gnótt- og skortstaðna áður en hrein staða í hverju bréfi er reiknuð.

	31.12.2019			31.12.2018		
Skuldabréf og skuldagerningar veltubókar, gnóttstaða	Markaðs-virði	Meðal-líftími	Punktvirði	Markaðs-virði	Meðal-líftími	Punktvirði
Verðtryggð	1.143	6,84	(0,78)	1.872	6,13	(1,15)
Óverðtryggð	31.855	0,41	(1,29)	43.550	0,32	(1,40)
Samtals	32.998	0,63	(2,07)	45.422	0,56	(2,55)

	31.12.2019			31.12.2018		
Skuldabréf og skuldagerningar veltubókar, skortstaða	Markaðs-virði	Meðal-líftími	Punktvirði	Markaðs-virði	Meðal-líftími	Punktvirði
Verðtryggð	150	6,00	0,10	-	-	-
Óverðtryggð	615	4,00	0,28	198	5,00	0,09
Samtals	765	4,39	0,38	198	5,00	0,09
Hrein staða veltubókar skuldabréfa	32.233	0,54	(1,69)	45.224	0,54	(2,46)

57. (framhald)

Eftirfarandi tafla sýnir vaxtanæmi veltubókar samstæðunnar gagnvart samsíða 100 punkta hliðrunar allra vaxtaferla.

Næmisgreining á skuldabréfum og öðrum skuldagerningum		31.12.2019		31.12.2018	
		Hagnaður (tap)			
Mynt	Samsíða hliðrun vaxtaferils (punktar)	Hliðrun niður	Hliðrun upp	Hliðrun niður	Hliðrun upp
ISK, verðtryggð	100	87	(87)	115	(115)
ISK, óverðtryggð	100	44	(44)	24	(24)
EUR	100	40	(40)	56	(56)
USD	100	32	(32)	29	(29)
Aðrar myntir samtals	100	9	(9)	-	-
Samtals		212	(212)	224	(224)

Vaxtaáhætta í fjárfestingarbók

Vaxtaáhætta í fjárfestingarbók er til komin vegna kjarnastarfsemi samstæðunnar. Þessi vaxtaáhætta felst einkum í hættu á tapi vegna sveiflna í framtíðargreiðsluflæði eða gangvirði fjármálagerninga vegna vaxtabreytinga sem endurspeglar þá staðreynd að eignir og skuldir samstæðunnar hafa mismunandi gjalddaga og eru verðlagðar miðað við mismunandi vaxtagrunn.

Eftirfarandi tafla sýnir vaxtanæmi fjárfestingarbókar samstæðunnar gagnvart samsíða 100 punkta hliðrunar allra vaxtaferla, að öllu öðru óbreyttu, skipt eftir vaxtabindingartímabilum.

Vaxtanæmi fjárfestingarbókar

31. desember 2019

Mynt	0-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
ISK, verðtryggð	55	60	(442)	(1.668)	1.995	193	193
ISK, óverðtryggð	7	(12)	11	89	(10)	(9)	76
EUR	(17)	(20)	(29)	118	-	(2)	50
SEK	10	-	-	-	-	-	10
USD	(42)	-	-	-	-	(1)	(43)
Other	12	(11)	-	41	-	(6)	36
Samtals	25	17	(460)	(1.420)	1.985	175	322

31. desember 2018

Mynt	0-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
ISK, verðtryggð	20	8	110	(3.318)	3.185	72	77
ISK, óverðtryggð	9	57	(7)	(193)	(77)	(1)	(212)
EUR	87	(25)	13	(1.605)	1.709	-	179
SEK	92	-	(16)	-	-	-	76
USD	(63)	-	-	-	-	-	(63)
Aðrar myntir	(1)	(11)	-	-	-	-	(12)
Samtals	144	29	100	(5.116)	4.817	71	45

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

58. Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er áhættan af því að afkoma eða eigið fé verði fyrir neikvæðum áhrifum af völdum breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla, vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum eða vegna misræmis í myntsamsetningu eigna og skulda.

Greining á gjaldeyrisáhættu hér að neðan byggist á samningsbundnum gjaldmiðli sérhvers undirliggjandi efnahagsliðar. Að auki eru liðir utan efnahagsreiknings, sem bera gjaldeyrisáhættu, taldir með í heildargjaldeyrisjöfnuði samstæðunnar. Fjárhæðir liða utan efnahagsreiknings endurspegla nafnverðsfjárhæðir afleiðna og stundarsamninga.

Eignir og skuldir eftir myntum 31. desember 2019

Eignir	EUR	USD	GBP	CHF	JPY	SEK	NOK	DKK	CAD	Aðrar erl. myntir	Samtals erl. myntir
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	942	319	210	52	24	51	73	114	58	123	1.966
Útlán til lánastofnana	11.689	25.740	1.650	378	534	116	9.707	1.294	272	687	52.067
Skuldabréf og skuldagerningar	12.930	10.937	3	-	-	-	8.232	-	-	-	32.102
Útlán til viðskiptavina	112.185	29.486	2.037	581	3.185	3	3.408	635	6.005	33	157.558
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	31	3.371	419	-	-	-	27	-	-	-	3.848
Aðrar eignir	390	1.866	338	6	-	73	2	20	-	458	3.153
Eignir samtals	138.167	71.719	4.657	1.017	3.743	243	21.449	2.063	6.335	1.301	250.694
Skuldir											
Innlán lánastofnana	9.145	558	1	-	-	-	-	-	-	-	9.704
Innlán viðskiptavina	32.247	27.939	3.810	385	395	874	3.317	3.617	453	42	73.079
Lántaka	91.809	-	-	-	-	37.768	19.565	-	-	-	149.142
Víkjandi lán	-	-	-	-	-	22.674	-	-	-	-	22.674
Aðrar skuldir	1.728	944	558	35	3	162	5	47	2	665	4.149
Skuldir samtals	134.929	29.441	4.369	420	398	61.478	22.887	3.664	455	707	258.748
Hrein staða efnahagsreiknings	3.238	42.278	288	597	3.345	(61.235)	(1.438)	(1.601)	5.880	594	(8.054)
Hrein staða utan efnahagsreiknings	(4.344)	(41.574)	(231)	(610)	(3.345)	61.127	1.255	1.726	(5.840)	(203)	7.961
Hrein staða	(1.106)	704	57	(13)	-	(108)	(183)	125	40	391	(93)

58. (framhald)

Eignir og skuldir eftir myntum 31. desember 2018

Eignir	EUR	USD	GBP	CHF	JPY	SEK	NOK	DKK	CAD	Aðrar erl. myntir	Samtals erl. myntir
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	377	250	135	23	10	54	51	88	29	73	1.090
Útlán til lánastofnana	15.662	12.614	4.488	258	613	4.683	1.901	530	123	538	41.410
Skuldabréf og skuldagerningar	32.313	10.968	24	-	-	-	-	-	-	-	43.305
Útlán til viðskiptavina	105.852	31.603	2.037	734	3.213	2	4.318	572	5.710	39	154.080
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	45	2.202	398	-	-	-	40	-	-	-	2.685
Aðrar eignir	1.270	2.056	834	4	91	83	2	45	-	1.737	6.122
Eignir samtals	155.519	59.693	7.916	1.019	3.927	4.822	6.312	1.235	5.862	2.387	248.692
Skuldir											
Innlán lánastofnana	5.622	538	83	-	96	-	16	-	-	-	6.355
Innlán viðskiptavina	26.605	26.819	4.293	329	430	927	3.211	1.728	434	144	64.920
Lántaka	113.670	-	-	-	-	41.764	-	-	-	-	155.434
Víkjandi lán	-	-	-	-	-	16.216	-	-	-	-	16.216
Aðrar skuldir	2.502	1.269	578	30	266	82	154	138	-	2.098	7.117
Skuldir samtals	148.399	28.626	4.954	359	792	58.989	3.381	1.866	434	2.242	250.042
Hrein staða efnahagsreiknings	7.120	31.067	2.962	660	3.135	(54.167)	2.931	(631)	5.428	145	(1.350)
Hrein staða utan efnahagsreiknings	(7.589)	(31.140)	(2.964)	(667)	(3.170)	54.350	(2.844)	642	(5.418)	(147)	1.053
Hrein staða	(469)	(73)	(2)	(7)	(35)	183	87	11	10	(2)	(297)

58. (framhald)

Taflan hér á eftir sýnir áhrif 10% veikingar eða styrkingar gengis gjaldmiðla þar sem samstæðan var með opnar stöður á uppgjörsdegi, að öllu öðru óbreyttu.

Næmisgreining á gjaldeyrisáhættu	31.12.2019		31.12.2018	
	Hagnaður eða (tap)			
Gjaldmiðill	-10%	10%	-10%	10%
EUR	111	(111)	47	(47)
USD	(70)	70	7	(7)
GBP	(6)	6	-	-
CHF	1	(1)	1	(1)
JPY	-	-	4	(4)
SEK	11	(11)	(18)	18
NOK	18	(18)	(9)	9
DKK	(13)	13	(1)	1
CAD	(4)	4	(1)	1
Aðrar erlendar myntir	(39)	39	-	-
Samtals	9	(9)	30	(30)

59. Hlutabréf og eiginfjárgerningar

Hlutabréf og eiginfjárgerningar í veltubók samstæðunnar koma til vegna flæðiviðskipta og viðskiptavaktar með skráð hlutabréf í kauphöll Nasdaq Iceland. Hlutabréf og eiginfjárgerningar í fjárfestingarbók eru annaðhvort metin sem tilskilin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eða flokkuð sem fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi.

Taflan hér á eftir sýnir áhrif 10% hliðrunar á hlutabréfaverði á eigið fé samstæðunnar og rekstrarreikning að öllu öðru óbreyttu. Varnir afleiðusamninga eru undanskildar hér.

Næmisgreining á hlutabréfum og eiginfjárgerningum		31.12.2019		31.12.2018	
		Hagnaður eða (tap)			
Eignasafn	Breyting á verðmæti	Hliðrun niður	Hliðrun upp	Hliðrun niður	Hliðrun upp
Veltubók	10%	(169)	169	(123)	123
Fjárfestingarbók	10%	(806)	806	(639)	639
Samtals		(975)	975	(762)	762

60. Verðbólguáhætta

Samstæðan ber áhættu vegna óvæntra breytinga á vísitölu neysluverðs þar sem virði verðtryggðra eigna er hærra en virði verðtryggðra skulda. Virði þessara eigna og skulda breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs á hverjum tíma og allar breytingar á neysluverðsvísitölunni hafa áhrif á afkomu samstæðunnar. 1% hækkun á vísitölunni leiðir til 93 milljóna króna nettóhækkunar á verðtryggingarjöfnuði og 1% lækkun leiðir til samsvarandi lækkunar þegar aðrir áhættuþættir eru óbreyttir.

	31.12.2019	31.12.2018
Skuldabréf og skuldagerningar	2.103	2.721
Útlán til viðskiptavina	295.725	293.917
Verðtryggðar eignir samtals	297.828	296.638

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

60. (framhald)

	31.12.2019	31.12.2018
Innlán viðskiptavina	98.766	95.917
Lántaka	125.975	118.103
Liðir utan efnahags	63.827	70.617
Verðtryggðar skuldir samtals	288.568	284.637
Verðtryggingarjöfnuður	9.260	12.001

61. Afleiðusamningar

Samstæðan notar afleiðusamninga til að verja sig gegn gjaldeyrisáhættu, vaxtaáhættu og verðbólguáhættu. Samstæðan ber óbeina áhættu vegna tryggingaskyldra samninga viðskiptavina. Kröfur um tryggingar í slíkum viðskiptum eru strangar og er eftirlit með veðstöðu daglegt og innan dags. Aðrir afleiðusamningar samstæðunnar vegna tilfallandi viðskipta nema óverulegum fjárhæðum.

62. Eiginfjárstýring

Taflan hér á eftir sýnir eiginfjárgrunn, áhættugrunn, eiginfjárhlutföll og vogunarhlutföll samstæðunnar þann 31. desember 2019 og 31. desember 2018.

Eiginfjárþörf samstæðunnar er reiknuð samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og reglugerð nr. 233/2017 um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja. Eiginfjárþörf vegna útlánaáhættu og markaðsáhættu er reiknuð með staðalaðferð. Eiginfjárþörf vegna rekstraráhættu er reiknuð með grundvallaraðferð.

Frá og með 1. janúar 2020 gildir hér á landi ákvæði 501. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem kveður á um afslátt vegna áhættuskuldbindinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja (e. SME factor). Áhrifin munu hafa áhrif til 15,6 milljarða krónu lækkunar á áhættugrunni sem myndi skila 40 punkta hækkun á eiginfjárhlutfalli samstæðunnar.

Samstæðan hefur sett sér markmið um lágmarkseiginfjárhlutfall sem miðar að því að tryggja að eiginfjárhlutfallið fari ekki niður fyrir heildarkröfu Fjármálaeftirlitsins. Heildarkrafa samstæðunnar um eiginfjárgrunn samkvæmt niðurstöðum könnunar- og matsferlis Fjármálaeftirlitsins frá því í september 2019 er 18,8%. Eiginfjármarkið samstæðunnar gerir ráð fyrir 0,5-2% stjórnendaauka ofaná heildar eiginfjárkröfuna.

Lög um fjármálafyrirtæki kveða á um að vogunarhlutfall skuli ekki fara undir 3%.

	31.12.2019	31.12.2018
Eiginfjárþáttur 1		
Hlutafé	10.000	10.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár	55.000	55.000
Varasjóðir	7.065	6.499
Óráðstafað eigið fé	105.569	102.496
Hlutdeild minnihluta	2.428	2.318
Gangvirðisbreyting fjárskulda vegna eigin útlánaáhættu	392	376
Skatteign	(476)	(215)
Óefnislegar eignir	(4.330)	(5.002)
Eiginfjárþáttur 1 samtals	175.648	171.472
Eiginfjárþáttur 2		
Tæk víkjandi lán	22.674	16.216
Eiginfjárgrunnur samtals	198.322	187.688

62. (framhald)

	31.12.2019	31.12.2018
Áhættugrunnur		
- Vegna útlánaáhættu	789.180	750.801
- Vegna markaðsáhættu	7.919	7.622
Markaðsáhætta, veltubók	6.488	6.649
Gjaldeyrisáhætta	1.431	973
- Vegna aðlögunar á útlánavirði	2.027	2.385
- Vegna rekstraráhættu	85.424	85.141
Áhættugrunnur samtals	884.550	845.949
Eiginfjárhlutföll		
Eiginfjárhlutfall þáttar 1	19,9%	20,3%
Eiginfjárhlutfall	22,4%	22,2%
Vogunarhlutfall		
Áhættuskuldbindingar		
Liðir á efnahag	1.189.062	1.120.637
Liðir utan efnahags	38.849	47.119
Afleiður	9.461	8.935
Áhættuskuldbindingar samtals	1.237.372	1.176.691
Eiginfjárþáttur 1	175.648	171.472
Vogunarhlutfall	14,2%	14,6%

63. Rekstraráhætta

Samstæðan skilgreinir rekstraráhættu sem áhættu á tapi sem afleiðingu af ófullnægjandi innri verkferlum, misbresti á að verkferlum sé fylgt, mannlegum mistökum og kerfisbilunum eða vegna ytri atburða. Skilgreining samstæðunnar á rekstraráhættu innifelur orðsporsáhættu, lagaáhættu, háttsemisáhættu og hlítingaráhættu ásamt öðrum áhættuþáttum.

Stjórn Íslandsbanka ber ábyrgð á því að umgjörð fyrir stýringu rekstraráhættu sé fullnægjandi. Stjórnin hefur samþykkt rekstraráhættustefnu sem lýsir umgjörð rekstraráhættustýringar í bankanum. Áhættustýring ber ábyrgð á því að innleiða umgjörð fyrir stýringu rekstraráhættu og að þróa og viðhalda rekstraráhættustefnu og miðla henni til starfsmanna bankans.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

Reikningsskilareglur

64. Grundvöllur ársreiknings

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að undanskildum eftirfarandi eignum og skuldum sem færðar eru á gangvirði: skuldabréf og skuldagerningar, hlutabréf og eiginfjárgerningar, skortstöður í skráðum skuldabréfum, afleiðusamningum og tiltekin skuldabréf. Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi eru færð á bókfærðu virði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist. Fjárskuldir sem skilgreindar eru sem áhættuvarðir liðir í gangvirðisvarnarsambandi eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði að teknu tilliti til breytinga á gangvirði sem stafa af áhættunni sem verjast skal.

65. Breytingar á framsetningu

Samstæðan hefur breytt framsetningu í efnahagsreikningi sem hér segir:
- Liðurinn „Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi“ hefur verið færður undir liðinn „Aðrar eignir“
- Liðurinn „Skuldir vegna fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi“ hefur verið færður undir liðinn „Aðrar skuldir“

66. Helstu reikningsskilaaðferðir

Neðangreindum reikningsskilaaðferðum hefur verið beitt með samræmdum hætti af öllum félögum samstæðunnar á öll tímabil sem þessi ársreikningur nær yfir.

Þann 1. janúar 2019 innleiddi samstæðan IFRS 16 - Leigusamningar og ákvað að breyta ekki samanburðartölum. Þarf af leiðandi eru samanburðartölur birtar í samræmi við eldri reikningsskilareglur um leigusamninga, IAS 17, eins og þeim er lýst í endurskoðuðum ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2018.

Efnisyfirlit

66.1 Grundvöllur samstæðu 70
66.2 Erlendir gjaldmiðlar 71
66.3 Fjáreignir og fjárskuldir 71
66.4 Afleiðusamningar 77
66.5 Gangvirðisvörn í áhættuvarnarreikningsskilum 77
66.6 Handbært fé og ígildi þess 77
66.7 Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum 77
66.8 Rekstrarfjármunir 78
66.9 Óefnislegar eignir 78
66.10 Leigusamningar 79
66.11 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi 80
66.12 Lánsloforð og fjárhagslegar ábyrgðir 80
66.13 Skuldbindingar 80
66.14 Starfskjör 81
66.15 Eigið fé 81
66.16 Vaxtatekjur og vaxtagjöld 82
66.17 Þóknanatekjur og þóknanagjöld 82
66.18 Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) 82
66.19 Hreinn gengismunur 83
66.20 Rekstrarkostnaður 83
66.21 Virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna 83
66.22 Skattar 83
66.23 Aflögð starfsemi, að frádegnum tekjuskatti 84
66.24 Jöfnun 84
66.25 Hagnaður á hlut 84
66.26 Starfsþættir 84

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

66.1 Grundvöllur samstæðu

Ársreikningur samstæðu bankans samanstendur af ársreikningi Íslandsbanka hf., sem móðurfélags, og dótturfélaga hans, sem einnar efnahagseiningar. Samstæðan myndar samstæðu með dótturfélögum sínum á grundvelli yfirráða, en dótturfélög eru einingar undir yfirráðum bankans.

Yfirráð

Dótturfélög eru fjárfesting sem samstæðan hefur yfirráð yfir. Samstæðan hefur yfirráð yfir fjárfestingu þegar samstæðan ber áhættu af eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi frá fjárfestingunni og getur haft áhrif á þá arðsemi með valdi sínu yfir fjárfestingunni. Samstæðan hefur vald yfir félagi þegar samstæðan hefur réttindi sem gera henni kleift að stýra viðkomandi starfsemi og getu til að hagnýta rétt sinn.

Alla jafna er gert ráð fyrir því að meirihluti atkvæðisréttar leiði til yfirráða. Til að árétta þessa forsendu og þegar samstæðan fer með minna en meirihluta atkvæðisréttar eða samskonar réttinda innan félags, hefur samstæðan hliðsjón af öllum viðeigandi staðreyndum og kringumstæðum þegar hún metur hvort hún hafi vald yfir félagi, þar á meðal samningum við aðra sem hafa atkvæðisrétt innan félagsins, réttindum sem stafa af öðrum samningum, atkvæðisrétti samstæðunnar og mögulegum atkvæðisrétti.

Þegar samstæðan metur hvort hún hafi yfirráð yfir félagi, ákvarðar hún einnig hvort hún sé umbjóðandi eða fulltrúi annarra aðila. Ef samstæðan hefur vald til að stjórna starfsemi félagsins til að skapa sér sjálfri arð, er hún umbjóðandi. Ef samstæðan gegnir fyrst og fremst því hlutverki að starfa fyrir hönd og til hagsbóta fyrir aðra aðila, er hún fulltrúi annarra aðila og hún stjórnar ekki félaginu þegar hún nýtir sér þann rétt til ákvarðanatöku, sem henni hefur verið veittur. Við mat á því hvort samstæðan sé umbjóðandi eða fulltrúi annarra aðila tekur hún mið af heildartengslunum milli sín, félagsins og annarra aðila með aðkomu að félaginu. Sérstaklega metur samstæðan umfang ákvörðunarvalds síns yfir félaginu, réttindi annarra aðila, þá þóknun sem hún á rétt á í samræmi við hvers konar samninga um þóknun og áhættu samstæðunnar af breytilegri arðsemi af öðru eignarhaldi sínu í félaginu. Hverjum þessara þátta er gefið mismunandi vægi á grundvelli tiltekinna staðreynda og kringumstæðna.

Samstæðan endurmetur hvort hún ráði yfir félagi eða ekki ef staðreyndir og kringumstæður benda til þess að breytingar hafi orðið á einum eða fleiri þáttum yfirráðanna.

Sjóðastýring

Samstæðan rekur og hefur umsjón með eignum í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum ásamt fagfjárfestasjóðum fyrir hönd fjárfesta. Slíkir sjóðir eru fjármagnaðir með útgáfu hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa. Samstæðan ber ekki neina samningsbundna fjárhagslega ábyrgð gagnvart slíkum sérsniðnum einingum. Reikningsskil þessara sjóða eru ekki innifalin í ársreikningi samstæðunnar, nema í þeim tilvikum þegar sjóðirnir lúta yfirráðum samstæðunnar.

Samstæðan fer yfir allar staðreyndir og kringumstæður til að ákvarða hvort taka skuli þessa sjóði inn í reikningsskil samstæðunnar. Samstæðan telst umbjóðandi og þar með hafa yfirráð yfir sjóðum og færir þá í ársreikning samstæðunnar, þegar hún sinnir hlutverki sjóðstjóra og verður ekki vikið til hliðar að ástæðulausu, fær breytilegar tekjur af verulegri eign hlutdeildarskírteina og/eða vegna ábyrgðar og er í aðstöðu til að beita valdi sínu til að hafa áhrif á tekjur sjóðsins.

Samstæðureikningsskil

Samstæðureikningsskil með dótturfélagi hefjast þegar samstæðan fær yfirráð yfir dótturfélaginu og þeim lýkur þegar samstæðan missir yfirráð yfir dótturfélaginu.

Við gerð ársreiknings samstæðunnar sameinar Íslandsbanki reikningsskil sín reikningsskilum dótturfélaga sinna, lið fyrir lið, með því að leggja saman samskonar eignir, skuldir, eigið fé, tekjur, gjöld og sjóðstreymi. Þegar nauðsyn krefur eru gerðar lagfæringar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma reikningsskilaaðferðir þeirra reikningsskilaaðferðum samstæðunnar. Allar eignir og skuldir, eigið fé, gjöld og sjóðstreymi innan samstæðu, sem tengjast viðskiptafærslum innan samstæðu eru felldar út að fullu við reikningsskil. Bókfært verð fjárfestingar Íslandsbanka í hverju dótturfélagi og hlutur Íslandsbanka í eigin fé hvers dótturfélags er eytt út og öll tengd viðskiptavild er færð sem eign.

Missi samstæðan yfirráð yfir dótturfélagi, færir hún eignir (þar á meðal viðskiptavild) og skuldir út úr ársreikningi samstæðunnar, sem og eign minnihluta og aðrar stöður innan eigin fjár en allur hagnaður og tap, sem myndast við þessar færslur, færist í rekstrarreikning undir liðinn „Aðrar rekstrartekjur“. Þegar yfirráðum lýkur er öll hlutdeild sem haldið er eftir í fyrrum dótturfélagi metin á gangvirði.

Breyting á eignarhlutdeild samstæðunnar í dótturfélagi, án þess að yfirráðum ljúki, er færð sem viðskipti með hlutafé.

Þegar samstæðan hefur skuldbundið sig við söluáætlun, sem felur í sér að yfirráðum ljúki yfir dótturfélagi og skilyrðum fyrir flokkuninni haldið til sölu er fullnægt (sjá skýringu 66.11), eru allar eignir og skuldir þess dótturfélags flokkaðar til sölu í ársreikningi samstæðunnar. Þetta er án tillits til þess hvort samstæðan muni áfram eiga minnihlut í dótturfélaginu eftir söluna. Hagnaðurinn eða tapið af sölunni er færður í rekstrarreikning undir liðinn „Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti“.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

66.1 (framhald)

Hlutdeild minnihluta

Hlutdeild minnihluta er eigið fé í dótturfélögum sem ekki tilheyrir samstæðunni, hvorki beint né óbeint.

Við hverja sameiningu félaga metur samstæðan hlutdeild minnihluta í hinu yfirtekna félagi á yfirtökudegi sem telst til núverandi eignarhalds og veitir handhöfunum hlutfallslegan skerf af hreinum eignum félagsins ef til slita kemur, annaðhvort á gangvirði eða hlutfallslegan eignarhlut núverandi eigenda í aðgreinanlegum hreinum eignum hins yfirtekna félags. Önnur hlutdeild minnihluta er metin á gangvirði á kaupdegi þeirra, nema kveðið sé á um annað mat samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Samstæðan sýnir hlutdeild minnihluta meðal eigin fjár í efnahagsreikningi aðskilda frá því eigin fé sem tilheyrir eigendum Íslandsbanka. Hlutdeild minnihluta er sýnd sérstaklega í rekstrarreikningi og í yfirliti um heildarafkomu aðskilið frá þeirri afkomu sem tilheyrir eigendum samstæðunnar, óháð því hvort það verði til þess að hlutdeild minnihluta sýni tap.

Þegar hlutfall af eigin fé í eigu minnihluta breytist, leiðréttir samstæðan bókfært verð hlutdeildar meirihluta og minnihluta svo að það endurspegli breytingarnar á hlutfallslegri hlutdeild þeirra í dótturfélaginu. Allur mismunur á þeirri fjárhæð sem hlutdeild minnihluta er leiðrétt með og gangvirði þess endurgjalds sem samstæðan hefur afhent eða móttekið er færður beint meðal eigin fjár og tilheyrir eigendum Íslandsbanka. Engar leiðréttingar eru gerðar á viðskiptavild og ekki er færður neinn hagnaður eða tap í rekstur.

Sameining félaga og viðskiptavild

Samstæðan færir hverja sameiningu félaga með því að beita kaupaðferð. Með kaupaðferðinni skilgreinir samstæðan sjálfa sig sem kaupanda, ákvarðar kaupdaginn, skráir og metur aðgreinanlegar eignir sem keyptar eru, yfirteknar skuldir og alla hlutdeild minnihluta í hinu keypta félagi og skráir og metur alla viðskiptavild eða hagnað af kaupunum.

66.2 Erlendir gjaldmiðlar

Reikningsskil hvers félags í samstæðunni eru færð í starfrækslugjaldmiðli viðkomandi félags.

Við upphaflega skráningu eru viðskipti í erlendum gjaldmiðlum umreiknuð í starfrækslugjaldmiðil á gengi þess dags sem viðskiptin eiga sér stað. Á hverjum reikningsskiladegi eru peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum umreiknaðar yfir í starfrækslugjaldmiðil á gengi þess dags. Ófjárhagslegar eignir og skuldir sem eru metnar samkvæmt upphaflegu kostnaðarverði í erlendum gjaldmiðli eru umreiknaðar með því að nota gengi viðskiptadags. Ófjárhagslegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem metnar eru á gangvirði eru umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðil á gengi þess dags sem gangvirðið var ákvarðað.

Gengismunur sem verður til vegna umreiknings úr einum gjaldmiðli í annan er færður í rekstrarreikning (sjá skýringu 66.19).

66.3 Fjáreignir og fjárskuldir

Skráning

Samstæðan skráir fjáreignir og fjárskuldir í efnahagsreikning á viðskiptadegi sem er sú dagsetning þegar samstæðan verður aðili að samningsbundnum ákvæðum gerningsins, nema fyrir útlán sem eru skráð á þeim degi sem samstæðan afhendir skuldara reiðufé. Við upphaflega skráningu metur samstæðan fjáreign eða fjárskuld á gangvirði og fyrir fjáreignir og fjárskuldir sem eru ekki metnar á gangvirði er bætt við viðskiptakostnaði sem má rekja beint til kaupa eða útgáfu fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar.

Afskráning

Samstæðan afskráir fjárskuld þegar samningsbundnar skuldbindingar hennar eru uppfylltar, þær eru felldar niður eða renna út.

Samstæðan afskráir fjáreignir við eftirfarandi aðstæður:
• Þegar samningsbundnu sjóðstreymi af fjáreignunum lýkur; eða
• Þegar samstæðan flytur réttindin til að taka við samningsbundnu sjóðstreymi af fjáreignunum í viðskiptum þar sem:
- Samstæðan flytur alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi á fjáreignunum; eða
- Samstæðan flytur hvorki, né á áfram, efnislega alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi á fjáreignunum og hún heldur ekki yfirráðum yfir fjáreignunum

Sérhver hluti í fluttum fjáreignum sem uppfyllir skilyrði fyrir afskráningu og á uppruna sinn hjá samstæðunni eða er haldið eftir er skráður sem aðgreind eign eða skuld. Við afskráningu fjáreignar er mismunurinn milli bókfærðs verðs eignarinnar (eða þess bókfærða verðs sem er ráðstafað til þess hluta hinnar fluttu eignar), og samtölu (i) móttekins endurgjalds (þar á meðal sérhver ný eign sem fengist hefur að frádreginni sérhverri nýrri skuld sem stofnað er til) og (ii) alls uppsafnaðs hagnaðar eða taps sem hafði verið skráð í aðra heildarafkomu, skráður í rekstrarreikning.

Samstæðan á viðskipti þar sem hún yfirfærir eignir sem skráðar eru í efnahagsreikningi, en heldur eftir annaðhvort allri áhættu og ávinningi eignanna sem yfirfærðar eru, eða hluta þeirra. Ef öllum eða verulegum hluta áhættu og ávinnings er haldið eftir, er yfirfærð eign ekki afskráð í efnahagsreikningi. Flutningur eigna þar sem haldið er eftir öllum eða verulegum hluta allrar áhættu og ávinnings felur meðal annars í sér endurhverf viðskipti og verðbréfalán.

66.3 (framhald)

Samstæðan afskráir ekki af efnahagsreikningi verðbréf sem samstæðan selur samkvæmt endurkaupasamningi á tilgreindum degi í framtíðinni (endurhverf viðskipti) á föstu verði eða á söluverði auk ágóða lánveitanda. Samstæðan skráir móttekið fé sem skuldbindingu í efnahagsreikningi. Mismunurinn á sölu- og kaupverði er færður sem vaxtakostnaður á líftíma samnings með aðferð virkra vaxta.

Verðbréfalán og lánaviðskipti eru venjulega tryggð með verðbréfum eða handbæru fé. Flutningur verðbréfa til mótaðila er eingöngu tilgreindur í efnahagsreikningi ef áhætta og ávinningur vegna eignar eru líka flutt. Útgreitt lausafé eða lausafé móttekið sem veð er skráð sem eign eða skuld.

Í viðskiptum þar sem samstæðan heldur yfirráðum yfir eigninni en hvorki heldur eftir né flytur efnislega alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi, heldur samstæðan áfram að færa eignina í samræmi við áframhaldandi þátttöku sína, að teknu tilliti til þess að hve miklu leyti hún er óvarin fyrir breytingum á verðmæti fluttu eignarinnar.

Skilamálabreytingar

Verulegar breytingar á skilmálum skráðra fjáreigna eða skipti á þeim fyrir nýjar með verulega breyttum skilmálum leiða til þess að samstæðan afskráir upphaflegu fjáreignirnar og skráir nýjar fjáreignir á gangvirði.

Flokkun og mat fjáreigna

Við upphaflega skráningu flokkar samstæðan fjáreignir sínar í eftirfarandi flokka (sjá skýringu 5):

- Fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði
- Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu
- Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
- Veltufjáreignir í áhættuvörn

Flokkun fjáreigna byggir á mati á sjóðstreymiseinkennum eignanna og því viðskiptalíkani sem þær tilheyra.

Viðskiptalíkön

Viðskiptalíkön um stjórnun fjáreigna eru skilgreind af lykilstarfsmönnum samstæðunnar á grundvelli þess hvernig eignum er stýrt og afkoma þeirra kynnt stjórnendum. Viðskiptalíkönin eru skilgreind utan um flokka fjáreigna, sem stýrt er saman til að ná ákveðnu rekstrarmarkmiði en ekki á grundvelli einstakra fjáreigna. Viðskiptalíkön um stjórnun fjáreigna samstæðunnar eru þrenns konar: haldið til innlausnar (e. held to collect), haldið til innlausnar og til sölu (e. held to collect and for sale) og önnur gangvirðislíkön (e. other fair value business models) þar sem fjáreignum er haldið sem veltufjáreignum eða þær færðar á gangvirði án þess að falla undir fyrri tvö viðskiptalíkönin.

Eingöngu endurgreiðslur höfuðstóls og vaxta (SPPI)

Prófað er hvort samningsbundið sjóðstreymi fjáreigna í flokkunum haldið til innlausnar og haldið til innlausnar og til sölu samanstandi eingöngu af endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta (e. solely payments of principal and interest – SPPI). SPPI eru greiðslur samkvæmt skilmálum almennra lánasamninga. Höfuðstóll er gangvirði fjáreignar við upphaflega skráningu og breytist yfir líftíma fjáreignarinnar, til dæmis ef greitt er inn á höfuðstól. Vextir eru arðsemi útlána, þar á meðal bætur fyrir tímavirði peninga og útlánaáhættu sem tengist útistandandi höfuðstól yfir tímabil. Vextir geta einnig innihaldið endurgjald fyrir aðra útlánaþætti (t.d. lausafjáráhættu) og kostnað (t.d. þjónustugjöld eða stjórnunarkostnað) ásamt hagnaðarhlutfalli sem er í samræmi við almennan lánasamning.

Þar sem samningsskilmálar fela í sér áhættu eða flökt á sjóðstreymi sem eru ekki í samræmi við almenna lánasamninga er sú fjáreign flokkuð og metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign er færð á afskrifuðu kostnaðarverði ef samningsbundið sjóðstreymi hennar felur eingöngu í sér endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta og markmiðið er að halda eigninni til innlausnar og hún færð í þann flokk, þ.e. haldið til innlausnar.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði eru metnar með aðferð virkra vaxta. Afskrifað kostnaðarverð er reiknað með því að taka tillit til þeirrar fjárhæðar, sem eignirnar eru metnar á við upphaflega skráningu að frádregnum afborgunum af höfuðstól, að viðbættri eða frádreginni uppsafnaðri afskrift með aðferð virkra vaxta alls mismunar á upphaflegu fjárhæðinni og innlausnarvirðinu (svo sem vegna afsláttar eða álags við kaupin, þóknana og kostnaðar sem samofin eru virkum vöxtum) og að frádregnu framlagi vegna virðisrýrnunar. Bókfært verð fjáreigna á afskrifuðu kostnaðarverði í efnahagsreikningi inniheldur áfallna vexti. Virðisrýrnun og bakfærð virðisrýrnun eru færðar undir liðinn „Hrein virðisbreyting fjáreigna“ í rekstrarreikningi.

66.3 (framhald)

Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu
Við upphaflega skráningu hlutabréfa og eiginfjárgerninga, sem ekki eru ætluð í veltuviðskipti, er heimilt að ákveða að færa óinnleystar og innleystar gangvirðisbreytingar og gengismun í gegnum aðra heildarafkomu í stað rekstrarreiknings. Sé þessi heimild nýtt er ekki heimilt að breyta meðferð hennar síðar. Meðferð slíkra eigna er ákvörðuð fyrir hverja eign fyrir sig en ekki eignaflokk. Hlutabréf og eiginfjárgerningar, sem færð eru á gangvirði gegnum aðra heildarafkomu, sæta ekki virðisrýrnunarprófum. Arðgreiðslur eru færðar gegnum rekstrarreikning, svo fremi sem um hagnað af fjárfestingu sé að ræða. Við afskráningu slíkra eigna eru áður færðar gangvirðisbreytingar ekki færðar í rekstrarreikningi.

Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
Fjáreignir færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru allar aðrar fjáreignir sem eru ekki færðar á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Þetta á við um fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og fjáreignir sem eru óafturkallanlega tilgreindar af samstæðunni í upphafi skráningar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sem annars myndu uppfylla kröfur um að vera flokkaðar á afskrifuðu kostnaðarverði eða færðar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Samstæðan tilgreinir fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef það kemur í veg fyrir eða dregur verulega úr reikningsskilalegu ósamræmi sem myndi annars verða. Engar fjáreignir eru tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning hjá samstæðunni.

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega skráðar og síðan metnar á gangvirði í efnahagsreikningi. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning undir liðinn „Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)“, að undanskildum áföllnum vöxtum sem færðir eru undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur (gjöld)“ og gengismunur sem færður er undir liðinn „Hreinn gengismunur“.

Veltufjáreignir í áhættuvörn
Veltufjáreignir í áhættuvörn samanstanda af afleiðusamningum með jákvætt gangvirði sem eru áhættuvarnargerningar (sjá skýringu 66.5).

Flokkun og mat fjárskulda
Til að meta fjárskuldir sínar aðgreinir samstæðan þær við upphaflega skráningu í eftirfarandi flokka (sjá skýringu 5) að undanskildum lánsloforðum og fjárhagslegum ábyrgðum (sjá skýringu 66.12):

- Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði
- Fjárskuldir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
- Fjárskuldir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
- Veltufjárskuldir í áhættuvörn

Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.
Fjárskuldir sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru fjárskuldir sem ekki eru afleiður. Fjárskuldir sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði samanstanda meðal annars af innstæðum, lántökum og víkjandi lánum.

Fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum áföllnum viðskiptakostnaði og síðan á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Afskrifað kostnaðarverð er reiknað með því að taka tillit til fjárhæðarinnar sem fjárskuldirnar eru metnar á við upphaflega skráningu að frádregnum afborgunum af höfuðstól, að viðbættri eða frádreginni uppsafnaðri afskrift með aðferð virkra vaxta á öllum mismun milli upphaflegrar fjárhæðar og innlausnarfjárhæðarinnar (svo sem vegna afsláttar eða álags við útgáfu, þóknana og kostnaðar sem samofin eru aðferð virkra vaxta). Áfallnir vextir eru hluti af bókfærðu virði fjárskuldanna í efnahagsreikningi.

Afskrifaður kostnaður tiltekinna skuldabréfa, sem samstæðan hefur gefið út og eru tilgreindar sem áhættuvarðir liðir þegar áhættuvarnarsambönd vegna gangvirðisáhættu eru skilgreind, er aðlagaður eftir breytingum á gangvirði bréfanna sem rekja má til vaxtaáhættu (sjá skýringu 66.5).

Fjárskuldir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
Fjárskuldir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru fjárskuldir sem aðallega er stofnað til í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða þóknunum vegna miðlunar. Fjárskuldir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru skortstöður í eiginfjár- og skuldabréfagerningum og afleiðusamningum á neikvæðu gangvirði sem ekki eru flokkaðar sem fjárhagslegar ábyrgðir og eru ekki áhættuvarnargerningar.

Fjárskuldir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega skráðar og síðan metnar á gangvirði í efnahagsreikningi. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning undir liðinn „Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)“ að undanskildum áföllnum vöxtum sem færðir eru undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur (gjöld)“ og gengismunur sem færður er undir liðinn „Hreinn gengismunur“.

66.3 (framhald)

Fjárskuldir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
Fjárskuldir tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru færðar á gangvirði og breytingar á gangvirði sem má rekja til breytinga á útlánaáhættu fjárskuldanna eru færðar í yfirlit um aðra heildarafkomu og eru ekki færðar í rekstrarreikning á síðari tímabilum. Það gangvirði sem eftir stendur er fært í gegnum rekstur undir liðinn „Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)“, að undanskildum áföllnum vöxum sem eru færðir undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur“ með aðferð virkra vaxta og gengishagnaður og -tap sem er fært undir liðinn „Hreinn gengismunur“.

Samstæðan reiknar gangvirði sem má rekja til breytinga á útlánaáhættu sem mismuninn á milli breytinga á gangvirði fjárskulda og gangvirðisbreytinga sem má rekja til breytinga á markaðsvöxtum. Breytingar á gangvirði sem má rekja til breytinga á markaðsvöxtum fjárskulda er reiknað með því að afvaxta samningsbundið sjóðstreymi í lok tímabilsins með afvöxtunarstuðli þeirra markaðsvaxta sem eiga við.

Eftir upphaflega skráningu metur samstæðan hvort færsla hagnaðar og taps í yfirlit um aðra heildarafkomu skapi eða auki reikningsskilalegt ósamræmi í rekstrarreikningi, ef svo er þá er heildar gangvirðisbreytingin færð í rekstrarreikning.

Veltufjárskuldir í áhættuvörn
Veltufjárskuldir í áhættuvörn samanstanda af afleiðusamningum með neikvætt gangvirði sem eru áhættuvarnargerningar (sjá skýringu 66.5).

Endurflokkun
Fjáreignir eru endurflokkaðar eftir upphaflega skráningu ef breyting verður á rekstrarmarkmiði eignarinnar og breytingin er talin veruleg.
Fjárskuldir eru ekki endurflokkaðar.

Mat á gangvirði
Gangvirði fjármálagernings er það viðskiptaverð sem væri greitt við kaup eða móttekið við sölu á viðkomandi fjármálagerningi í frjálsum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi.

Samstæðan metur gangvirði fjáreigna og fjárskulda út frá skráðu verði á virkum markaði þegar það er aðgengilegt. Markaður er talinn virkur ef skráð verð er aðgengilegt og tiltækt reglulega og ef þetta verð endurspeglar raunveruleg og regluleg viðskipti. Gangvirði byggist á nýjasta tiltæka markaðsvirði á reikningsskiladegi.

Ef ekki er til virkur markaður fyrir fjármálagerning ákvarðar samstæðan gangvirði með verðmatsaðferð. Meðal verðmatsaðferða eru núvirðis- og fjárstreymislíkön, samanburður við svipaða fjármálagerninga þar sem þekkt verð á markaði er fyrir hendi, Black- Scholes-verðlagningarlíkön og önnur virðislíkön. Forsendur sem eru meðal annars notaðar í verðmatsaðferðum eru áhættulausir vextir og viðmiðunarvextir, áhættuálag og aðrir þættir sem eru notaðir til að meta afvöxtunarstuðla, verð skuldabréfa og gengi hlutabréfa, gengi erlendra gjaldmiðla, ásamt flökti á verði og fylgni þess. Gangvirði endurspeglar útlánaáhættu fjármálagerningsins og felur í sér leiðréttingar til að taka tillit til útlánaáhættu samstæðunnar og gagnaðilans þar sem við á.

Samstæðan prófar verðmatsaðferðina reglubundið og stillir af með hliðsjón af sögulegum gögnum og með því að styðjast við verð í nýlegum, þekktum markaðsviðskiptum með sama fjármálagerning eða á grundvelli annarra tiltækra og þekktra markaðsgagna.

Breytingar á gangvirði fjáreigna og fjárskulda eru færðar í rekstrarreikning undir liðinn „Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)“.

Samstæðan hefur sett upp skipulagt eftirlit með mati á gangvirði fjármálagerninga. Viðskiptaeiningar sem eiga viðkomandi eignir eru ábyrgar fyrir mati á virði þeirra og að leggja verðmatið fyrir fjárfestingaráð til samþykktar. Áhættustýring rýnir niðurstöðurnar, verðmatsaðferðirnar og forsendur verðmatsins. Endanlegt mat er staðfest af fjárfestingarráði bankans.

Virðisrýrnun fjáreigna
Virðisrýrnunarlíkanið sem IFRS 9 byggir á lítur til atburða sem gætu gerst í framtíðinni og virðisrýrnun skv. IFRS 9 á að endurspegla líkindavegið meðaltal fyrir allar mögulegar útkomur. Þar að auki byggir virðisrýrnunarlíkan skv. IFRS 9 á tvenns konar mælingum á væntu útlánatapi, annars vegar á væntu útlánatapi vegna atburða sem verða á næstu 12 mánuðum frá reikningsskiladegi og hins vegar á væntu útlánatapi vegna allra atburða sem verða á líftíma fjáreignarinnar. Það hvor mælingin er valin byggir á því hvort vart hafi orðið verulega aukinnar útlánaáhættu vegna fjáreignarinnar á reikningsskiladegi samanborðið við þá útlánaáhættu sem metin var við upphaflega skráningu eignarinnar. Til að uppfylla kröfur IFRS 9 þá verður að byggja talsvert á líkönum. Þau líkön sem samstæðan notar til þess eru þróuð og þeim viðhaldið samkvæmt ramma samstæðunnar um líkanagerð. Til þess að líkan rúmist innan þessa ramma þurfa tilteknar kröfur að vera uppfylltar um upphaflega þróun líkansins, skjölun þess, þar með talið kennsluefni fyrir endanotendur, samþykktarferli líkansins, útfærslu líkansins í tölvukerfum og viðhald líkansins, þar með talið staðfestingar og gæðaprófanir. Virðisrýrnunarferli samstæðunnar, það er að segja allt það ferli sem þarf að vera virkt til að skila hæfilegu mati á virðisrýrnun á hverjum reikningsskiladegi, er skjalfest og staðfest af áhættustefnunefnd bankans.

66.3 (framhald)

Skipting fjáreigna í stig
Á hverjum reikningsskiladegi þarf að skipta öllum fjáreignum sem eru metnar í virðisrýrnunarferlinu í þrjá hópa sem nefnast „stig“. Þessi skipting endurspeglar hversu mikið útlánaáhætta vegna eignarinnar hefur aukist frá upphaflegri skráningu eignarinnar. Skiptingin hefur síðan áhrif á það hvernig virðisrýrnun eignarinnar er metin og hvernig vextir af eigninni eru bókfærðir.

Stig 1
Allar fjáreignir þar sem ekki hefur orðið vart verulegrar aukningar á útlánaáhættu eru færðar á stig 1. Fyrir fjáreignir á þessu stigi þá er fjárhæð virðisrýrnunar metin sem vænt útlánatap vegna atburða sem geta orðið á næstu 12 mánuðum frá reikningsskiladegi. Vextir af eigninni eru bókfærðir út frá vergu bókfærðu virði eignarinnar.

Stig 2
Fjáreignir á stigi 2 eru fjáreignir sem samstæðan metur sem svo að vart hafi orðið verulega aukinnar útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu eignarinnar. Fyrir fjáreignir á þessu stigi þá er fjárhæð virðisrýrnunar metin sem vænt útlánatap vegna allra atburða sem geta orðið á líftíma eignarinnar. Vextir af eigninni eru bókfærðir út frá vergu bókfærðu virði eignarinnar.

Skilgreining samstæðunnar á verulegri aukningu á útlánaáhættu er fyrir hverja fjáreign fyrir sig. Samstæðan metur það sem svo að veruleg aukning hafi orðið á útlánaáhættu ef líkur hafa aukist verulega á að vanefndaatburður (þ.e. færsla á stig 3) muni eiga sér stað á líftíma eignarinnar samanborið við hvernig þessar líkur voru metnar við upphaflega skráningu eignarinnar. Í þessu samhengi þá vísar upphafleg skráning eignarinnar til upphafs samningsins en ekki til atburða þar sem samningnum var breytt og þær breytingar leiddu ekki til afskráningar eignarinnar. Mat á því hvort veruleg aukning hafi orðið á útlánaáhættu er byggt á nokkrum skilgreindum vísbendingum. Ein þeirra er sú að eign sé komin í yfir 30 daga vanskil og samstæðan lítur ekki fram hjá þeirri vísbendingu. Aðrar vísbendingar eru mat samstæðunnar á framtíðarhorfum viðskiptavinar, atburðir eins og veiting umlíðunar sem eru ekki það alvarlegir að þeir leiði til laskaðs lánshæfis, skráningar á vanskilaskrá og veruleg hækkun á vanefndalíkum samkvæmt áhættumati. Skilgreiningin á verulegri aukningu á útlánaáhættu byggist eingöngu á mati á líkum á færslu á stig 3 en það felur í sér að ekki er tekið tillit til tryggingastöðu eða annarra upplýsinga sem hafa einungis áhrif á tap að gefnum vanefndum. Þegar þær vísbendingar sem leiddu til flutnings á stig 2 eiga ekki lengur við fyrir tiltekna fjáreign þá færist hún aftur á stig 1. Einnig má geta þess að fjáreignir eru sagðar vera með umlíðun í tvö ár eftir að umlíðunaratburður hefur átt sér stað en umlíðunaratburðir leiða einungis til þess að eignir eru á stigi 2 í sex mánuði. Eftir það færast þær aftur yfir á stig 1 nema aðrar vísbendingar fyrir flutningi á stig 2 séu til staðar.

Samstæðan nýtir ekki undanþágu sem heimil er samkvæmt IFRS 9 fyrir fjáreignir þar sem útlánaáhætta er lítil. Í samræmi við skipulag samstæðunnar þá hefur samstæðan sett sér þá stefnu að mæla virðisrýrnunarframlag fyrir eignaleigusamninga byggt á væntu útlánatapi út líftíma samnings einungis fyrir þá samninga þar sem vart hefur orðið verulegrar aukningar á útlánaáhættu. Fyrir aðra eignaleigusamninga er virðisrýrnunarframlagið jafnt mati á væntu útlánatapi vegna atburða sem verða á næstu 12 mánuðum frá reikningsskiladegi.

Stig 3
Þetta stig er fyrir þær fjáreignir þar sem útlánaáhætta hefur raungerst. Fyrir þessar fjáreignir hefur því útlánaáhættuatburður nú þegar átt sér stað og vænt útlánatap vegna atburða næstu 12 mánaða og vegna atburða allan líftíma fjáreignarinnar er því það sama. Sú fjárhæð er þá matið á virðisrýrnun fjáreignarinnar. Vextir af eignum á þessu stigi eru færðar út frá bókfærðu virði eignarinnar, þ.e. að frádregnu virðisrýrnunarframlagi.

Skilgreining samstæðunnar á því að útlánaáhætta hafi raungerst á við hvern viðskiptavin fyrir sig en ekki hverja fjáreign. Í orðfæri samstæðunnar nefnist þetta ástand laskað lánshæfi og samkvæmt skilgreiningu þá telst viðskiptavinur hafa laskað lánshæfi ef annað af eftirfarandi gildir:
a) Það er mat samstæðunnar að ólíklegt sé að viðskiptavinur geti staðið í skilum í samræmi við skilmála án þess að samstæðan grípi til fullnustuaðgerða samkvæmt lánasamningi, eða
b) Vanskil viðskiptavinar eru umfram 90 daga

Mat samstæðunnar skv. a) lið er byggt á skilgreindum vísbendingum, þar á meðal eru alvarleg brot á kvöðum samninga, skráningar á innri válista, upphaf alvarlegra innheimtuaðgerða og alvarlegar skráningar á ytri vanskilaskrá. Þá eru einnig ákveðnar forsendur sem viðskiptavinir, sem eru með laskað lánshæfi, verða að uppfylla til að losna undan því að vera með laskað lánshæfi. Þar á meðal er reynslutími og einnig er horft til framtíðarhorfa viðskiptavinar.

Vænt útlánatap
Fyrir sérhverja fjáreign þá er vænt útlánatap reiknað út frá líkönum samstæðunnar sem meta líkur á að vanefndaatburður muni eiga sér stað (PD), líkönum sem meta hversu stórt hlutfall af þeirri fjárhæð sem samstæðan er útsett fyrir tapi á muni tapast þegar til vanefnda kemur (LGD) og líkönum sem meta hver fjárhæðin sem samstæðan er útsett fyrir tapi á verður þegar vanefndaatburður á sér stað (EAD). Í sinni einföldustu mynd er hægt að reikna vænt útlánatap með því að margfalda þessa þætti saman, en af ýmsum ástæðum þá er nauðsynlegt að formúlan sem notuð er sé flóknari en þetta.

66.3 (framhald)

Samstæðan notar staðalaðferð til að leggja mat á grunnkröfu um eiginfjárgrunn en hefur engu að síður hannað PD og LGD líkön á undanförnum árum til þess að nota við áhættustýringu. Þessi líkön hafa verið aðlöguð til að falla að kröfum IFRS 9. Fyrir EAD og að hluta til fyrir LGD þá hefur samstæðan hannað ný líkön til þess að mæta kröfum IFRS 9.

PD líkön samstæðunnar skiptast í alsjálfvirk líkön og líkön sem byggja á sérfræðimati í meira eða minna mæli. Fyrir þau líkön þar sem sérfræðimat kemur við sögu þá er til staðar ferli til þess að tryggja eftirlit með matinu og að matið sé endurnýjað eins oft og þörf er á. Inntaksgögnin fyrir líkönin eru meðal annars lýðfræðilegar upplýsingar, upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja og söguleg greiðsluhegðun.

Tillit er tekið til efnahagsástands í PD líkönum með því að beita skölunarstuðlum sem varpa meðaltals PD gildum yfir heila efnahagssveiflu yfir í PD gildi sem hæfa efnahagsástandinu hverju sinni. Samstæðan er með líkan til að meta þessa skölunarstuðla út frá efnahagsspám sem unnar eru af aðalhagfræðingi bankans. Útkoman úr spánni er mat á safni af hagstærðum fimm ár fram í tímann. Líkaninu er beitt á hluta af þessum stærðum og skilar það skölunarstuðlum. Skölunarstuðlarnir eru yfirfarnir í áhættustefnunefnd bankans með tilliti til allra hagstærðanna í spánni og annarra viðeigandi þátta og nefndin samþykkir notkun þeirra við útreikning virðisrýrnunarinnar. Þetta ferli er framkvæmt a.m.k. ársfjórðungslega. Samstæðan notar þrjár mismunandi efnahagssviðsmyndir. Fyrir utan grunnsviðmyndina eru skölunarstuðlar reiknaðir fyrir jákvæðari og neikvæðari sviðsmyndir. Þetta er gert til þess að ná utan um ólíka möguleika á efnahagsþróun. Endanlegt mat á virðisrýrnun endurspeglar þannig líkindavegið meðaltal af væntu útlánatapi í ólíkum sviðsmyndum.

Taflan hér fyrir neðan sýnir þjóðhagsstærðir úr efnahagsspá aðalhagfræðings bankans

Breyting á hagstærðum %	2019	2020	2021	2022	2023
Hagvöxtur	(0,1)	1,3	2,8	2,5	2,5
Húsnæðisverð á Íslandi	3,1	2,8	3,3	3,5	3,5
Kaupmáttur	1,8	1,9	2,4	2,1	2,2
Gengisvísitala krónunnar	8,8	0,3	-	-	-
Meginvextir SÍ	3,9	3,3	3,7	4,0	4,0
Verðbólga	3,1	2,6	2,8	2,6	2,5
Fjármunamyndun	(6,5)	5,7	4,5	4,1	4,1
Þ.a. atvinnuvegafjárfesting	(16,5)	5,5	4,0	4,5	4,5

Líkan samstæðunnar um LGD byggir á nokkrum sviðsmyndum um hver afdrif fjáreignar geta orðið þegar laskað lánshæfi hefur átt sér stað. Einn möguleiki er að fjáreignin komist aftur í skil án taps fyrir samstæðuna. Ef það gerist ekki þá geta endurheimtur byggst á því að samstæðan leysi til sín tryggingar. Til þess að meta endurheimtur í slíkri sviðsmynd þá eru skoðaðir nokkrir ólíkir möguleikar fyrir þróun virðis veðandlaga. Einnig geta orðið endurheimtur þó ekki séu tryggingar til staðar fyrir fjáreigninni. Þessar ólíku sviðsmyndir fyrir endurheimtur eru vegnar saman á ólíkan hátt í samræmi við þær efnahagsforsendur sem liggja til grundvallar. Þannig verður til ólínulegt samhengi milli efnahagsástands og vænts útlánataps þannig að vegið meðaltal vænts útlánataps verður ekki það sama og vænt útlánatap í þeirri sviðsmynd sem liggur í miðju dreifingar efnahagssviðsmyndanna.

Til að leggja mat á það hversu hárri fjárhæð samstæðan er útsett fyrir tapi á þegar til vanefnda kemur þá er nauðsynlegt að taka tillit til væntra endurgreiðslna á lánum í endurgreiðsluferli og væntri nýtingu á lánsloforðum svo sem kreditkortum, yfirdráttum, ábyrgðum og lánalínum. Væntur líftími fjáreigna getur einnig verið lengri en samningsbundinn líftími þeirra gefur til kynna ef það er almenn regla að samningarnir séu framlengdir.

Reglur um afskriftir

Samstæðan afskrifar fjáreign, í heild eða að hluta, þegar ekki eru raunhæfar væntingar um endurheimtur. Þegar fjáreignir eru tryggðar þá eru afskriftir almennt séð framkvæmdar þegar söluuppgjöri veðsettra eigna er lokið. Á síðari tímabilum eru allar endurheimtar fjárhæðir, sem voru áður afskrifaðar, færðar til tekna í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnunarferillinn

Samkvæmt virðisrýrnunarferli samstæðunnar þá er skipting fjáreigna í stig og útreikningur vænts útlánataps gerður samkvæmt þeim reglum og með þeim líkönum sem lýst er að ofan. Útkoman er yfirfarin af viðskiptaeiningum samstæðunnar og þær geta lagt til breytingar að uppfylltum skilyrðum um nauðsynlegan rökstuðning fyrir þeim. Matið á virðisrýrnuninni og allar tillögur að breytingum eru yfirfarnar af virðisrýrnunarráði sem skipað er af áhættustefnunefnd bankans. Endanlegt mat á virðisrýrnun er samþykkt í áhættustefnunefnd bankans ársfjórðungslega.

Í allri umfjöllun um virðisrýrnun hér að ofan eru mikilvægissjónarmið höfð til hliðsjónar þannig að ekki er fjallað um atriði og undantekningar sem teljast ekki mikilvæg.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

66.4 Afleiðusamningar

Afleiður eru aðallega notaðar í veltuviðskiptum en eru einnig notaðar til að verja samstæðuna gegn áhættum af ýmsu tagi eins og vaxtaáhættu, verðbólguáhættu og gjaldeyrisáhættu. Afleiður, sem ekki eru flokkaðar sem eiginfjárgerningar samstæðunnar, eru flokkaðar sem fjáreignir eða fjárskuldir, metnar á gangvirði og skráðar í efnahagsreikning sem eignir eða skuldir, eftir því hvort gangvirði þeirra á uppgjörsdegi er jákvætt (eignir) eða neikvætt (skuldir).

Samstæðan beitir áhættuvarnarreikningsskilum og í samræmi við það færir samstæðan ákveðnar afleiðueignir og -skuldir sem tilskildar á gangvirði í gegnum rekstarreikning en aðrar sem afleiðueignir eða -skuldir í áhættuvörn (sjá skýringu 66.3 og skýringu 66.5).

Þegar afleiður eru innbyggðar í aðra fjármálagerninga eða eru hluti af samningum eru þær kallaðar blandaðir gerningar sem hefur þau áhrif að hluti af sjóðstreymi blandaðra gerninga er breytilegt á svipaðan máta og ef um sjálfstæðar afleiður væri að ræða. Þessar innbyggðu afleiður eru metnar og settar fram í uppgjörinu eins og ef þær væru sjálfstæðar afleiður. Samstæðan færir innbyggðar afleiður sérstaklega óháð samningunum sem afleiðurnar eru hluti af þegar þeir samningar eru ekki eignir og gildissvið IFRS 9 nær ekki um þá, afleiðurnar eru ekki færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, skilmálar innbyggðu afleiðnanna uppfylla skilgreiningu sem afleiður ef þær væru sjálfstæður samningur, og fjárhagslegir eiginleikar og áhætta innbyggðu afleiðnanna eru ekki nátengd fjárhagslegum eiginleikum og áhættu samninganna sem afleiðurnar eru hluti af. Þegar samstæðan þarf að aðgreina innbyggðar afleiður og færa þær eins og sjálfstæða samninga, færir samstæðan gangvirði innbyggðu afleiðnanna í sama lið í efnahagsreikningi og þá samninga sem þeir eru hluti af.

66.5 Gangvirðisvörn í áhættuvarnarreikningsskilum

Samstæðan beitir gangvirðisvörn í áhættuvarnarreikningsskilum þar sem áhættuvarnarsambandið samanstendur af tilteknum skuldabréfum í evrum á föstum vöxtum sem hinir áhættuvörðu liðir og áhættuvarnargerningarnir eru tilteknir vaxtaskiptasamningar þar sem samstæðan greiðir breytilega vexti og fær fasta vexti. Áhættuvarnarsamböndin eru skilgreind og færð sem gangvirðisvarnir þar sem vaxtaskiptasamningarnir verja samstæðuna fyrir áhættu vegna breytinga á gangvirði skuldabréfanna sem stafa af vaxtabreytingum. Samstæðan færir breytingarnar á gangvirði vaxtaskiptasamninganna strax í rekstrarreikning ásamt breytingunum á gangvirði skuldabréfanna sem rekja má til vaxtaáhættunnar. Breytingar á hreinu gangvirði vaxtaskiptasamninganna og skuldabréfanna eru færðar undir liðnum „Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)“, áfallnir vextir af skuldabréfunum og vaxtaskiptasamningunum eru færðir undir liðnum „Vaxtagjöld“ og gengishagnaður og gengistap af skuldabréfunum er fært undir liðnum „Hreinn gengismunur“.

Við upphaflega skráningu áhættuvarnanna, skráði samstæðan sambandið milli áhættuvarnargerninganna og hinna áhættuvörðu liða með formlegum hætti, þar á meðal markmið og stefnu áhættustýringar við beitingu áhættuvarnarinnar, ásamt aðferðinni sem notuð verður til að meta skilvirkni áhættuvarnarsambandanna. Samstæðan framkvæmir mat, bæði við upphaf áhættuvarnarsambandanna og á áframhaldandi grundvelli, á því hvort búist sé við því að áhættuvarnargerningarnir komi að miklu gagni við að vega á móti breytingum á gangvirði hinna áhættuvörðu liða á því tímabili sem áhættuvörnin nær yfir og hvort raunveruleg áhrif af hverri áhættuvörn sé á bilinu 80-125%.

Ef afleiðusamningur sem notaður er í áhættuvörn rennur út, er seldur, honum er slitið eða samningur er nýttur, eða áhættuvörn uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir gangvirðisvörn í áhættuvarnarreikningsskilum eða skilgreining áhættuvarnar er afturkölluð, þá eru áhættuvarnarreikningsskil fyrir viðkomandi áhættuvarnarsamband felld niður til frambúðar. Sérhver breyting á áhættuvörðum lið sem núvirðisaðferðinni er beitt á, upp að því marki að hann er felldur niður, er afskrifuð í rekstrarreikningi sem hluti af endurútreiknuðu núvirði liðsins það sem eftir er af líftíma hans.

66.6 Handbært fé og ígildi þess

Til handbærs fjár og ígildis þess í sjóðstreymisyfirliti telst reiðufé, óbundnar innstæður og innstæðubréf hjá Seðlabanka Íslands, óbundnar innstæður hjá lánastofnunum og skammtímalán til lánastofnana. Handbært fé og ígildi þess nær yfir eftirstöðvar með minna en þriggja mánaða gjalddaga frá móttöku sem fela í sér óverulega áhættu á gangvirðisbreytingu og sem samstæðan notar við stýringu lausafjárskuldbindinga til skamms tíma. Handbært fé og ígildi þess er fært á afskrifuðu kostnaðarverði í efnahagsreikningi og telst bera litla útlánaáhættu á reikningsskiladegi. Virðisrýrnun og bakfærð virðisrýrnun eru færðar undir liðinn „Hrein virðisbreyting fjáreigna“ í rekstrarreikningi.

66.7 Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjármála- og rekstrarlegar ákvarðanir félags, án þess að hafa yfirráð yfir ákvörðunum þess. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar samstæðan ræður yfir 20-50% atkvæðisréttar annars félags.

Samstæðan færir fjárfestingu í hlutdeildarfélögum með hlutdeildaraðferð. Með hlutdeildaraðferðinni er fjárfesting í hlutdeildarfélögum í upphafi færð á kostnaðarverði. Bókfært virði hverrar fjárfestingar er leiðrétt fyrir breytingum sem verða á eignarhlut samstæðunnar í hreinum eignum hlutdeildarfélagsins frá kaupdegi. Úthlutanir frá hlutdeildarfélagi lækka bókfært virði fjárfestingarinnar. Viðskiptavild sem tengist fjárfestingu í hlutdeildarfélögum er tekin með í bókfært virði fjárfestinganna og er ekki sérstaklega prófuð með tilliti til virðisrýrnunar.

66.7 (framhald)

Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða tapi og annarri heildarafkomu hlutdeildarfélaga, frá þeim degi sem veruleg áhrif hefjast fram að þeim degi sem verulegum áhrifum lýkur, er hluti af ársreikningi samstæðunnar.

Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hlutdeildarfélags hærri en eignarhlutur samstæðunnar, er bókfært virði þess hlutdeildarfélags lækkað niður í núll og frekara tap er ekki skráð, nema að því marki að lagaleg eða rökstudd greiðsluskylda hvíli á samstæðunni, eða greiðslur hafi verið inntar af hendi fyrir hönd hlutdeildarfélagsins. Skili hlutdeildarfélagið í kjölfarið hagnaði færir samstæðan hlutdeild sína í hagnaði þegar hlutdeild hennar í hagnaði er orðin jöfn hlutdeild hennar í óuppgerðu tapi.

Eftir að hlutdeildaraðferðinni hefur verið beitt, ákvarðar samstæðan hvort nauðsynlegt sé að færa virðisrýrnun af fjárfestingu sinni í hlutdeildarfélögum. Á hverjum reikningsskiladegi ákvarðar samstæðan hvort fyrir liggi hlutlægar vísbendingar um að einstakar fjárfestingar í hlutdeildarfélögum hafi rýrnað. Ef slíkar vísbendingar eru til staðar, reiknar samstæðan út fjárhæð virðisrýrnunar sem mismuninn milli endurheimtanlegs virðis hlutdeildarfélagsins og bókfærðs virðis þess og færir virðisrýrnunina í rekstrarreikning.

Þegar verulegum áhrifum samstæðunnar á hlutdeildarfélagi lýkur, metur hún og færir eftirstæðan eignarhlut á gangvirði. Allur mismunur milli bókfærðs virðis hlutdeildarfélagsins, þegar verulegum áhrifum lýkur, og gangvirðis hinnar áframhaldandi fjárfestingar, og söluhagnaður eða sölutap er fært í rekstrarreikning.

Tekjur og gjöld sem stofnað hefur verið til vegna hlutdeildarfélaga eru færð í rekstrarreikning undir liðinn „Aðrar rekstrartekjur“.

66.8 Rekstrarfjármunir

Skráning og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru metnir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun (sjá skýringu 66.21). Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru þeir færðir og afskrifaðir hver í sínu lagi eins og um aðgreinda rekstrarfjármuni væri að ræða.

Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar rekstrarfjármuna er eignfærður ef líklegt er að efnahagslegur ávinningur muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er færður í rekstur sem gjöld eftir því sem til hans stofnast.

Afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir frá þeim degi sem þeir eru tiltækir til notkunar, að undanskildu landi sem er ekki afskrifað. Afskriftarfjárhæð hvers aðgreinds rekstrarfjármunar er ákvörðuð eftir að niðurlagsverð hans hefur verið dregið frá. Afskriftir eru gjaldfærðar línulega í rekstur, undir liðnum „Annar rekstrarkostnaður“, miðað við áætlaðan nýtingartíma hvers einstaks rekstrarfjármunar.

Nýtingarréttur eigna er færður undir liðinn „Rekstrarfjármunir“ (sjá skýringu 66.10).

Fasteignir	50 ár
Nýtingarréttur eigna	3-31 ár
Innréttingar	6-12 ár
Áhöld	4-5 ár
Bifreiðar	3 ár

Afskriftaraðferðin, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum reikningsskiladegi og breytt ef við á.

66.9 Óefnislegar eignir

Hugbúnaður

Hugbúnaður sem samstæðan kaupir er metinn á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri afskrift og virðisrýrnun. Kostnaður vegna hugbúnaðar sem er þróaður innan samstæðunnar er færður sem eign þegar samstæðan getur sýnt fram á ætlun sína og getu til að ljúka þróun hugbúnaðarins, að notkun hugbúnaðarins muni skapa efnahagslegan ávinning í framtíðinni og þegar samstæðan getur með áreiðanlegum hætti metið kostnaðinn við að ljúka þróunarvinnunni. Eignfærður kostnaður af hugbúnaði sem er þróaður innan samstæðunnar felur í sér allan kostnað sem beintengdur er þróun hugbúnaðarins ásamt eignfærðum fjármagnskostnaði, og er afskrifaður á nýtingartímanum. Hugbúnaður sem er þróaður innan samstæðunnar er eignfærður á kostnaðarverði að frádreginni afskrift og virðisrýrnun.

66.9 (framhald)

Kostnaður sem fellur til síðar vegna hugbúnaðar er aðeins eignfærður þegar hann eykur þann efnahagslega framtíðarávinning sem felst í þeirri tilteknu eign sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Hugbúnaður er afskrifaður línulega á áætluðum nýtingartíma hans frá þeim degi sem hann er tilbúinn til notkunar. Afskriftirnar eru færðar í rekstrarreikning undir liðnum „Annar rekstrarkostnaður“. Áætlaður nýtingartími hugbúnaðar er fjögur til tíu ár.

Viðskiptavild

Samstæðan færir alla viðskiptavild, sem til verður við sameiningu félaga, sem eign og metur hana á upphaflegu kostnaðarverði, sem er jákvæður mismunur milli (a) heildarfjárhæðar þess endurgjalds sem samstæðan hefur afhent, fjárhæðar allrar hlutdeildar minnihluta og gangvirðis fyrri hlutdeildar samstæðunnar í hinu keypta félagi á kaupdegi og (b) hreinnar fjárhæðar aðgreinanlegra eigna sem samstæðan hefur keypt og yfirtekinna skulda samstæðunnar á kaupdegi. Eftir upphaflega skráningu viðskiptavildar er hún metin á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Samstæðan framkvæmir virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild á hverju ári og oftar ef vísbending er um að hún kunni að hafa rýrnað.

66.10 Leigusamningar

Samstæðan sem leigutaki

Við upphaflega skráningu samnings metur samstæðan hvort samningur sé leigusamningur að hluta til eða öllu leyti. Ef samningur veitir rétt til yfirráða á ákveðinni eign til ákveðins tíma gegn endurgjaldi þá telst hann leigusamningur, að hluta til eða öllu leyti. Samstæðan hefur ákveðið að færa samninga sem eru leigusamningar að hluta til eða að öllu leyti sem leigusamninga.

Samstæðan færir leiguskuld og nýtingarrétt eignar í upphafi leigusamnings. Samstæðan hefur ákveðið að færa ekki nýtingarrétt eigna og leiguskuldir fyrir skammtímaleigusamninga sem hafa leigutímabil sem er styttra en 12 mánuðir og leigusamninga fyrir eignir með lágt virði. Samstæðan færir leigugreiðslur sem tengjast þessum leigusamningum sem gjöld á línulegum grunni yfir leigutímabilið.

Leiguskuld

Leiguskuldin er upphaflega metin á núvirði leigugreiðslna, bæði fastra og breytilegra, og afvöxtuð með því að nota vænt vaxtastig einingarinnar. Vænt vaxtastig eru þeir vextir sem samstæðan þyrfti að greiða til að taka lán til sambærilegs tíma í því skyni að kaupa álíka eign með svipað virði og nýtingarréttur eigna við svipaðar efnahagsaðstæður. Vænta vaxtastigið er háð mati þegar ekki er hægt að nálgast markaðsvexti. Leiguskuldin er metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta og endurmetin þegar breyting verður á framtíðargreiðslum, þ.e. þegar breytingar verða á vísitölu eða mati á því hvort að framlengingar- eða lúkningarkostir verða nýttir. Eftir upphafsdagsetningu er fjárhæð leiguskuldarinnar aukin til að endurspegla uppsafnaða vexti og lækkuð vegna leigugreiðslna.

Leigutímabilið er ákvarðað af samstæðunni sem óuppsegjanlegt leigutímabil leigusamnings ásamt öllum þeim tímabilum sem framlengingarákvæði kveða á um, ef það er frekar öruggt að þau verði nýtt, eða öll tímabil sem lúkningarkostir kveða á um, ef það er frekar öruggt að þeir verði ekki nýttir. Stjórnendur samstæðunnar framkvæma árlega mat á því hvort samstæðan muni nýta sér framlengingarákvæði eða lúkningarkosti. Ef mat á því hvort samstæðan muni nýta framlengingarákvæði eða lúkningarkosti breytist eftir upphafsdagsetningu er leiguskuldin endurmetin og viðeigandi breyting er gerð á bókfærðu virði nýtingarrétts eignarinnar.

Nýtingarréttur eigna

Nýtingarréttur eigna er upphaflega metinn á kostnaðarverði, sem samanstendur af upphaflegri fjárhæð leiguskuldarinnar leiðréttri með tilliti til leigugreiðslna sem hafa verið inntar af hendi fyrir eða á upphafsdagsetningu, að viðbættum öllum upphafskostnaði sem hefur fallið til að frádreginni fenginni ívilnun. Endurmat á leiguskuldinni leiðir til samsvarandi aðlögunar á bókfærðu virði nýtingarréttarins eða færslu í rekstrarreikning ef bókfærða virðið á nýtingarréttinum er komið niður í núll. Nýtingarrétturinn er því næst afskrifaður með línulegri aðferð frá upphafsdagsetningu til loka leigutímabilsins. Nýtingarréttur eigna er virðisrýrður.

Ef breyting á leigusamningi eykur umfang leigunnar með því að bæta við nýtingarrétti einnar eða fleiri undirliggjandi eigna og endurgjaldið fyrir leiguna eykst um fjárhæð í réttu hlutfalli við verðið vegna aukins umfangs og allar breytingar á verðinu sem endurspegla kringumstæður viðeigandi samnings, þá er breytingin bókfærð sem aðskilinn leigusamningur. Fyrir breytingar á leigusamningum sem eru ekki bókfærðar sem aðskilinn leigusamningur er leigutímabil hins breytta leigusamnings endurákvarðað og leiguskuldin endurmetin með því að nota endurskoðaðar leigugreiðslur sem eru afvaxtaðar með því að nota vænt vaxtastig á breytingardegi. Allar breytingar á leiguskuldinni eru jafnframt gerðar á nýtingarrétti eignarinnar.

Samstæðan setur nýtingarrétt eigna fram undir liðnum „Rekstrarfjármunir“ og leiguskuldir undir liðnum „Aðrar skuldir“ í efnahagsreikningi. Nánar er fjallað um tímagreiningu leiguskulda í skýringu 55. Vextir af leiguskuldum eru færðir í rekstrarreikningi undir liðnum „Vaxtagjöld“. Afskriftir á nýtingarrétti eigna eru færðar í rekstrarreikningi undir liðnum „Annar rekstrarkostnaður“.

66.10 (framhald)

Samstæðan sem leigusali

Samstæðan flokkar leigusamninga eftir efni þeirra og að hve miklu leyti áhætta og ávinningur sem tengist eignarhaldi eignanna færist yfir til leigutakans. Leigusamningar eru skilgreindir sem rekstrarleiga þegar áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldinu færast ekki efnislega frá leigusala til leigutaka. Leigusamningar eru skilgreindir sem fjármögnunarleiga þegar áhætta og ávinningur sem fylgja eignarhaldinu færast efnislega frá leigusala til leigutaka.

Þar sem samstæðan er leigusali í eignaleigu, færir samstæðan kröfu sem jafngildir hreinni fjárfestingu í leigunni undir liðinn „Útlán til viðskiptavina“ í efnahagsreikningi. Samstæðan beitir reikningsskilaaðferðum sínum um afskráningu og virðisrýrnun fjáreigna einnig á eignaleigukröfur sínar. Samstæðan færir fjármagnstekjur af eignaleigu í rekstrarreikningi undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur (gjöld)“ á leigutímanum til að fá fram samfellda arðsemi hinnar hreinu fjárfestingar í leigunni á tímabilinu.

Þegar samstæðan er leigusali í samningum sem teljast vera lögformlegir eignaleigusamningar en eru efnislega lánasamningar flokkar samstæðan þá meðal útlána á afskrifuðu kostnaðarverði.

66.11 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Fastafjármunir og aflögð starfsemi eru flokkuð til sölu ef samstæðan væntir þess að hún muni endurheimta bókfært virði þeirra við sölu frekar en með áframhaldandi notkun. Til að þetta eigi við þarf eignin, eða aflagða starfsemin, að vera tilbúin til sölu í núverandi ástandi, með fyrirvara um eðlileg viðskiptakjör og líklega sölu. Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi eru færð í efnahagsreikning undir liðnum „Aðrar eignir“ og skuldir vegna fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi eru færð í efnahagsreikning undir liðnum „Aðrar skuldir“.

Áður en eignin er flokkuð til sölu eru fastafjármunir, eða viðkomandi liðir aflagðrar starfsemi, metnir í samræmi við viðeigandi reikningsskilaaðferðir. Þar á eftir eru fastafjármunir til sölu, eða aflögð starfsemi, metin á kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist, að undanskildum frestuðum tekjuskattseignum og fjáreignum sem eru metnar í samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar sem eiga við þær eignir. Eftir endurflokkun eru óefnislegar eignir og varanlegir rekstrarfjármunir ekki lengur afskrifuð og fjárfestingar í hlutdeildarfélögum ekki lengur færðar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu eru metnar í samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar sem eiga við þær skuldir.

Tekjur og gjöld sem stofnað hefur verið til vegna fastafjármuna til sölu og aflagðrar starfsemi eru færð í rekstrarreikning undir liðinn „Aflögð starfsemi, að frádregnum tekjuskatti“ (sjá skýringu 66.23).

66.12 Lánsloforð og fjárhagslegar ábyrgðir

Lánsloforð eru skuldbindingar samstæðunnar til að útvega lánsfé samkvæmt fyrirfram tilgreindum skilmálum og skilyrðum. Vænt útlánatap vegna lánsloforða (sjá skýringu 66.3) er fært í efnahagsreikning undir liðnum „Aðrar skuldir“. Þóknanir vegna lánsloforða sem samstæðan veitir viðtöku eru færðar í rekstrarreikning undir liðnum „Hreinar þóknanatekjur (gjöld)“.

Fjárhagslegar ábyrgðir eru samningar sem skuldbinda samstæðuna til að bæta rétthafa tap sem hann verður fyrir vegna vanefnda skuldara á greiðslum á gjalddaga, í samræmi við skilmála skuldagernings. Fjárhagslegar ábyrgðir eru gefnar út af samstæðunni til lánastofnana eða annarra samningsaðila viðskiptavinarins svo hægt sé að setja þær fram sem veð gegn lánveitingu, yfirdrætti eða annarri lánafyrirgreiðslu.

Skuldir vegna fjárhagslegra ábyrgða sem samstæðan gefur út eru upphaflega metnar sem gangvirði álagsþóknunar á útgáfudegi. Skuldirnar eru síðan færðar á upphaflegu gangvirði ábyrgðarinnar eða bókfærðu virðisrýrnunarframlagi ábyrgðarinnar (sjá skýringu 66.3), hvort sem hærra reynist. Hækkun eða lækkun skuldbindinga vegna ábyrgða er færð í rekstrarreikning. Álagsþóknunin er færð í rekstrarreikning undir liðnum „Hreinar þóknanatekjur (gjöld)“.

66.13 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar þegar lagaleg eða rökstudd greiðsluskylda hvílir á samstæðunni vegna liðinna atburða, ef líklegt þykir að samstæðan þurfi að gera upp skuldbindinguna með fjármunum og hægt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti.

Fjárhæðin sem færð er sem skuldbinding er áreiðanlegasta matið á því endurgjaldi sem þarf til að gera upp núverandi skuldbindingar á reikningsskiladegi, að teknu tilliti til áhættu og óvissu sem tengist skuldbindingunni. Þar sem skuldbinding er metin út frá því framtíðargreiðsluflæði sem þarf til að gera upp núverandi skuldbindingu, er bókfært virði hennar núvirði greiðsluflæðisins. Þegar þess er vænst að hluti eða allur efnahagslegur ávinningur sem þarf til að gera upp skuldbindingu verði endurheimtur frá þriðja aðila og nær öruggt er að endurgreiðslan verði innheimt og hægt er að meta fjárhæð viðskiptakröfunnar á áreiðanlegan hátt er viðskiptakrafan skráð sem eign.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

66.14 Starfskjör

Öll félög samstæðunnar eru skuldbundin til að greiða lögbundin og samningsbundin iðgjöld með framlagi í almenna lífeyrissjóði og séreignarsjóði. Samstæðan hefur engar frekari greiðsluskyldur umfram þessi framlög. Samstæðan færir þessi iðgjöld meðal launatengdra gjalda þegar þau falla til. Samstæðan hefur ekki skilgreint eftirlaunakerfi.

Starfskjör til skamms tíma fela í sér laun, kaupauka í peningum, hlunnindi og launaðar fjarvistir. Starfskjör til skamms tíma eru gjaldfærð af samstæðunni eftir því sem hin tengda þjónusta er veitt. Skuld er færð fyrir fjárhæðinni sem gert er ráð fyrir að greidd verði samkvæmt áætlunum um kaupauka í peningum ef samstæðan hefur núgildandi lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða þessa fjárhæð vegna fyrri þjónustu sem starfsmaðurinn hefur veitt og hægt er að meta skuldbindinguna með áreiðanlegum hætti.

66.15 Eigið fé

Hlutafé

Hlutafé sem sýnt er í ársreikningi samstæðunnar samanstendur af heildarnafnvirði almennra hluta útgefinna af bankanum. Viðbótarkostnaður, sem rekja má beint til útgáfu almennra hluta, er færður sem frádráttur frá eigin fé, að frádregnum öllum skattaáhrifum.

Arður af hlutabréfum

Arður til hluthafa bankans er færður sem skuld og dreginn frá eigin fé á því reikningstímabili sem hann er samþykktur af hluthöfum á aðalfundi bankans. Arður til hluthafa í minnihluta í dótturfélögum er færður sem skuld og dreginn frá eigin fé á því reikningstímabili sem hann er samþykktur af hluthafafundi dótturfélaganna. Arður sem ákveðinn er eftir uppgjörsdag er ekki færður sem skuld á uppgjörsdegi.

Lögbundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 skal lögbundinn varasjóður nema 25% af hlutafé bankans.

Bundnir varasjóðir

Samstæðan skal eftir því sem við á færa tilteknar fjárhæðir af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn varasjóð. Fjárhæðir á bundnum varasjóðum eru ekki tækar til arðgreiðslna. Bundnir varasjóðir greinast þannig:

Bundinn varasjóður vegna eignfærðs þróunarkostnaðar

Við eignfærslu þróunarkostnaðar færir samstæðan sömu fjárhæð af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn varasjóð. Fjárhæðir sem færðar eru á bundinn varasjóð eru færðar til baka á óráðstafað eigið fé í samræmi við afskrift eignfærðs þróunarkostnaðar sem færð er í rekstrarreikning.

Bundinn varasjóður vegna gangvirðisbreytinga fjáreigna

Samstæðan færir gangvirðisbreytingar, vegna fjáreigna sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, af óráðstöfuðu eigin fé á bundinn varasjóð, að teknu tilliti til skattáhrifa ef við á. Fjárhæðir sem færðar hafa verið á bundinn varasjóð eru færðar til baka á óráðstafað eigið fé við sölu fjáreignarinnar.

Bundinn varasjóður vegna óinnleysts hagnaðar vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga

Sé hlutdeild í afkomu dóttur- og/eða hlutdeildarfélaga umfram móttekinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, færir samstæðan mismuninn á bundinn varasjóð. Bundni varasjóðurinn skal, eftir því sem við á, leystur upp með færslu á óráðstafað eigið fé ef eignarhluturinn er seldur eða hann afskrifaður.

Gangvirðisvarasjóður

Gangvirðisvarasjóður samanstendur af öllum óinnleystum hagnaði eða tapi sem tengjast gangvirðisbreytingum á eiginfjárgerningum sem eru flokkaðir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu. Gangvirðisbreytingarnar eru ekki endurflokkaðar yfir í rekstrarreikning við afskráningu eiginfjárgerninga.

Varasjóður útlánaáhættu fjárskulda

Breytingar á gangvirði eigin útlánaáhættu fjárskulda sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru færðar á varasjóð útlánaáhættu fjárskulda. Gangvirðisbreytingarnar eru ekki endurflokkaðar yfir í rekstrarreikning við greiðslu skuldar.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

66.16 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna allra fjáreigna og fjárskulda sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem afvaxtar vænt framtíðargreiðsluflæði fjáreignar eða fjárskuldar yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins eða styttra tímabil, eftir því sem við á, til bókfærðs virðis fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlar samstæðan greiðsluflæði með tilliti til allra samningsskilmála fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til vænts útlánataps. Við útreikninginn er tekið tillit til allra þóknana og greiðslna á milli samningsaðila sem heyra undir hlutfall virkra vaxta, sem og viðskiptakostnaðar, yfirverðs og affalla.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem samstæðan gefur sér við upphaflega skráningu fjáreignar og fjárskuldar og bókfært virði þeirra er síðan aðlagað ef áætlanir um greiðslur og innborganir eru endurmetnar. Bókfært virði er endurreiknað með sömu ávöxtunarkröfu og notuð var við upphaflega skráningu. Breytingar á bókfærðu virði eru færðar sem vaxtatekjur eða vaxtagjöld. Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna fjármálagerninga á breytilegum vöxtum, eru venjulega skráð á gildandi markaðsvöxtum að viðbættum afskriftum eða að frádregnu álagi eða afföllum, sem byggjast á upprunalegri ávöxtunarkröfu.

Vextir á virðisrýrðar fjáreignir eru reiknaðir með upphaflegri ávöxtunarkröfu fjáreignarinnar. Fyrir fjáreignir á stigi 1 og stigi 2 eru vextir reiknaðir af vergu bókfærðu verði eignanna og vegna fjáreigna á stigi 3 eru vextir reiknaðir af vergu bókfærðu verði eignanna að frádregnu virðisrýrnunarframlagi (sjá skýringu 66.3).

Vaxtatekjur og vaxtagjöld innifela hagnað og tap af afskráðum fjáreignum og fjárskuldum sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld vegna fjáreigna og fjárskulda sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstur, eru skráð í rekstrarreikning á grundvelli reikningsskila á rekstrargrunni að undanskildum fjárskuldum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (sjá skýringu 66.3).

Áfallnir vextir vaxtaskiptasamninga, sem eru skilgreindir og færðir sem áhættuvarnargerningar í gangvirðisvörnum gegn vaxtaáhættu (sjá skýringu 66.5), eru færðir í rekstrarreikning sem breyting á vaxtakostnaði sem færður er fyrir skuldabréfin.

66.17 Þóknanatekjur og þóknanagjöld

Fjárhæðin, sem færð er vegna þóknanatekna og -gjalda er sú fjárhæð sem endurspeglar raunverulegan kostnað við þjónustu við viðskiptavini. Tekjur og gjöld vegna þóknana sem eru óaðskiljanleg frá virkum vöxtum á fjáreign eða fjárskuld eru tekin með við mat á virkum vöxtum.

Þóknanir vegna lánsloforða, sem líklegt þykir að viðskiptavinur nýti, eru færðar sem hluti af virkum vöxtum útlánsins. Þegar ekki er gert ráð fyrir nýtingu á lánsloforðum eru þóknanir færðar línulega í rekstrarreikning yfir lánstímabilið.

Þóknanir vegna sambankalána eru færðar sem tekjur þegar ferlinu er lokið og samstæðan hefur ekki haldið eftir neinum hluta lánapakkans fyrir sig eða hefur haldið hluta af sömu virku vöxtunum og aðrir þátttakendur.

Þóknanatekjur og -gjöld sem stofnað er til vegna samningaviðræðna, þátttöku í samningaviðræðum, viðskipta fyrir þriðja aðila svo sem umsýslu á yfirtöku hlutabréfa eða annarra verðbréfa eða kaupa eða sölu fyrirtækja, eru skráð þegar undirliggjandi viðskiptum er lokið.

Þóknanatekjur fyrir umsjón með verðbréfasöfnum, aðra ráðgjöf og þjónustu eru færðar samkvæmt viðkomandi þjónustusamningi, vanalega eftir því sem þjónustan er veitt.

Þóknanatekjur fyrir eignastýringu sem tengjast fjárfestingarsjóðum eru skráðar hlutfallslega á það tímabil sem þjónustan er veitt. Sama á við um einkabankaþjónustu, fjármálaskipulagningu og vörsluþjónustu sem er veitt samfellt yfir lengri tíma. Árangurstengdar þóknanir, eða hluti af þóknunum, eru færðar þegar tilsettum árangri hefur verið náð.

Í þeim tilvikum þegar samstæðan telst vera umboðsmaður eru þóknanatekjum og þóknanagjöldum jafnað saman og nettófjárhæð birt.

66.18 Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)

Hreinar fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) fela í sér hreinan hagnað (tap) af fjáreignum og fjárskuldum sem tilskildar eru á gangvirði í gegnum rekstrareikning, hreinan hagnað (tap) af fjárskuldum sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrareikning og hreinan hagnað (tap) af gangvirðisvörnum.

66.18 (framhald)

Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum tilskildum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
Hreinn hagnaður eða tap af fjáreignum og fjárskuldum sem tilskildar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning felur í sér allar skráðar og óskráðar breytingar á gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem samstæðan flokkar sem tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, nema vaxtatekjur og -gjöld sem færð eru undir liðinn „Hreinar vaxtatekjur (gjöld)“ og gengishagnað og -tap sem færð eru undir liðinn „Hreinn gengismunur“. Tekjur vegna arðgreiðslna fjáreigna eru skráðar í rekstrarreikning þegar réttur samstæðunnar til þess að móttaka greiðslu er staðfestur.

Hreinn hagnaður (tap) af fjárskuldum tilgreindum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning
Hreinn hagnaður eða tap af fjárskuldum sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning felur í sér allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar fjárskulda sem samstæðan tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, nema gangvirðisbreytingar sem má rekja til breytinga á útlánaáhættu sem færð er í yfirlit um aðra heildarafkomu, gjaldfærða vexti sem eru færðir undir liðinn „Hrein vaxtagjöld“ með aðferð virkra vaxta, og gengishagnað og -tap sem færð eru undir liðinn „Hreinn gengismunur“.

Hreinn hagnaður (tap) af gangvirðisvörn
Hreinn hagnaður eða tap af gangvirðisvörnum felur í sér breytingar á hreinu gangvirði vaxtaskiptasamninga sem eru skilgreindir og færðir sem áhættuvarnargerningar og breytingar á gangvirði tiltekinna skuldabréfa sem skilgreind eru sem áhættuvarðir liðir (sjá skýringu 66.5).

66.19 Hreinn gengismunur

Hreinn gengismunur í rekstrarreikningi felur í sér allan hagnað og tap vegna gengisbreytinga á peningalegum eignum og skuldum í erlendum gjaldmiðlum og gengismun peningalegra eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum sem myndast vegna frávika frá upphaflega skráðu gengi á árinu eða í fyrri reikningsskilum. Hreinn gengismunur felur einnig í sér gengismun vegna umreiknings ófjárhagslegra eigna og skulda sem samstæðan færir á gangvirði í erlendum gjaldmiðlum.

66.20 Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður samanstendur af aðkeyptri sérfræðiþjónustu, tölvutengdum kostnaði, húsnæðiskostnaði, afskriftum af varanlegum rekstrarfjármunum, afskriftum óefnislegra eigna og öðrum rekstrarkostnaði eins og auglýsingakostnaði, skrifstofukostnaði og ýmsum opinberum gjöldum.

66.21 Virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna

Samstæðan metur á hverjum reikningsskiladegi hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna annarra en tekjuskattsinneignar. Ef slík vísbending er til staðar metur samstæðan endurheimtanlegt virði eignarinnar.

Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning ef bókfært virði eignar eða fjárskapandi einingar reynist hærra en vænt endurheimtanlegt virði hennar.

Virðisrýrnun ófjárhagslegra eigna er bakfærð ef breyting hefur orðið á endurheimtanlegu virði eignarinnar. Virðisrýrnun er aðeins færð til baka að því marki að bókfært virði eignarinnar sé ekki hærra en bókfært virði sem hefði verið ef virðisrýrnun hefði aldrei verið færð, að frádregnum afskriftum eða niðurfærslu. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

66.22 Skattar

Tekjuskattur
Tekjuskattur felur í sér sérstakan fjársýsluskatt, tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt og er sýndur í sérstökum lið í rekstrarreikningi. Tekjuskattur af aflagðri starfsemi er færður í rekstrarreikningi undir liðinn „Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti“ (sjá skýringu 66.23). Tekjuskattur er skráður í rekstrarreikningi nema að því marki sem hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigin fé í samræmi við skráningu þess undirliggjandi liðar sem hann tengist.

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki reiknast 0,376% (2018: 0,376%) af skattalegu bókfærðu virði skulda í árslok, umfram 50.000 milljónir króna, að skattskuldum frátöldum. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki telst til ófrádráttarbærs kostnaðar við útreikning á tekjuskatti. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er sýndur í sérstökum lið í rekstrarreikningi og er færður í efnahagsreikningi undir liðinn „Skattskuldir“.

Skýringar með ársreikningi samstæðunnar

66.22 (framhald)

Sérstakur fjársýsluskattur

Sérstakur fjársýsluskattur reiknast 6% af skattskyldum hagnaði yfir 1.000 milljónum króna. Sérstakur fjársýsluskattur er færður í efnahagsreikningi undir liðinn „Skattskuldir“.

Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er sá skattur sem gert er ráð fyrir að greiða þurfi af skattsskyldri afkomu ársins, miðað við þá skattprósentu sem í gildi er eða búið er að tilkynna að verði í gildi á reikningsskiladegi og allar breytingar sem gerðar hafa verið á skatti til greiðslu vegna fyrri ára. Inneign tekjuskatts er jafnað á móti tekjuskatti til greiðslu í efnahagsreikningi ef samstæðan hefur lagalegan aðfararhæfan rétt til að jafna út hinum færðu fjárhæðum og hefur í hyggju annaðhvort að gera upp nettó eða að innleysa eignina og gera upp skuldina samtímis. Tekjuskattur til greiðslu er færður í efnahagsreikningi undir liðinn „Skattskuldir“.

Skatteign og tekjuskattsskuldbinding

Frestaður tekjuskattur er færður á grundvelli tímabundins mismunar á skattalegu virði eigna og skulda og bókfærðu virði þeirra í ársreikningi samstæðunnar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann er tilkominn vegna upphaflegrar skráningar eignar eða skuldar, í öðrum viðskiptum en sameiningu félaga, sem á viðskiptadegi hafa hvorki áhrif á skattalega afkomu né reikningshaldslega afkomu. Þar að auki eru frestaðir skattar ekki færðir ef tímabundinn mismunur er tilkominn vegna upphaflegrar skráningar viðskiptavildar.

Frestaður tekjuskattur er reiknaður miðað við þá skattprósentu sem í gildi er eða búið er að tilkynna að verði í gildi á reikningsskiladegi og vænst er að verði í gildi þegar skatteignin er innleyst eða tekjuskattskuldbindingin gerð upp.

Skatteign er aðeins færð að því marki sem líklegt er að skattskyldur framtíðarhagnaður verði nægjanlegur til að nýta á móti eigninni. Skatteign er yfirfarin á hverjum reikningsskiladegi og lækkuð að því marki sem talið er ólíklegt að muni nýtast á móti framtíðarhagnaði.

Tekjuskattsskuldbinding er færð í efnahagsreikningi undir liðinn „Skattskuldir“ og skatteign er færð í efnahagsreikningi undir liðinn „Aðrar eignir“. Frestaðir skattar sem tilheyra aflagðri starfsemi (sjá skýringu 66.11) eru færðir undir liðinn „Aðrar eignir“ eða „Aðrar skuldir“ í efnahagsreikningi eftir því sem við á.

Skatteign og tekjuskattsskuldbinding eru jafnaðar út í efnahagsreikningi ef samstæðan hefur lagalegan aðfararhæfan rétt til að jafna inneign tekjuskatts á móti tekjuskatti til greiðslu, og frestuðu skattarnir tengjast sköttum sem lagðir eru á af sama skattyfirvaldi á annaðhvort sömu skattskyldu eininguna eða á aðrar skatteiningar sem áforma að gera skattana upp nettó eða skatteign og tekjuskattsskuldbinding þeirra verða innleystar samtímis.

66.23 Aflögð starfsemi, að frádegnum tekjuskatti

Aflögð starfsemi, að frádregnum tekjuskatti, er sýnd í sérstökum lið í rekstrarreikningi og inniheldur (i) hagnað eða tap eftir skatta vegna fullnustueigna og aflagðrar starfsemi, (ii) hagnað eða tap af lækkun á gangvirði að frádregnum sölukostnaði umfram bókfært virði af fullnustueignum, og (iii) hagnað eða tap af sölu á fullnustueignum og aflagðri starfsemi.

66.24 Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettófjárhæð sýnd í efnahagsreikningi þegar og aðeins þegar, samstæðan hefur lagalegan rétt til jöfnunar fjárhæða og ætlunin er annað hvort að gera upp á nettógrunni, eða innleysa eignina og gera skuldina upp samhliða.

Samstæðan jafnar aðeins tekjum og gjöldum í rekstrarreikningi þegar þess er krafist eða það er leyft samkvæmt reikningsskilareglum.

66.25 Hagnaður á hlut

Samstæðan sýnir grunnhagnað og þynntan hagnað á hlut fyrir almenna hluti sína. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður með því að deila í hagnað eða tap sem tilheyrir almennum hluthöfum bankans með vegnu meðaltali fjölda útistandandi almennra hluta á tímabilinu. Þynntur hagnaður er ákvarðaður með því að leiðrétta hagnað eða tap sem tilheyrir almennum hluthöfum bankans og vegið meðaltal fjölda útistandandi almennra hluta með tilliti til áhrifanna af öllum þynntum mögulegum almennum hlutum, ef einhverjir eru.

66.26 Starfsþættir

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar, með aðgreinanlegar fjárhagslegar upplýsingar, sem býður fram vörur og þjónustu sem bera tekjur og tilfallandi gjöld, þar með taldar tekjur og gjöld sem tengjast viðskiptum við aðra starfsþætti samstæðunnar. Vörur og þjónusta hvers starfsþáttar felur í sér áhættu og umbun sem getur verið frábrugðin áhættu annarra starfsþátta. Rekstrarniðurstaða starfsþátta er kynnt fyrir stjórn og bankastjóra í þeim tilgangi að ráðstafa auðlindum og árangursmeta starfsþætti.

Stjórnarháttayfirlýsing Íslandsbanka hf. 2019

Óendurskoðuð

Óendurskoðaður viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing 2019

Stjórn Íslandsbanka hefur einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því regluverki sem um starfsemina gildir, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarhátta.

Stjórnarhættir Íslandsbanka eru í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti eftirlitsskyldra aðila. Íslandsbanki starfar samkvæmt gildandi löggjöf um aðila sem eru undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins (FME), ásamt viðeigandi reglum og tilmælum FME og reglum Nasdaq Iceland sem aðgengilegar eru á vefsíðum þeirra (www.fme.is og www.nasdaqomxnordic.com). Meðal þeirra laga sem um starfsemi bankans gilda eru lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007, samkeppnislög nr. 44/2005 og lög um hlutafélög nr. 2/1995 sem ásamt samþykktum bankans mynda grunninn að starfsemi hans. Viðeigandi löggjöf er að finna á vefsíðu Alþingis (www.althingi.is).

Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Bankinn leggur áherslu á að viðhalda stjórnarháttum sem samræmast bestu framkvæmd á sviði stjórnarhátta. Íslandsbanki hlaut fyrst viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum í mars 2014 frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands. Viðurkenningin var veitt í kjölfar ítarlegrar skoðunar á starfsháttum stjórnar, undirnefndum stjórnar og stjórnenda bankans. Viðurkenningin hefur verið endurnýjuð árlega frá því að hún var upphaflega veitt.

Íslandsbanki hefur innleitt ákvarðanatökulykil, sem kortleggur skilyrði fyrir öllum meiriháttar ákvörðunum innan bankans. Lykilinn er liður í að bæta ákvarðanatöku og auka þar með traust hagsmunaaðila til bankans. Með ákvarðanatökulyklinum eru sett ákveðin skilyrði og einnig er mælt fyrir um tiltekið ferli fyrir töku meiriháttar ákvarðana. Hann setur það skilyrði að allar meiriháttar ákvarðarnir skuli teknar á grundvelli bestu fáanlegu upplýsinga á hverjum tíma og að fengnu áliti viðeigandi aðila innan bankans.

Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Stjórn bankans fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja (5. útg.) sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins (hér eftir leiðbeiningarnar), í samræmi við 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á www.leidbeiningar.is. Stjórnarhættir bankans samræmast ákvæðum leiðbeininganna að grein 1.5 undanskilinni.

Í grein 1.5 í leiðbeiningunum er gert ráð fyrir að hluthafafundur skuli skipa tilnefningarnefnd eða ákveða hvernig hún skuli skipuð. Hluthafar bankans, sem og stjórn hans, telja ekki ástæðu til að skipa slíka nefnd á þessum tíma á meðan Bankasýsla ríkisins fer með alla eignarhluti í bankanum. Stjórnarmenn eru tilnefndir af eiganda bankans, íslenska ríkinu, og skipar Bankasýsla ríkisins sérstaka valnefnd til verksins í samræmi við 7. gr. laga um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009.

Helstu þættir áhættustýringar og innra eftirlits

Innra eftirlit

Umgjörð bankans um áhættustýringu og innra eftirlit byggir á þriggja þrepa eftirlitskerfi, eins og því er lýst í leiðbeiningum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar um innri stjórnarhætti, og er ætlað að styðja við góðar ákvarðanir og sterka áhættuvitund í bankanum. Skipulagið miðar að því að tryggja skilvirkni, virka áhættustýringu, góða viðskiptahætti, áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og annarra upplýsinga innan og utan bankans, ásamt fylgni við viðeigandi lög, reglur, tilmæli og innri reglur bankans.

Fyrsta varnarlínan er mynduð af viðskipta- og stoðeiningum bankans; önnur varnarlínan af innri eftirlitseiningum bankans, áhættustýringu og regluvörslu og þriðja varnarlínan er innri endurskoðun sem leggur, í umboði stjórnar, óháð og hlutlægt mat á skilvirkni stjórnarhátta, áhættustýringar og innra eftirlits.

Áhættustýring

Stjórn bankans samþykkir áhættustefnu, yfirlýsingu bankans um áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar og skal tryggja að innri ferlar og umgjörð vegna áhættustýringar séu yfirfarnir eigi sjaldnar en árlega.

Áhættustefnunefnd er ráðgefandi nefnd bankastjóra og í henni eiga sæti bankastjóri, allir framkvæmdastjórar bankans og aðrir stjórnendur sem skipaðir eru af bankastjóra. Nefndin tekur lykilákvarðanir er varða innleiðingu á umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits og hefur eftirlit með því að áhættusnið bankans sé innan þess ramma sem markast af yfirlýsingu stjórnar um áhættuvilja. Nefndin gefur út leiðbeiningar um áhættuviðmið og samþykkir aðferðir og forsendur við útreikning á áhættumælikvörðum auk þess sem nefndin staðfestir lánareglur og aðrar reglur er varða útfærslu á áhættustefnu bankans.

Frekari upplýsingar um áhættustýringu og innra eftirlit má finna í óendurskoðaðri áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2019 (Pillar 3 Report) sem er birt á vefsíðu bankans.

Óendurskoðaður viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing 2019

Reikningsskil og endurskoðun

Bankastjóri sér til þess að stjórn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur bankans og endurskoðunarnefnd stjórnar aðstoðar stjórn bankans við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar í tengslum við birtingu fjárhagsupplýsinga og innra eftirlit.

Fjármálasvið bankans gerir reikningsskil fyrir samstæðuna í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu auk viðeigandi krafna í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum um reikningsskil lánastofnana. Áður en árs- og árshlutareikningar samstæðunnar eru lagðir fyrir stjórn til samþykktar, gefur endurskoðunarnefnd stjórnar álit sitt á þeim. Stjórnendauppgjör eru lögð fyrir stjórn 10 sinnum á ári, að jafnaði. Ytri endurskoðendur kanna hálfsársuppgjör og endurskoða ársuppgjör bankans.

Árs- og árshlutauppgjör bankans eru birt opinberlega.

Í samræmi við samþykktir bankans og lög um fjármálafyrirtæki skal kjósa endurskoðunarfélag á aðalfundi bankans. Í fyrsta skipti árið 2016 var Ríkisendurskoðun kosið endurskoðunarfélag bankans á aðalfundi bankans til næstu fimm ára í samræmi við 4. gr. laga nr. 46/2016 um Ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkiseininga. Ríkisendurskoðun hefur síðan falið Ernst & Young ehf. endurskoðun bankans í umboði sínu.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðandi er ráðinn af, og heyrir beint undir, stjórn og er ábyrgur fyrir innri endurskoðun innan samstæðunnar. Innri endurskoðun starfar sjálfstætt frá öðrum deildum bankans í samræmi við 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Innri endurskoðun veitir stjórn bankans óháða og hlutlæga staðfestingu á því hvort ferli bankans varðandi áhættustýringu, innra eftirlit og stjórnarhætti séu fullnægjandi. Nánar er gerð grein fyrir skyldum og heimildum innri endurskoðunar í erindisbréfi frá stjórn.

Regluvörður

Regluvörður er ráðinn af bankastjóra og er ráðning hans staðfest af stjórn. Regluvörður starfar samkvæmt erindisbréfi sem samþykkt er af stjórn bankans. Hlutverk regluvarðar er að fylgjast með og meta með reglubundnum hætti, ráðstafanir bankans í tengslum við verðbréfaviðskipti og að þær séu ávallt í samræmi við viðeigandi lög. Regluvörður er jafnframt ábyrgur fyrir því að meta og fylgjast með hvort bankinn starfi í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006. Auk þess er hann ábyrgur aðili samkvæmt bandarísku FATCA skattalöggjöfinni og staðli OECD ríkjanna um skipti á fjárhagsupplýsingum. Loks ber regluvörður ábyrgð á eftirliti með hlítingaráhættu bankans.

Gildi Íslandsbanka, siðferðisviðmið og sjálfbærni

Vorið 2019 mótuðu starfsmenn sameiginlega hlutverk og gildi bankans. Hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka. Gildi bankans eru kjarni fyrirtækjamenningar sem mótar hegðun, hugarfar og viðmót starfsmanna bankans. Gildi Íslandsbanka eru eldmóður, fagmennska og samvinna.

Í október 2019 samþykkti stjórn nýjar starfs- og siðareglur fyrir bankann sem ætlað er að stuðla að góðum starfsháttum innan bankans. Reglurnar má finna á vefsíðu bankans.

Verkefni bankans á sviði sjálfbærni eru byggð á stefnu stjórnar sem nær til fimm lykilþátta; viðskipta, fræðslu, umhverfis, vinnustaðar og samfélags. Bankinn hefur jafnframt tiltekin fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi, þ.e. aðgerðir í loftlagsmálum, jafnrétti kynjanna, menntun fyrir alla og nýsköpun og uppbyggingu. Árlega er gefin út skýrslan Íslandsbanki í samfélaginu Global Compact og er hún aðgengileg á vefsíðu bankans. Undanfarin ár hefur bankinn verið aðili að alþjóðlegu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgð, UN Global Compact. Samkomulagið er leiðarvísir að því hvernig fyrirtæki geta sýnt samfélagslega ábyrgð í verki og er hvatning til góðra verka.

Bankinn hefur samþykkt stefnu um sjálfbærni sem miðar að því að rekstur bankans verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi útfrá alþjóðlegum viðurkenndum viðmiðum um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti. Íslandsbanki stefnir á að vera leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar og hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu.

Stjórn Íslandsbanka

Í stjórn bankans sitja sjö einstaklingar, og tveir varamenn, sem kosnir eru á hverjum aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnarformaður er kosinn af hluthafafundi. Engin takmörk eru fyrir því hve lengi stjórnarmenn mega sitja í stjórn bankans.

Stjórn bankans fer með málefni bankans milli hlutahafafunda nema þegar lög eða samþykktir bankans kveða á um annað. Stjórn ber ábyrgð á því að setja stefnu bankans og felur bankastjóra nánari útfærslu og framkvæmd hennar. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé ávallt í samræmi við lög, reglur og góða viðskiptahætti. Stjórn ræður bankastjóra og innri endurskoðanda.

Óendurskoðaður viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing 2019

Starfsreglur stjórnar eru settar á grundvelli 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Gildandi reglur má finna á vefsíðu bankans. Samkvæmt starfsreglum stjórnar eru fundir stjórnar lögmætir ef fimm stjórnarmenn hið minnsta sækja fund. Stjórnarfundir á árinu 2019 voru 19 talsins og var stjórn ákvörðunarbær á öllum fundum.

Hlutafé Íslandsbanka er í eigu íslenska ríkisins og fer Bankasýsla ríkisins með eignarhlut ríkisins í bankanum í samræmi við lög um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009. Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar sérstaka valnefnd skv. 7. gr. laganna og tilefnir hún fulltrúa til kjörs í stjórn bankans. Þá kveða samþykktir bankans á um að hlutfall hvors kyns í stjórn bankans skuli ekki vera lægra en 40%. Stjórn bankans er nú skipuð þremur konum og fjórum körlum. Stjórn hefur samþykkt stefnu um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna sem kveður m.a. á um að samsetning stjórnar skuli á hverjum tíma vera fjölbreytt m.t.t. menntunar, starfsreynslu, kyns og aldurs stjórnarmanna.

Undirnefndir stjórnar

Undirnefndir stjórnar eru þrjár og starfa þær samkvæmt erindisbréfi frá stjórn og starfsreglum stjórnar. Erindisbréf undirnefnda stjórnar má finna á vefsíðu bankans. Stjórn kýs nefndarmenn undirnefnda og skipar formenn þeirra . Við skipun nefndanna skal stjórn taka tillit til þess hvaða sérþekkingar, hæfni og reynslu starf í viðkomandi undirnefnd krefst. Nefndirnar eru allar skipaðar stjórnarmönnum.

Endurskoðunarnefnd stjórnar sem skipuð er þremur stjórnarmönnum, aðstoðar stjórn við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar vegna fjárhagsupplýsinga, innra eftirlits, endurskoðunar og eftirlits með fylgni við lög og reglur ásamt siðareglum bankans. Á árinu 2019 voru haldnir sex fundir í endurskoðunarnefnd stjórnar og var nefndin ákvörðunarbær á þeim öllum.

Áhættunefnd stjórnar sem skipuð er þremur stjórnarmönnum aðstoðar stjórn við að uppfylla ráðgjafar- og eftirlitshlutverk sitt, m.a. vegna mótunar og innleiðingar á áhættustefnu og áhættuvilja bankans. Verkefni áhættunefndar stjórnar ná til móðurfélagsins, dótturfélaga þess og samstæðunnar í heild sinni. Á árinu 2019 voru haldnir tíu fundir í áhættunefnd stjórnar og var nefndin ákvörðunarbær á þeim öllum.

Stjórnarhátta-, starfskjara- og mannauðsnefnd stjórnar sem skipuð er þremur stjórnarmönnum aðstoðar stjórn bankans við að fylgjast með þróun og meta reglulega nálgun bankans í góðum stjórnarháttum og frammistöðu stjórnarmanna. Ennfremur er nefndin ábyrg fyrir eftirliti með kaupaukakerfi og álitaefnum er varða mannauðsmál. Haldnir voru átta fundir í þessari undirnefnd stjórnar á árinu 2019 og var nefndin ákvörðunarbær á þeim öllum.

Skipan undirnefnda stjórnar má sjá í töflu hér að neðan:

	Stjórnhátta-, starfskjara- og mannauðsnefnd	Endurskoðunarnefnd	Áhættunefnd stjórnar
Friðrik Sophusson			
Anna Þórðardóttir		Formaður nefndar	
Auður Finnbogadóttir			Nefndarmaður
Árni Stefánsson			Formaður nefndar
Hallgrímur Snorrason	Nefndarmaður	Nefndarmaður	
Heiðrún Jónsdóttir	Formaður nefndar	Nefndarmaður	
Tómas Már Sigurðsson			Nefndarmaður

Stjórnarmenn

Friðrik Sophusson, stjórnarformaður, (f. 1943) hefur verið stjórnarformaður frá janúar 2010. Friðrik hefur víðtæka reynslu og þekkingu á sviði stefnumörkunar í efnahagsmálum, stjórnun og opinberri þjónustu á Íslandi. Hann hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem og sinnt stjórnarsetu. Friðrik var framkvæmdastjóri Stjórnunarfélags Íslands 1972-1978 þegar hann tók sæti á Alþingi. Friðrik átti sæti í ríkisstjórn 1987-1988, þá sem iðnaðar- og orkumálaráðherra og síðar sem fjármálaráðherra 1991-1998. Árið 1999 tók Friðrik við starfi forstjóra Landsvirkjunar sem hann gegndi í tæp 11 ár.

Friðrik er með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands.

Undirnefndir: Nefndarmaður í stjórnarhátta-, starfskjara- og mannauðsnefnd stjórnar.

Óendurskoðaður viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing 2019

Anna Þórðardóttir (f. 1960) hefur verið stjórnarmaður frá apríl 2016. Hún hefur mikla reynslu af stjórnarsetu. Hún hefur setið í stjórn KPMG og félags löggiltra endurskoðenda. Hún situr í stjórn Framtíðarseturs Íslands og er formaður endurskoðunarnefndar Haga og er nefndarmaður í endurskoðunarnefnd Heimavalla. Anna starfaði hjá KPMG á árunum 1988-2015, þar af sem eigandi frá 1999 og bar m.a. ábyrgð á endurskoðun hjá eftirfarandi félögum: Reitum, Högum, 365, Baugi Group, Vodafone, Landfestum, Landey, 10-11 og Félagsbústöðum.

Anna er löggiltur endurskoðandi og er með Cand.oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hún stundaði Cand.merc. nám í fjármálafræðum við Handelshøjskolen í Árósum, Danmörku.

Undirnefndir: Formaður endurskoðunarnefndar.

Auður Finnbogadóttir (f. 1967) hefur verið stjórnarmaður frá apríl 2016. Hún hefur víðtæka reynslu af störfum á fjármálamarkaði. Hún hefur meðal annars starfað sem framkvæmdastjóri Lífsverks lífeyrissjóðs, Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar og MP banka. Auður hefur verið stjórnarformaður Samkeppniseftirlitsins og Norðlenska. Hún hefur meðal annars setið í stjórn Framtakssjóðs Íslands, Icelandair Group, RÚV, Landsnets og Nýja Kaupþings banka. Auður situr í kærunefnd útboðsmála og starfar sem verkefnastjóri stefnumótunar hjá Kópavogsbæ.

Auður er með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík og B.Sc. í viðskiptafræði með áherslu á alþjóðleg viðskipti frá Háskólanum í Colorado, Boulder í Bandaríkjunum. Hún lauk diplómanámi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands vorið 2018 og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.

Undirnefndir: Nefndarmaður í áhættunefnd stjórnar.

Árni Stefánsson (f. 1966) hefur verið stjórnarmaður frá apríl 2016. Hann hefur víðtæka stjórnunarreynslu tengdri stóriðju á Íslandi. Hann starfar sem framkvæmdastjóri, og situr í framkvæmdastjórn, hjá Rio Tinto. Árni hefur áður starfað sem framkvæmdastjóri hjá Norðuráli Grundartanga, deildarstjóri og í framkvæmdaráði hjá Landsneti og sem stjórnandi hjá Landsvirkjun.

Árni er með M.Sc. gráðu í rafmagns- og rekstrarverkfræði.

Undirnefndir: Formaður í áhættunefnd stjórnar.

Hallgrímur Snorrason (f. 1947) hefur verið stjórnarmaður frá apríl 2016. Hann starfar sjálfstætt sem ráðgjafi í opinberri hagskýrslugerð. Hann gegndi starfi Hagstofustjóra 1985-2007 og var aðstoðarforstjóri Þjóðhagsstofnunar 1980-1984. Hann hefur setið í fjölda stjórna,

m.a. bankaráði Útvegsbanka Íslands, Skýrr og Auði Capital. Hann hefur jafnframt verið formaður ýmissa stjórnskipaðra nefnda, bæði

innlendra sem og nefnda tengdum norrænu samstarfi, EFTA, ESB og OECD.

Hallgrímur er með M.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskólanum í Lundi og B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskólanum í Edinborg.

Undirnefndir: Nefndarmaður í stjórnarhátta-, starfskjara- og mannauðsnefnd stjórnar og endurskoðunarnefnd.

Heiðrún Jónsdóttir (f. 1969) hefur verið stjórnarmaður frá apríl 2016. Hún starfar sem héraðsdómslögmaður hjá Múla lögmannsstofu. Auk þess að sitja í stjórn bankans er hún stjórnarmaður í Icelandair Group og Regin fasteignafélagi. Hún starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá Eimskipafélagi Íslands, Lex Lögmannsstofu og framkvæmdastjóri lögfræði- og mannauðssviðs KEA. Hún hefur víðtæka reynslu af stjórnarsetu frá árinu 1998. Hún hefur meðal annars verið formaður stjórnar Norðlenska, Íslenskra verðbréfa, Gildis lífeyrissjóðs og stjórnarmaður í stjórn Símans, Olíuverzlunar Íslands, Ístaks, Reiknistofu bankanna, Arion verðbréfavörslu, Þekkingar og Landssambands lífeyrissjóða. Þá sat hún í stjórn Lögmannafélags Íslands 2016-2019, og var varaformaður þess 2018-2019.

Heiðrún er með embættispróf frá lagadeild Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum. Hún lauk stjórnendanámi, Advanced Management Program (AMP) frá IESE Business School í Barcelona á Spáni 2017.

Undirnefndir: Formaður í stjórnarhátta-, starfskjara- og mannauðsnefnd stjórnar og nefndarmaður í endurskoðunarnefnd.

Tómas Már Sigurðsson, varaformaður stjórnar, (f. 1968) tók sæti í stjórn bankans á aðalfundi 2019. Tómas er forstjóri HS Orku en starfaði áður sem aðstoðarforstjóri Alcoa Corporation, Pittsburgh í Bandaríkjunum. Tómas var jafnframt forstjóri Alcoa Fjarðaáls og Alcoa á Íslandi, en fluttist í árslok 2011 til Genfar til að stýra Alcoa í Evrópu. Frá 2014-2018 var Tómas framkvæmdastjóri Alcoa Corporation á heimsvísu. Tómas var formaður Viðskiptaráðs Íslands frá 2009-2012 og sat í stjórn Samtaka iðnaðarins frá 2005-2011. Hann sat í framkvæmdastjórn Evrópska Álfélagsins/sambandsins, Eurometaux, og Bandaríska viðskiptaráðs Evrópusambandsins frá 2012-2014. Tómas er í dag í fjölda stjórna á vegum Alcoa ásamt því að vera í stjórn evrópskra álframleiðenda.

Tómas er með M.Sc. gráðu í skipulagsverkfræði frá Cornell Háskóla í Bandaríkjunum og B.Ss. gráðu í bygginga- og umhverfisverkfræði frá Háskóla Íslands.

Undirnefndir: Nefndarmaður í áhættunefnd stjórnar.

Varamenn í stjórn eru tveir: Herdís Gunnarsdóttir og Pálmi Kristinsson, bæði frá apríl 2016.

Aðal- og varamenn stjórnar eiga ekki hlut í bankanum, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Aðal- og varamenn eru jafnframt óháðir bankanum og eiganda hans. Þeir hafa engin hagsmunatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins og eiganda bankans.

Óendurskoðaður viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing 2019

Árangurs- og hæfismat stjórnar

Starfsreglur stjórnar kveða á um skyldu stjórnar til að meta störf sín og einstakra stjórnarmanna, verklag og starfshætti eigi sjaldnar en árlega. Þessu mati er ætlað að bæta starfshætti og skilvirkni stjórnarinnar. Við árangursmat er lagt mat á styrkleika og veikleika í störfum stjórnar. Árangursmatið byggir m.a. á mati á nauðsynlegum fjölda stjórnarmanna og samsetningu stjórnar m.t.t hæfni og reynslu, verklags og starfshátta. Stjórn framkvæmdi þetta mat síðast í janúar 2020.

Stjórn leggur jafnframt árlega mat á sameiginlegt hæfi stjórnar og einstakra stjórnarmanna í samræmi við starfsreglur stjórnar og stefnu bankans um mat á hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna.

Bankastjóri

Bankastjóri ber ábyrgð á að rekstur og starfsemi bankans sé, á hverjum tíma, í samræmi við samþykktir bankans, samþykkta stefnu, fyrirmæli stjórnar og viðeigandi lög. Bankastjóri ræður framkvæmdastjóra yfir starfssvið bankans, regluvörð og skipar nefndarmenn í ráðgefandi nefndir bankastjóra.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri, (f. 1961) er með MBA gráðu frá Háskólanum í Edinborg og Cand. Oecon gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Birna hóf fyrst störf hjá forvera Íslandsbanka árið 1987 en var ráðinn bankastjóri Íslandsbanka hf. 15. október 2008. Hún hefur jafnframt starfað sem vörustjóri hjá Royal Bank of Scotland, markaðsstjóri Íslenska útvarpsfélagsins og Íslenskrar getspár. Birna er óháð bankanum, eiganda hans, og hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila né eiganda bankans.

Bankastjóri er ekki hluthafi í bankanum, hvorki beint né óbeint. Engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir milli bankans og bankastjóra.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn bankans samanstendur af sjö einstaklingum, að bankastjóra meðtöldum: Birna Einarsdóttir, bankastjóri frá október 2008, Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármála frá október 2011, Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri einstaklingssviðs frá maí 2017, Riaan Dreyer, framkvæmdastjóri upplýsingatækni frá september 2019, Guðmundur Kristinn Birgisson, framkvæmdastjóri áhættustýringar frá október 2018, Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabanka frá maí 2017, og Ásmundur Tryggvason, framkvæmdastjóri fyrirtækja og fjárfesta frá janúar 2019. Riaan Dreyer tók við af Sigríði Olgeirsdóttur sem gegndi stöðu framkvæmdastjóra rekstrar- og upplýsingatækni frá september 2010. Ásmundur tók við af Vilhelm Má Þorsteinssyni sem gegndi framangreindri stöðu frá maí 2017.

Ráðgefandi nefndir bankastjóra

Ráðgefandi nefndir bankastjóra skiptast í stefnumótunarnefndir, sem hafa með höndum innleiðingu á stefnu stjórnar, og viðskiptanefndir, sem taka afstöðu til einstakra viðskiptaerinda. Skipan nefndanna er ákveðin af bankastjóra og starfa þær samkvæmt erindisbréfi og starfsreglum settum af bankastjóra.

Framkvæmdastjórn og áhættustefnunefnd teljast til stefnumótunarnefnda og taka lykilákvarðanir er varða innleiðingu á þeirri stefnu sem mörkuð er af stjórn. Í þeim eiga sæti allir framkvæmdastjórar bankans auk annarra stjórnenda sem skipaðir eru af bankastjóra.

- Framkvæmdastjórn skal hafa yfirsýn og samhæfa lykilþætti í starfsemi Íslandsbanka. Framkvæmdastjórn fer með ákvörðunarvald í þeim málefnum bankans sem bankastjóri felur henni í samræmi við stefnu, markmið og áhættuvilja.
- Áhættustefnunefnd tekur lykilákvarðanir er varða innleiðingu á umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits og hefur eftirlit með því að áhættusnið bankans sé innan ramma yfirlýsingar stjórnar um áhættuvilja.

Viðskiptanefndir bankans taka afstöðu til einstakra viðskipta- eða rekstrarerinda í samræmi við stefnu, reglur og önnur mörk sem samþykkt hafa verið af stjórn, framkvæmdastjórn eða áhættustefnunefnd. Viðskiptanefndir bankans eru yfirlánanefnd, efnahagsnefnd, fjárfestingarráð og rekstrar- og öryggisnefnd.

- Yfirlánanefnd tekur afstöðu til erinda um lánamál og er formlegur vettvangur fyrir rýni og umræðu um einstök lánamál.
- Efnahagsnefnd tekur afstöðu til erinda varðandi markaðsáhættu, lausafjárstýringu, fjármögnun, eiginfjármál og innri og ytri verðlagningu.
- Fjárfestingarráð tekur afstöðu til erinda varðandi kaup, sölu og verðmat eignarhluta í félögum og öðrum fjárfestingum bankans.
- Rekstrar- og öryggisnefnd tekur afstöðu til erinda varðandi nýjar vörur og þjónustu, samfelldan rekstur og áhættusamar breytingar á kerfum og ferlum í bankanum.

Óendurskoðaður viðauki: Stjórnarháttayfirlýsing 2019

Tilhögun samskipta milli hluthafa og stjórnar

Stjórn á samskipti við hluthafa í samræmi við ákvæði viðeigandi laga, samþykkta bankans og starfsreglna stjórnarinnar. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum og ákvarðanatöku standa vörð um hagsmuni bankans í samræmi við lög, reglur, tilmæli og leiðbeiningar sem um starfsemina gilda á hverjum tíma.

Frá janúar 2016 er bankinn alfarið í eigu íslenska ríkisins. Bankasýsla ríkisins fer með eignarhlut ríkisins í samræmi við lög um Bankasýslu ríkisins nr. 88/2009. Hluthafafundir, sem fara með æðsta vald í málefnum bankans, eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf og samskipti við hluthafa. Í kjölfar birtra reikningsskila er haldinn fundur með fulltrúum Bankasýslu ríkisins og grein gerð fyrir afkomu bankans. Á milli löglega boðaðra hlutahafafunda sér stjórnarformaður bankans um samskipti við hluthafa fyrir hönd stjórnar.

Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Með ákvörðun nr. 49/2019 komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að bankinn hefði með ófullnægjandi upplýsingagjöf í stöðluðu eyðublaði með neytendaláni brotið gegn f., g., i. og l. liðum 4. mgr. 7. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán og beindi því til bankans að bæta upplýsingagjöf í þessu tilliti. Bankinn hlaut ekki sekt. Ákvörðunin hefur verið kærð af hálfu bankans. Upplýsingar um dómsmál tengd Íslandsbanka er að finna í skýringum með ársreikningi samstæðu bankans.

Þessi stjórnarháttayfirlýsing var samþykkt af stjórn Íslandsbanka þann 12. febrúar 2020.

Íslandsbanki hf. Hagasmára 3 201 Kópavogur Ísland Kt. 491008-0160